FRÉTTABLAÐIÐ

248. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 21. NÓVEMBER 2020

Þessir krakkar voru að deyja hér áður

Guðmundur Fylkisson hefur undanfarin sex ár leitað að týndum börnum. Hann hefur náð góðum árangri og byggt upp traust svo að þau hringja jafnvel í hann að fyrra bragði. Hann segir markmiðið og mælikvarðann alltaf hafa verið mannslífin. ➔ 24



Eldri hópurinn sem er í neyslu er búinn að læra það að ef þau hleypa þessum yngri inn þurfi þau að eiga við mig. Það vilja þau ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Módernísk klassík í Hlíðunum

Tinna Gilberts og fjölskylda búa í fallegri íbúð í Hlíðunum þar sem klassísk hönnun blandast bæði nýju og gömlu. ➔ 32



Lærði að leggja egóið til hliðar

Fingrafar Magnúsar Jóhanns er á meirihluta vinsællar popptónlistar síðustu ára en nú gefur hann út sína aðra sólóplötu. ➔ 28



Stríð og sálarfriður

Elín Bergljótar syngur nú ein eftir langt tónlistarsamband og gerir upp fortíðina og sjálfa sig á sinni fyrstu sólóplötu. ➔ 54





Yfirdeild MDE mun kveða upp dóm í Landsréttarmálinu 1. desember.

Hundruð dóma undir vegna Landsréttarmáls

DÓMSMÁL Ekki liggur fyrir með hvaða hætti farið verður með rúmlega þrjú hundruð dóma Landsréttar sem dæmdir voru af þeim fjórum dómurum sem Landsréttarmálið tekur til, fari svo að yfirdeild Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) staðfesti dóm réttarins frá mars 2019. Dómur verður kveðinn upp í yfirdeild dómsins 1. desember.

Þótt málaferli vegna skipunar dómaranna hafi farið strax af stað í kjölfar skipunarinnar tóku dómararnir fjórir fullan þátt í störfum dómsins frá skipun þeirra 1. janúar 2018 og þar til dómur MDE féll 13. mars 2019. Á umræddu tímabili kváðu dómararnir fjórir upp yfir 500 dóma og úrskurði. Í flestum tilvikum er um úrskurði að ræða en einkamálin sem þeir tóku þátt í að dæma voru 120.

» Óháð niðurstöðunni er viðeigandi að dómur yfirdeildar MDE falli á fullveldisdeginum, 1. desember.

Sakamálin sem umræddir fjórir dómarar dæmdu voru 85 talsins sem er rúmlega helmingur allra sakamála sem dæmd voru í Landsrétti árin 2018 og 2019 en þau voru 159 á umræddu tímabili.

Vegna óvissu um aðfarar- og fullnustuhæfi allra þessara dóma má gera ráð fyrir að einhverjir freisti þess að leita til Hæstaréttar og óski eftir því að dómum verði vísað aftur til Landsréttar til nýrrar meðferðar. Sú leið gæti þó reynst torsótt vegna áfrýjunarfrests sem þegar er liðinn. Þá gæti einhver fjöldi beiðna borist endurupptökunefnd en sakfellt var í 75 af þeim 85 sakamálum sem um ræðir og ljóst að þegar er búið að fullnægja fjölda þeirra dóma. **– aá**

Spyrnt við í Hörpu



Ríkisstjórnin kynnti í gær framhald ýmissa viðspyrnuaðgerða vegna COVID-19 í dag. Kynntar voru ýmsar aðgerðir sem eiga að styðja við fólk sem hefur annaðhvort misst vinnuna eða er í hlutastarfi, við rekstraraðila og viðkvæma hópa. Hækka á atvinnuleysisbætur og framlengja ýmis sérstök úrræði stjórnvalda. Nýr viðspyrnustyrkur fyrir rekstraraðila á að tryggja góða viðspyrnu þegar bóluefni kemur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Lögregla lýsir eftir Ævari

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lýsir eftir Ævari Annel Valgarðssyni og óskar eftir upplýsingum um ferðir hans.



Síðastliðinn sunnudag birti karlmaður myndband á Facebook sem sýnir Ævar verða fyrir líkamsárás. Myndband hefur einnig verið birt í fjölmiðlum sem sýnir sama mann munda skotvopn að viðmælanda í síma og hóta honum heimsókn. Maðurinn var úrskurðaður í tveggja vikna gæsluvarðhald í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, en hann var handtekinn ásamt öðrum manni í umfangsmiklum aðgerðum lögreglu í fyrradag.

Þeir sem geta gefið upplýsingar um ferðir Ævars, eða vita hvar hann er, eru beðnir um að hafa tafarlaust samband við lögreglu í síma 112. **– aá**



Óviðunandi aðstaða fyrir skólarúturnar

Aðstaða fyrir skólarútur til að koma með börn í sund á Akureyri er með öllu óviðunandi. Ítrekað verður tjón vegna bíla sem keyra á rúturnar. Framkvæmdastjóri rútufyrirtækisins segir að ekki sé gert ráð fyrir skólarútunum.

AKUREYRI „Það eru allir farnir að keyra börnin sín í skólann og einkabílarnir eiga helst að komast að skólahurðinni en skólabíllinn, sem ber ábyrgð á börnunum allan daginn, það er einhvern veginn alveg sama hvar hann á að stoppa. Sundlaugin er eiginlega síðasta vígið, aðrir staðir eru komnir í betra horf," segir Gunnar M. Guðmundsson, framkvæmdastjóri SBA Norðurleiðar.

Fyrirtækið sendi skipulagsráði Akureyrar bréf þar sem kom fram að aðstaða við sundlaug Akureyrar væri með öllu óviðunandi enda væri ekkert stæði fyrir skólabílinn sem stoppar fyrir utan sundlaugina á um hálftíma fresti.

Bílstjórar SBA Norðurleiðar þurfa að hleypa börnunum út við sundlaugina aftan við bílana sem lagt er þar í stæði og bíða eftir næsta hóp. Það getur valdið miklum pirringi hjá öðrum gestum sundlaugarinnar og hefur fyrirtækið orðið ítrekað fyrir tjóni þegar fólk bakkar úr stæðum.

„Það er fólk sem sest inn í bílinn og tekur kannski ekki eftir því að rúta sé komin fyrir aftan þau og setur í bakkgír og því fer sem fer," segir Gunnar og bætir við að tjónið sem verði sé töluvert.

Í bréfi fyrirtækisins til bæjaryfirvalda bendir Gunnar á að hægt sé að gera stæði sunnar á bílaplaninu og verði það málað og merkt þannig að bíllinn geti staðið þar milli ferða og hindri ekki að sundlaugargestir komist leiðar sinnar.

Gunnar segist vona að bærinn geri bragarbót á málinu en hann hefur áður bent á stæðaleysið fyrir rúturnar. „Ég vona nú að bærinn fari að gera eitthvað í þessu. Hvort sem það verður á þessu ári eða næsta mun koma í ljós. Því verða þeir að svara. Það er búið að væla um þetta í mörg ár og ekkert gerist en ég vona að eitthvað gerist núna. Það er og hefur verið mismikill áhugi á þessu máli en það er fyrst núna sem ég vona að eitthvað gerist," segir framkvæmdastjórinn.

benediktboas@frettabladid.is



Bílstjórar SBA Norðurleiðar þurfa að hleypa börnum út úr rútunum aftan við einkabílana sem lagt er í stæði við sundlaugina. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Sundlaug Akureyrar

Sundlaug Akureyrar er sannkölluð vatnaparadís fyrir alla fjölskylduna. Miklu var kostað til en framkvæmdir við laugina árið 2018 kostuðu um 400 milljónir. Þar er að finna tvær 25 metra útilaugar og 12,5 metra innilaug.

Í boði eru þrjár rennibrautir, Fossinn, Trektin og Flækjan, busllaug, þrír heitir útipottar og einn innipottur, eimbað og gufubað. Þá er aðgengi fyrir fatlaða mjög gott en ekkert bílastæði fyrir skólarútuna.

» Ég vona nú að bærinn fari að gera eitthvað í þessu.



Gunnar M. Guðmundsson, framkvæmdastjóri SBA Norðurleiðar

AF HVERJU STOPPA?

NÝR TOYOTA YARIS HYBRID



Yaris verð frá: 3.240.000 kr.
Yaris Hybrid verð frá: 3.770.000 kr.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is

3+4 ÁBYRGÐ · ÁRA ÁBYRGÐ · ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

TÖLUR VIKUNNAR 15.11.2020 TIL 21.11.2020

41,6
prósent Íslendinga telja sig trúuð.

60
prósent fyrirtækja og stofnana sem skulu hafa öðlast jafnlaunavottun fyrir áramót hafa lokið innleiðingu.

36
prósenta aukning er á notkun hljóðbóka frá því fyrir faraldur.

120
tonn af ýmsum óæskilegum úrgangi berast ár hvert í hreinsistöðvar í Reykjavík.

6,6
mánuðir var meðalbiðtími á biðlista á barna- og unglingageðdeild Landspítalans í október.

Þrjú í fréttum

Metnaður, langelstur og starfslok

Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins



segir að hann vilji leiða næstu ríkisstjórn eftir kosningarnar næsta haust. Þetta kom fram á streymisfundi hans í vikunni þar sem fólki gafst tækifæri á að senda Bjarna spurningar. „Að sjálfsögðu hef ég metnað til þess eftir kosningar að mynda ríkisstjórn og leiða hana, það er engin spurning," sagði Bjarni.

Bergrún Íris Sævarsdóttir
rithöfundur



hlaut Barna- og unglingabókmenntaverðlaun Vestnorræna ráðsins 2020 fyrir bókina Langelstur að eilífu. Þetta var tilkynnt í Norræna húsinu í Þórshöfn í vikunni. Verðlaunin eru veitt annað hvert ár þar sem dómnefndir í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi tilnefna hver sitt verk til verðlaunanna.

Erik Hamren
fótboltaþjálfari



stýrði sínum síðasta landsleik sem landsliðsþjálfari Íslands gegn Englandi á Wembley. Hann lætur af störfum um áramótin eftir rúm tvö ár í starfi sem þjálfari karlalandsliðsins í knattspyrnu. Íslenska liðið lék með sorgarbönd til að heiðra minningu Pers Hamrén, föður Eriks, sem lést á sunnudagskvöld.

Andsnúnir fiskeldi í firðinum

Íbúar á Seyðisfirði hafa hrundið af stað undirskriftasöfnun til að mótmæla áformuðu fiskeldi í firðinum. Mikil samstaða er sögð ríkja meðal íbúanna og sveitarstjóri segir að horft verði til sjónarmiða þeirra.

FISKELDI „Við viljum ekki gera fjörðinn okkar að verksmiðju," segir Þóra Bergný Guðmundsdóttir, íbúi á Seyðisfirði. Hún hefur ásamt fleiri íbúum hrundið af stað undirskriftasöfnun til að mótmæla laxeldi í Seyðisfirði.

Skipulagsstofnun auglýsti í byrjun vikunnar frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða um eldi í firðinum, en gert er ráð fyrir að ala þar tíu þúsund tonn af laxi. 6.500 tonn af frjóum laxi og 3.500 tonn af ófrjóum. Opið er fyrir umsagnir og athugasemdir um skýrsluna til 28. desember næstkomandi.

Þóra segir meirihluta Seyðfirðinga andsnúna eldi í firðinum og að vel hafi gengið að safna undirskriftum í fyrradag þegar gengið var í hús í bænum. „Það eru alltaf einhverjir sem vilja skoða málin betur eða eru ekki sammála en meirihlutinn tók vel í þetta og var ánægður með að við hefðum farið af stað með undirskriftasöfnunina," segir hún.

Þá segir Þóra að ekkert samráð hafi verið haft við bæjarbúa um eldi í firðinum og að unnið sé eftir óljósu regluverki. „Við sjáum þetta bara í fréttum en auðvitað er þetta búið að malla einhvers staðar í bæjarstjórn. Ekkert samráð hefur verið haft við bæjarbúa og við erum ekkert spurð," segir hún.

Bæjarbúar eru þá sagðir furða sig á því að Fiskeldi Austfjarða telji lög um skipulag haf- og strandsvæða sem sett voru sumarið 2018 ekki eiga við um eldið í Seyðisfirði þar sem lögin séu ekki afturvirk og áform um eldið hafi verið hafin áður en lögin tóku gildi. Upphafleg drög matsáætlunar voru send til Skipulagsstofnunar í júní 2014 og endanleg áætlun í febrúar 2017. „Þetta er bara eins og hver önnur þvæla, við vissum ekkert hvað þetta fyrirtæki var að bollaleggja hér á okkar eigin bæjarhlaði," segir Þóra.



Eldi er fyrirhugað í Selstaðavík, Sörlastaðavík, Skálanesbót og undir Háubökkum í Seyðisfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/SMK

> **Ekkert samráð hefur verið haft við bæjarbúa og við erum ekkert spurð.**
>
> Þóra Bergný Guðmundsdóttir



Undirskriftalistunum verður safnað saman um helgina og þeir svo sendir sem víðast að sögn Þóru. „Við munum senda þetta á sveitarstjórnina, Alþingi og á Fiskeldi Austfjarða. Við lýsum einbeittri andúð á þessu, bæði hvernig þetta var gert og hvað er í húfi."

Í frummatsskýrslunni kemur fram að áhrif eldisins á botndýralíf verði neikvæð á meðan á rekstri standi en séu afturkræf. Þá verði áhrif kvíanna á fjörðinn óveruleg en einnig afturkræf. „Þetta er langur, lygn fjörður og þó að eitthvert fyrirtæki segi að hann hreinsi sig og að áhrifin séu ekki langvinn þá er það ekkert tryggt," segir Þóra.

„Við höfum verið að byggja upp ferðaþjónustu hér í um 40 ár og erum orðin eftirsóttur ferðamannastaður. Við þurfum að halda áfram inn í nútímann en ekki fara aftur á bak í fiskeldi," bætir Þóra við.

Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings, segir mál íbúa Seyðisfjarðar ekki enn hafa komið til umfjöllunar í sveitarstjórn en að hann hafi heyrt af óánægju þeirra. „Ég hef heyrt af þessari undirskriftasöfnun og á von á að þetta mál eigi eftir að fá sína umfjöllun í fagnefndum og þar munu menn auðvitað horfa til sjónarmiða íbúa."

Aðspurður hvort samstaða ríki um málið í bænum segist hann ekki geta staðfest það. „Eflaust eru þarna skiptar skoðanir eins og er um öll mál en það er mjög eðlilegt að það séu skoðaðir allir fletir á svona málum," segir Björn.

birnadrofn@frettabladid.is



EFTIR KL. 21

KVÖLD-VAKTIN

1.590 KR.

MIÐSTÆRÐ AF MATSEÐLI OG 0,5 L GOS

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | 58 12345

Enginn skyldaður í skilnaðarráðgjöf

FÉLAGSMÁL Sífellt fleiri taka þátt í verkefni félagsmálaráðuneytisins Samvinna eftir skilnað eftir að því var hrundið af stað í byrjun árs. Í verkefninu fá foreldrar barna upp að 18 ára ráðgjöf í skilnaðarferlinu. Hafnarfjörður reið á vaðið í janúar. Í apríl tók Fljótsdalshérað þátt, sem var svo yfirfært til Múlaþings þegar fjögur sveitarfélög sameinuðust. Í haust ákvað Mosfellsbær að taka þátt.

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri hjá Hafnarfjarðarbæ, segir litla en góða reynslu komna á verkefnið. „Fjöldi umsókna hefur borist þar sem óskað hefur verið eftir skilnaðarráðgjöf og foreldrum hefur verið veittur aðgangur að rafrænum námskeiðum," segir hún.

Fjöldi umsókna hefur borist þar sem óskað hefur verið eftir skilnaðarráðgjöf og foreldrum hefur verið veittur aðgangur að rafrænum námskeiðum.



Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri

Foreldrum stendur til boða þriggja þátta rafrænt námskeið, sérhæfð ráðgjöf og hópanámskeið. Rannveig segir fáa hafa óskað eftir frekari ráðgjöf eftir að hafa tekið rafrænu námskeiðin. Verkefnið hefur verið kynnt fyrir prestunum í Hafnarfirði, starfsfólki grunnskólanna og leikskólanna.

Kvennaathvarfið varar við ráðgjafarskyldu. Hún hjálpi ofbeldismönnum að halda taki á þolendum.

Verkefnið er að danskri fyrirmynd og þar í landi er skilnaðarráðgjöf skylda fyrir foreldra barna undir 18 ára. Félagsráðgjafarnir Sigrún Júlíusdóttir og Gyða Hjartardóttir sem hófu verkefnið hafa sagt það vera markmið sitt líka. Kvennaathvarfið hefur hins vegar varað við því að gera skilnaðarráðgjöf að skyldu því að hún geti verið tæki ofbeldismanna til að halda lengur taki á fyrrverandi maka.

„Foreldrar sækja um að eigin frumkvæði og því er enginn þvingaður í ráðgjöfina," segir Rannveig. Fjöldi umsókna hafi nú borist en vegna hertra samkomutakmarkana þurfi starfsfólk fjölskyldu- og barnamálasviðs að vinna í fjarvinnu og því ekki þótt tímabært að auglýsa hópanámskeið. **– khg**



Landsréttur sýknaði mann í nauðgunarmáli

DÓMSMÁL Landsréttur sýknaði í gær karlmann á þrítugsaldri af ákæru fyrir nauðgun. Maðurinn var dæmdur í tveggja ára fangelsi í héraði árið 2018 fyrir að nauðga konu á menntaskólaaldri, en þau höfðu hist á skemmtistað í Reykjavík og hann boðist til að keyra hana heim.

Samkvæmt dómi héraðsdóms gat konan ekki komið vörnum við sökum ölvunar og var ákærði sakfelldur fyrir að hafa nýtt sér ástand hennar og komið vilja sínum fram.

Ákærði hélt því hins vegar fram að konan hefði verið vel áttuð og þau hefðu haft samræði með fullum vilja hennar.

Að virtum framburði ákærða, konunnar og vitna var talið ósannað að hún hefði verið ófær um að sporna við gjörðum hans, en fyrir lá að engin mæling hefði verið gerð á magni áfengis í blóði og þvagi konunnar. **– aá**



Flokkunartilraun næstu vikna mun ná til Árbæjar og Norðlingaholts.

Reykjavík fer í tilraunaverkefni með flokkun

REYKJAVÍK Reykjavíkurborg mun í næstu viku hefja tilraunaverkefni í flokkun úrgangs með því að safna gleri og málmum sér. Næstu sex vikur verður gleri og málmum safnað í grændunnur í Árbæ og Norðlingaholti.

Fram kemur til tilkynningu frá Reykjavíkurborg að hver íbúi á höfuðborgarsvæðinu hafi í fyrra hent tæpum níu kílóum af gleri og tæpum fjórum kílóum af málmi í ruslið.

Plasti og málmum verður skilað í móttökustöð Terra, fram kemur í svari fyrirtækisins að allt plast sé sent í endurvinnslu í Þýskalandi og málmum komið í endurvinnslu hér á landi. Glerinu verður skilað til Sorpu í Álfsnesi. Í svari Sorpu við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að glerið verði notað sem undirlag við vegaframkvæmdir, þá sé mjög gott að flokka það frá til að auðvelda endurvinnslu á öðru sorpi. **– ab**

Tenórinn mest fyrir barðinu á þaklekanum í Skálholtskirkju

Skriður virðist hafa komist á bráðabirgðaviðgerðir við Skálholtskirkju í haust eftir að vígslubiskupinn þar sendi kirkjuráði harðort bréf og kvartaði undan framkvæmdaleysi. Hann segir miklu muna að versti þaklekinn sé yfirstaðinn. Ljóst sé að skipta þurfi um þakklæðninguna alla með steinflísum frá Noregi.

TRÚFÉLÖG Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti, segir að betur horfi nú með nauðsynlegar framkvæmdir við Skálholtskirkju heldur en áður en hann sendi kirkjuráði bréf um málið í sumarlok.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær gagnrýndi Skálholtsbiskup kirkjuráð harðlega vegna skorts á framkvæmdum sem séu afar aðkallandi í Skálholti.

Kirkjuráð tók bréf Kristjáns fyrir í september og ítrekaði að ráðið stæði við fyrri samþykkt frá í apríl um að farið yrði í viðgerðir á þaki Skálholtskirkju, turni kirkjunnar og ytra byrði. Kristjáni fannst hins vegar lítið hafa orðið um framkvæmdir í framhaldinu.

„Það er nokkuð um liðið síðan ég sendi þann harða lestur á kirkjuráð. Það má alveg segja að það hafi ýmislegt komist á skrið í haust síðan erindið var fært til bókar og eitt og annað hefur þokast til betri vegar síðan þá," útskýrir Kristján. Til dæmis sé „þakpapparæma" nú komin yfir versta sárið á þakinu.

„Það er búið að stöðva þakleka og leka inn í kirkjuna til bráðabirgða en með nokkuð öruggum hætti. Það er mikill munur. Versti lekinn var þar sem tenórinn er í Skálholtskórnum og verður það mikill léttir að hefja aftur kóræfingar „á þurru" þegar það verður hægt fyrir jólin," lýsir Skálholtsbiskup stöðunni. Margt sé þó ógert.

„Einnig hefur verið unnið rösklega að undirbúningi að endurnýjun þaksins í samvinnu við Minjastofnun og er ljóst að skipta þarf um þakklæðninguna í heild með nýjum steinflísum frá Noregi. Í sömu áætlun verða gluggar í turni endurnýjaðir, gert verður við sprungur og kirkjan máluð að utan og innan," segir Kristján.



Bráðabirgðaviðgerðir á Skálholtskirkju í haust. MYND/KRISTJÁN BJÖRNSSON

Þetta sé stór áfangi sem vonandi verði hafist handa við á næsta ári og lokið fyrir 60 ára vígsluafmæli kirkjunnar 2023. Þetta sé allt byggt á fyrrnefndri ákvörðun kirkjuráðs.

Sömuleiðis segir Kristján að unnið hafi verið að þakviðgerð á Skálholtsskóla og rakaviðgerð sé lokið á herbergjum sem voru illa farin. Þá sé búið að ljúka byggingarnefndarferli vegna endurhönnunar á Gestastofunni nýju.

„Það er húsið þar sem áður bjó biskup og þar áður rektor lengi og þar sem Lýðháskólinn byrjaði starfsemi sína. Búið er að fá verktaka til að byrja á vinnu utanhúss og aðfyllingu," útskýrir biskup.

Vonandi gengur jafn vel með þessi verkefni sem öll varða menningarverðmæti og dýrmæti þessa þjóðarhelgidóms Íslendinga enda er hér saga okkar allra í ellefu hundruð ár.



Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti

Vonandi verði hægt að nota nýju Gestastofuna til að taka á móti ferðafólki í vor. „En húsið verður einnig notað sem þjónustuhús við kirkjulegar athafnir og aðstaða fyrir tónlistarfólk, sem og kaffihús og skrifstofur."

Bókasafn Skálholts er á hrakhólum. „Baráttumálið snýst um það að koma þessu dýrmæta bókasafni í sal á jarðhæð Gestastofunnar með sýningaraðstöðu og aðstöðu til að sinna því safni. Það er núna í háskalega slæmu húsnæði uppi í turni kirkjunnar og fáum aðgengilegt," segir Kristján.

Þá nefnir Skálholtsbiskup að kirkjuráð hafi kostað rafhleðslustöðvar og einnig ljósleiðara með Bláskógabyggð. Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju vinni að endurnýjun á kirkjuklukkunum. Margir hafi stutt endurgerð á listgluggum Gerðar Helgadóttur og altarismynd Nínu Tryggvadóttur.

„Vonandi gengur jafn vel með þessi verkefni sem öll varða menningarverðmæti og dýrmæti þessa þjóðarhelgidóms Íslendinga enda er hér saga okkar allra í ellefu hundruð ár." **gar@frettabladid.is**

Álag sagt allt of mikið á barnavernd Mosfellsbæjar

SAMFÉLAG Alls hafa 423 mál verið tilkynnt til barnaverndar Mosfellsbæjar það sem af er ári. Nefndin kynnti skýrslu sína fyrir Fjölskyldunefnd bæjarins í vikunni. Langflest málin komu í október eða 79, þar af tilkynnti lögreglan um 35 þeirra. Oftast er tilkynnt um vanrækslu, ofbeldi og áhættuhegðun.

Skýrslan nær til októbers og tilkynnir lögreglan um langflest málin eða 229. Foreldrar tilkynntu um 43 mál og grunnskólar um 32.

Í skýrslunni kemur fram að tilkynningar um heimilisofbeldi séu 72 það sem af er ári. „Erfitt er að segja til um hvort um sé að ræða einangrað tilvik eða hvort þessi fjöldi tilkynninga muni halda áfram. Eins og áður er ekki vitað hvort um aukningu vegna COVID sé að ræða," segir í skýrslunni. Bent er á að þrátt fyrir aukinn fjölda í október varðandi heimilisofbeldi nái það ekki þeim fjölda tilkynninga sem bárust í janúar á þessu ári.

Oftast er tilkynnt um vanrækslu, ofbeldi og áhættuhegðun.

Guðrún Marinósdóttir, stjórnandi barnaverndar, segir í sinni skýrslu að álagið sé gífurlegt á starfsmenn. Álagið sé mælt með svokallaðri málavog sem mæli vinnuálag en sé ekki mælikvarði á gæði vinnunnar. „Eftir þessar fjórar mælingar er ljóst að upp á hefur vantað í starfsmannafjölda í málaflokknum, samkvæmt málavoginni, til að álag á starfsmenn sé með þeim hætti sem málavog telur viðunandi. Alla fjóra mælingarmánuðina, sem spanna eitt ár, virðist sem á vanti á sviðið ef miðað er við niðurstöðu vogarinnar. Samræmist það tilfinningu starfsmanna þegar þeir eru spurðir. Í öllum fjórum mælingum segja flestir starfsmenn að allt of mikið sé að gera, sem er stig 5 af 5 í tilfinningu starfsmanns fyrir álagi samkvæmt málavoginni," skrifar Guðrún. **– bb**



Í skýrslunni kemur fram að fjöldi tilkynninga um heimilisofbeldi eru 72 það sem af er ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Hvernig geta aðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19 hjálpað þér?

Kynntu þér málið á Skatturinn.is

Í ljósi heimsfaraldurs kórónuveiru hafa stjórnvöld ákveðið ýmis úrræði til að mæta efnahagslegum áhrifum faraldursins. Úrræðin snúa bæði að einstaklingum og fyrirtækjum og Skatturinn sér um framkvæmd margra þeirra.

Dæmi um úrræði:

Einstaklingar

- Endurgreiðsla virðisaukaskatts
- Sérstakur barnabótaauki – var ákvarðaður við álagningu í lok maí 2020
- Úttekt séreignarsparnaðar

Atvinnurekstur

- Greiðsla hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti
- Lokunarstyrkir (vegna mars-maí)
- Lokunarstyrkir (frá 18. september – umsókn er í smíðum)
- Tekjufallsstyrkur (umsókn er í smíðum)
- Frestun á greiðslu álagðs tekjuskatts lögaðila 2020
- Heimild til niðurfellingar álags á virðisaukaskatt
- Gistináttaskattur felldur niður tímabundið
- Lækkun sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki (bankaskatts)
- Frestun gjalddaga staðgreiðslu og tryggingagjalds
- Tollafgreiðslugjald fellur niður tímabundið

Leitaðu nánari upplýsinga á *Skatturinn.is*, í þjónustusíma 442 1414 eða með tölvupósti til *covid@skatturinn.is*

Skatturinn

skatturinn@skatturinn.is

442 1000

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

Írland verður að Íslandi í stórmynd

Tökur á nýrri stórmynd sem gerist á Íslandi standa nú yfir en á Írlandi. Ástæðan er sú að kvikmyndaiðnaðurinn á Íslandi er ekki samkeppnishæfur um þessar mundir. Ef stjórnvöld bæta úr því gætu milljarða fjárfestingar í greininni verið handan við hornið.



Grænar grundir Írlands munu túlka íslenska náttúru í víkingastórmynd þar sem sögusviðið er að stærstum hluta Ísland. MYND/PIXABAY

KVIKMYNDIR Tökur standa yfir á víkingastórmyndinni The Northman sem byggð er á handriti leikstjórans Roberts Eggers og Sjóns. Sögusvið myndarinnar er Ísland á 10. öld og er um að ræða blóðuga hefndarsögu. Það vekur hins vegar nokkra athygli að þrátt fyrir að stærstu hluti sögunnar gerist á Íslandi verður myndin tekin upp á Írlandi. Að sögn þeirra sem til þekkja er ástæðan fyrst og fremst sú að Íslendingar eru að verða undir í alþjóðlegri samkeppni um stór kvikmyndaverkefni út af lágri endurgreiðslu íslenskra stjórnvalda til kvikmyndaframleiðenda.

Leifur B. Dagfinnsson, einn eigenda kvikmyndaframleiðslufyrirtækisins Truenorth, segir að vissulega svíði það að Írland muni bregða sér í hlutverk Íslands í hinni væntanlegu stórmynd. Það sem svíði þó mest sé að mörg stór verkefni hafi runnið Íslandi úr greipum undanfarið og að stjórnvaldi hafi ekki gert nauðsynlegar breytingar til þess að tryggja samkeppnishæfni landsins.

Ekki fyrsta verkefnið

„Þetta er ekki fyrsta slíka verkefnið sem við missum af. Nærtækt dæmi er til dæmis Eurovision-mynd Netflix en um fimm prósent þess verkefnis voru tekin upp hérlendis. Við hefðum auðveldlega getað tekið nánast alla myndina upp hér ef við værum samkeppnishæf með endurgreiðsluna."

Í dag er endurgreiðsla vegna kvikmyndaverkefna hérlendis 25 prósent en til samanburðar býður Írland upp á 32 til 37 prósenta endurgreiðslu, eftir því hvar á landinu myndin er tekin upp. Endurgreiðslan er hærri ef tekið er upp í tilteknum sýslum Írlands sem þurfa meira á umsvifunum að halda.

Að sögn Leifs er það þó ekki aðeins hærri endurgreiðsla sem þörf er á heldur þarf einnig að ráðast í fjárfestingar á almennilegu kvikmyndaveri. Þetta tvennt haldist þó í hendur.

„Framleiðendur mynda vilja helst reyna að klára sem mest á sama stað, sérstaklega á tímum COVID-19. Við höfum þekkingu starfsfólks og ótrúlega fjölbreytta tökustaði í íslenskri náttúru. Að því gefnu að endurgreiðslan verði hækkuð þá vantar okkur aðeins fjölnota kvikmyndaver með stúdíóum í nokkrum stærðum. Aðstaða RVK Studios í Gufunesi er góð en þar er bara einn stór geimur í boði sem takmarkar aðeins möguleikana," segir Leifur.

Mikill áhugi fjárfesta á þátttöku

Hann segir að mikill áhugi sé meðal fjárfesta á þátttöku í slíku verkefni og að hugmyndavinna hafi staðið yfir um nokkurt skeið. Forsendurnar fyrir slíku verkefni séu hins vegar ekki til staðar nema að endurgreiðslan verði hækkuð. „Það er setið um tíma í kvikmyndaverum um allan heim og við einfaldlega vitum að aðstæður á Íslandi fyrir slíka starfsemi eru einstakar. Þrátt fyrir sömu endurgreiðslu og til dæmis á Írlandi þá yrði dýrara að taka upp hér. Aðrir kostir eru þó það miklir að þeir vega það upp," segir Leifur.

Nefnir hann sem dæmi að á Írlandi hafi verið farin afar áhugaverð leið til þess að tryggja að annað risaverkefni yrði tekið upp þar í landi, sjónvarpsþættirnir The Foundation fyrir Apple TV+. „Þar var farin sú leið að fá framleiðendurna í lið með sér til að byggja heilt kvikmyndaver nærri borginni Limerick á Vestur-Írlandi. Þættirnir verða því teknir upp þar og framhaldsseríur en síðan mun kvikmyndaverið þjóna margvíslegum verkefnum í framtíðinni," segir Leifur.

Hann segist eiga bágt með að skilja tregðu íslenskra stjórnvalda til þess að bregðast við og gera íslenskum kvikmyndaiðnaði kleift að verða samkeppnishæfur við iðnað annarra landa.

Geta slegið þrjár flugur

„Nokkur af þeim vandamálum sem stjórnvöld glíma við er atvinnuleysið og verkefnaleysi íslenskrar ferðaþjónustu en á sama tíma eru stjórnvöld að dæla peningum í markaðsstarf fyrir Ísland. Með því að hækka endurgreiðslu til kvikmyndaverkefna eru þrjár flugur slegnar í einu höggi. Hundruð fá atvinnu, hótel, veitingastaðir og bílaleigur fá viðskipti og staðreyndin er sú að meirihluti ferðamanna kaupir sér ferðir út af innblæstri sem það fær í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Mér skilst til dæmis að markaðsleg áhrif Eurovison-myndar Netflix fyrir Húsavík hafi verið metin á fimm milljarða. Endurgreiðsla ríkisins var 135 milljónir króna," segir Leifur.

Það sé síðan rúsínan í pylsuendanum að hækkun endurgreiðslunnar kosti ekkert fyrr en verkefnin séu afstaðin. „Ríkið þarf augljóslega aðeins að endurgreiða upphæðirnar ef við náum að tryggja tökur á verkefnum hér heima. Þegar kemur að skuldadögum ríkisins þá er fjármagnið búið að renna í gegnum íslenskt hagkerfi og vökva það og næra." **bjornth@frettabladid.is**

Björk, Sjón og stjarna í skákþáttum Netflix

Leikstjóri The Northman er bandaríski leikstjórinn Robert Eggers. Hann hefur slegið í gegn á undanförnum árum með kvikmyndunum The Witch og The Lighthouse sem hafa skipað honum í hóp mest spennandi kvikmyndaleikstjóra samtímans.

Eggers leikstýrir ekki aðeins The Northmen heldur skrifar hann einnig handrit myndarinnar ásamt rithöfundinum Sjón. Sjón var gestur Lestarinnar á Rás 1 á dögunum þar sem hann sagði frá tilkomu samstarfsins við Eggers.

Þannig vildi til að leikstjórinn skellti sér í ferðalag til Íslands fyrir nokkrum árum ásamt konu sinni. Eggers á sameiginlega vini með Björk okkar Guðmundsdóttur og þeir hvöttu hann til að heyra í þjóðargerseminni þegar hann væri á landinu. Eggers taldi hugmyndina fyrst fráleita en lét þó verða af því og skyndilega var hann mættur í kvöldverðarboð til Bjarkar.

Þangað mætti einnig Sjón ásamt eiginkonu sinni og á meðan hópurinn snæddi íslenskan lax, matreiddan af Björk, mynduðust kynni sem leiddu af sér víkingastórmyndina The Northman.

Magnaður hópur leikara fer með hlutverk í myndinni. Helstu hlutverk eru í höndum stórstjarnanna Alexanders Skårsgaard, Nicole Kidman, Willems Dafoe og Ethans Hawke.

Að auki hefur komið fram að Björk Guðmundsdóttir muni snúa aftur á hvíta tjaldið og fara með hlutverk nornar í myndinni. Þá mun dóttir Bjarkar, Ísidóra Bjarkardóttir Barney, fara með lítið hlutverk sem og stórleikarinn Ingvar E. Sigurðsson.

Önnur athyglisverð leikkona sem fer með stórt hlutverk í myndinni er Anya Taylor-Joy sem sló nýlega í gegn sem Beth Harmon í Netflix-þáttaröðinni The Queen's Gambit sem tryllt hefur heimsbyggðina undanfarnar vikur. Því fer þó fjarri að framleiðendur myndarinnar hafi bara haft heppnina með sér þegar að Taylor-Joy fékk hlutverkið því leikkonan er í miklum metum hjá leikstjóranum Eggers og lék meðal annars eitt af aðalhlutverkunum í áðurnefndri mynd hans, The Witch, árið 2015.



Anya Taylor-Joy er í miklum metum hjá Robert Eggers. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Með því að hækka endurgreiðslu til kvikmyndaverkefna eru þrjár flugur slegnar í einu höggi. Hundruð fá atvinnu, hótel, veitingastaðir og bílaleigur fá viðskipti og staðreyndin er sú að meirihluti ferðamanna kaupir sér ferðir út af innblæstri sem það fær í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Leifur Friðfinnsson, einn eigenda Truenorth



KRÓNAN

Gerðu pitt eigið

Jóla HLAÐBORÐ

Matseðill

Fyrir 8 manns

Karrýsíld, 255 g	**399** kr. stk.
Marineruð síld, 255 g	**399** kr. stk.
Rúgbrauð, 270 g	**239** kr. pk.
Grafinn lax sneiddur, 200 g	**1099** kr. pk.
Graflaxsósa, 190 ml	**319** kr. stk.
Jólapate innbakað, 200 g	**1199** kr. stk.
Jarðarberjasósa, 100 g	**849** kr. stk.
Reykt andabringa, 230 g	**2599** kr. stk.
Rauðlaukssulta, 180 g	**899** kr. stk.
Hamb.hryggur sneiðar, 500 g	**1499** kr. pk.
Waldorf salat, 500 g	**1090** kr. pk.
Heimagert rauðkál, 250 g	**599** kr. pk.
Kalkúnabringa elduð, 500 g	**2700** kr. stk.
Kalkúnasósa m. salvíu, 500 g	**1399** kr. stk.
Heit purusteik, 400 g	**1998** kr. stk.
Rauðvínssósa, 500 ml	**1399** kr. stk.
Lifrarkæfa m. beikoni, 370 g	**1359** kr. stk.
Lúxus laufabrauð, 130 g	**1159** kr. pk.

Nánar á **kronan.is/jolahladbord**

Allt þetta fyrir

2650*

kr. á mann

*Miðað við eitt stykki/pakka af hverju. 500 g af hamborgarhrygg, 400 g af purusteik og 500 g af kalkúnabringu.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.





Minjastofnun Íslands úthlutar styrkjum úr Fornminjasjóði.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum, sbr. reglur nr. 578/2014. Úthlutað er styrkjum til eftirfarandi verkefna:

- Rannsókna á fornminjum (fornleifum og forngripum)
- Miðlunar upplýsinga um fornminjar
- Varðveislu og viðhalds fornminja

Sjóðnum er jafnframt heimilt að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, t.d. minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja. Umsóknir eru metnar með tilliti til vísindalegs og menningarsögulegs gildis og þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið í minjavernd, ásamt gildi þeirra fyrir varðveislu þjóðararfleifðarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar 2021. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu unnin í samræmi við lög nr. 80/2012 og reglur stofnunarinnar og í samræmi við innsend umsóknargögn.

Minjastofnun Íslands
Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
fornminjasjodur@minjastofnun.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut



Landsvirkjun segir rangt að Norðurál hafi ekki skoðað aðrar leiðir til að kaupa rafmagn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Landsvirkjun hafnar málflutningi Norðuráls

Þrír starfsmenn Landsvirkjunar sem komu að samningaviðræðum við Norðurál árið 2016, segja viðræðurnar meðal annars hafa snúið að möguleika þess að álframleiðandinn færði orkuviðskipti sín annað að hluta eða öllu leyti.

STÓRIÐJA Norðurál hafði augljósa möguleika á að kaupa rafmagn af öðrum en Landsvirkjun þegar komið var að því að endurnýja raforkusamning fyrirtækisins árið 2016. Landsvirkjun þurfti að auka raforkuframleiðslu sína vegna endurnýjaðs samnings Norðuráls og álframleiðandanum var það fullljóst.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá þremur starfsmönnum Landsvirkjunar sem komu að samningaviðræðum við Norðurál árið 2016. Starfsmennirnir sem um ræðir eru Ríkarður S. Ríkarðsson, framkvæmdastjóri hjá Landsvirkjun, Edvard G. Guðnason, sérfræðingur hjá Landsvirkjun og Þórólfur Nielsen, forstöðumaður hjá Landsvirkjun.

Sólveig Bergmann, sem stýrir samskiptasviði Norðuráls, sagði í Fréttablaðinu á fimmtudag að rangt væri að Landsvirkjun hafi boðið ódýrara rafmagn en önnur orkufyrirtæki þegar kom að því að framlengja raforkusamning félagsins árið 2016, en því hafði Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, haldið fram í útvarpsviðtali nokkrum dögum áður. „Í þeim samningi var engin breyting á magni raforku sem Norðurál kaupir af Landsvirkjun. Norðurál tók þátt í þeim samningaviðræðum af heilindum og var aldrei í viðræðum við aðra orkusala um þau kaup. Það var því engin samkeppni um verð," sagði Sólveig.

> **Fleiri en einn möguleiki var og er til raforkukaupa á íslenskum raforkumarkaði.**

Í yfirlýsingu þremenninganna segir að hluti samningaviðræðnanna hafi meðal annars snúist um að Norðurál gæti hætt að kaupa rafmagn af Landsvirkjun að hluta eða öllu leyti, með ákveðnum fyrirvörum, ef fyrirtækið kysi frekar að færa viðskipti sín annað: „Þetta var til umræðu af þeirri augljósu ástæðu að fleiri en einn möguleiki var og er til raforkukaupa á íslenskum raforkumarkaði. Báðum aðilum var þá einnig ljóst að til að Landsvirkjun gæti uppfyllt umrædda skuldbindingu til raforkuafhendingar þyrfti fyrirtækið á næstu misserum að auka vinnslu í raforkukerfi sínu."

Þremenningarnir benda einnig á að Norðurál hafi frá upphafi keypt raforku af öðrum en Landsvirkjun og meirihluti orkukaupa fyrirtækisins í dag sé af öðrum framleiðendum en Landsvirkjun: „Meirihluti orkukaupa Norðuráls í dag er beint frá ON og HS Orku. Um áramótin 2018-2019 hóf Landsvirkjun að selja Norðuráli raforku úr eigin vinnslukerfi, sem Landsvirkjun hafði áður keypt af Orku náttúrunnar og selt áfram til Norðuráls. Í nóvember 2019 hóf Landsvirkjun sömuleiðis að selja Norðuráli raforku úr eigin vinnslukerfi sem Landsvirkjun hafði áður keypt af HS Orku og selt áfram til Norðuráls," segir í yfirlýsingunni. Þar kemur einnig fram að Norðuráli hafi verið vel kunnugt um þetta fyrirkomulag og hefði getað samið við ON eða HS Orku um kaup á lausri orku þeirra við framlengingu samningsins.

„Norðurál virðist ekki hafa haft áhuga á því en sótt mikið í viðbótarkaup af Landsvirkjun síðan þrátt fyrir augljósa möguleika Norðuráls á að fara aðrar leiðir," segja þremenningarnir. **– thg**

Brýnt að meta umhverfisáhrif lúsalyfja

FISKELDI Í haust heimilaði Matvælastofnun (MAST) lúsameðhöndlun eldisfisks í Arnarfirði og í Dýrafirði. MAST hefur til meðferðar tvær umsóknir um eitranir í Tálknafirði. Forsvarsmenn umhverfissamtaka og Landssambands veiðifélaga hafa lýst yfir áhyggjum sínum af notkun lúsalyfs og skordýraeiturs í sjókvíaeldi og telja skorta áhættumat á áhrifum þess á vistkerfi við sjókvíarnar sem og villtan lax í kringum eldissvæðin. Notkun Deltamethrin er mjög umdeild en það er eitt mest notaða skordýraeitur í heiminum.

Sjávarútvegsráðuneytið birti í vor drög að breyttri reglugerð um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum. Í reglugerðinni var lagt til að leyfa allt að 6 til 15 sinnum meira lúsasmit í sjókvíum hérlendis en heimilt er í Noregi.

Jón Kaldal, talsmaður umhverfissjóðsins Icelandic Wildlife Fund, telur brýnt að ráðherra setji skýrar reglur um rekstur og umgjörð fiskeldisstöðva. Þá þurfi að meta heildaráhrif lúsalyfja á umhverfið og vistkerfið. „Staðreyndin er sú að MAST hefur á hverju ári frá 2017 gefið út leyfi fyrir notkun skordýraeiturs eða lyfja til að meðhöndla lúsasmitaðan eldislax í sjókvíum á Vestfjörðum. Þetta er grafalvarleg staða," segir Jón.

> **Lúsin étur ekki bara eldisdýrin lifandi heldur streymir úr sjókvíunum og strádrepur ungviði villta laxins.**
>
> Jón Kaldal



„Þegar lúsin stingur sér niður í kvíarnar fjölgar hún sér gríðarlega hratt og getur á skömmum tíma orðið óviðráðanleg. Lúsin étur ekki bara eldisdýrin lifandi heldur streymir úr sjókvíunum og strádrepur ungviði villta laxins og urriðann," segir Jón enn fremur.

Gísli Jónsson, sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá MAST, segir notkun lyfsins Deltamethrin hafa verið litla hér á landi undanfarin ár. „Þess ber fyrst að geta að meðhöndlun með Deltamethrin gegn laxalús hefur verið afar takmörkuð hér við land á liðnum árum. Frá því að fyrsta heimilaða meðhöndlunin fór fram sumarið 2017 hafa einungis ein til tvær staðbundnar baðanir farið fram á Vestfjörðum," segir Gísli.

„Sem dæmi má nefna að styrkur baðlyfja sem gefin eru í sérstök meðhöndlunarböð er mestur þegar lyfin komast í snertingu við lúsasmitaðan fisk. Virkni lyfjanna minnkar svo hratt með tímanum, á mínútum og klukkustundum, þegar þau brotna niður auk þess sem þynning efnanna þegar baðmeðhöndlun er lokið og lausnin fer í sjóinn er svo mikil að skaðleg áhrif á lífverur í vistkerfinu eru takmörkuð." **– hó**

Kodiaq

Fjórhjóladrifinn og fæst sjö sæta

ŠKODA

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

Þægindi, tækni og hönnun

Skoda Kodiaq er sneisafullur af staðalbúnaði og hefur slegið rækilega í gegn fyrir aksturseiginleika, tækni og snjalla hönnun. Njóttu þess að ferðast um landið á fjórhjóladrifnum Kodiaq sem hægt er að fá með sjö sætum og endurnýjaðu tengslin við það mikilvægasta í lífinu. Komdu í reynsluakstur og finndu hvað gerir Kodiaq að afburðargóðum kosti. Hlökkum til að sjá þig.

Forbókaðu reynsluakstur á www.hekla.is/reynsluakstur

Škoda Kodiaq 4x4

2.0 / Dísil / Sjálfskiptur

Verð frá 6.690.000 kr.

Sending væntanleg í desember!
Pantaðu þinn núna á www.hekla.is/skodasalur

Staðalbúnaður

- Bakkmyndavél
- Stöðugleikastýring
- Hraðastillir
- Rafmagnsopnun á afturhlera
- Nálgunarvarar
- LED ljósabúnaður
- 8 hátalarar og fleira.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Skoðaðu úrvalið!
www.hekla.is/skodasalur

Við biðjum gesti að aðstoða okkur í að gæta sóttvarnareglna og virða 2 metra bilið á milli gesta.

www.skoda.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



Armenskur íbúi pakkar saman eigum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Þúsundir íbúa færa sig um set

ASERBAÍSJAN Herlið Asera hefur nú tekið yfir stóran hluta fjallahéraðsins Nagornó-Karabak í kjölfar friðarsamninganna við Armena. Í héraðinu sem var áður undir stjórn Armena hafa þúsundir íbúa af armensku bergi brotnir ákveðið að yfirgefa héraðið. Héraðið verður afhent Aserbaísjan í áföngum fram að mánaðamótum. Rússneskir friðargæsluliðar eru á svæðinu.

» Þúsundir Asera búa sig undir að flytja inn í héraðið Nagornó-Karabak, sem Armenar yfirgefa í kjölfar friðarsamninga.

Á sama tíma og Armenar eru á leið burt, búa þúsundir Asera sig undir að flytja inn í héraðið.

Samkvæmt Reuters er talið að fjögur þúsund manns hafi fallið í átökunum sem hófust í lok september. – ab

Beitir sér gegn vottun úrslita

Þar sem dómstólaleiðin hefur reynst ókleifur múr fyrir fráfarandi Bandaríkjaforseta, beinir hann kröftum sínum í að fá embættismenn Repúblikana í fylkjum til að neita að votta úrslitin og senda eigin kjörmenn.

BANDARÍKIN Endurtalningu atkvæða í Georgíufylki lauk í gær og staðfestu þau úrslit sem allir helstu fjölmiðlar Bandaríkjanna höfðu þegar tilkynnt. Að Joe Biden væri sigurvegari fylkisins og hlyti alla 16 kjörmennina. Brad Raffensberger, innanríkisráðherra Georgíu, tilkynnti í kjölfarið að úrslitin yrðu vottuð.

Donald Trump, fráfarandi forseti, heldur áfram baráttu sinni til að reyna að stöðva staðfestingu forsetakosninganna. Eftir því sem málsóknum hans er vísað frá einni af annarri fjarlægist sá möguleiki með hverjum deginum. Í gær var þremur málsóknum í lykilfylkjum vísað frá vegna ónógra sönnunargagna.

Þar sem dómstólaleiðin virðist ókleifur múr hefur Trump í vikunni beint sjónum sínum að vottun fylkjanna, sem detta inn ein af annarri. Vottun hefur hingað til aðeins verið formlegt ferli, en Trump hefur reynt að hafa áhrif á það og snúa embættismönnum til að fara gegn kosningaúrslitunum og senda eigin kjörmenn til að kjósa forseta.

Á þriðjudag varð uppi fótur og fit þegar tveir fulltrúar Repúblikana í Michigan neituðu að votta atkvæði frá Waynesýslu, það er Detroitborg, þar sem Biden vann yfirburðasigur. Hefði það gjörbreytt stöðunni í Michigan ef stærsta borgin og höfuðvígi Demókrata hefði verið svipt atkvæðum sínum. Fulltrúarnir drógu synjun sína til baka eftir tvo klukkutíma eftir hörð viðbrögð. Var hátterni þeirra talið bæði ólýðræðislegt og uppfullt af kynþáttafordómum. Eftir þessa uppákomu hafa fulltrúarnir tveir fundað með Trump og hafa reynt að draga staðfestingu sína til baka.



Trump sést hvergi nema á golfvellinum þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Af þeim baráttufylkjum sem Trump er að reyna að snúa, er Georgía fyrst til að votta úrslitin. Áður hafa þrettán önnur fylki vottað, þar á meðal Flórída, Virginía, og Massachusetts. Allt til 11. desember votta fylkin sínar niðurstöður eitt af öðru og kjörmennirnir kjósa forseta þann 14. desember.

Eftir því sem baráttufylkin votta sín úrslit verður múrinn sífellt hærri fyrir Trump og teymi hans af lögfræðingum. Mánudagurinn næstkomandi, 23. nóvember, er lykildagsetning því þá votta bæði Pennsylvanía og Michigan sín úrslit. Ef þeir kjörmenn eru lagðir saman við örugga kjörmenn Demókrata er Biden þá kominn yfir 270 kjörmanna múrinn. Barátta gegn vottun í Wisconsin, Arizóna og Nevada verður því tilgangslaus.

Þó að úrslit kosninganna séu flestum ljós nema Trump og hans dyggasta stuðningsfólki, hefur stjórnarskiptateymi Joes Biden ekki fengið það fjármagn og þann aðgang að upplýsingum sem til þarf til að stjórnarskiptin gangi smurt fyrir sig og hin nýja stjórn verði betur í stakk búin til að takast á við faraldurinn strax í janúar.

Þetta veltur á stoðþjónustu Bandaríkjanna, GSA, en Emily Murphy forstjóri hennar hefur haft sig hæga, að eigin sögn „þar til úrslitin verða ljós.“ Vottun í Georgíu, Michigan og Pennsylvaníu gæti fengið hana til að skipta um skoðun og afhenda fjármagnið strax á mánudag.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Lykildagar vottunar

20. nóvember - Georgía
23. nóvember - Pennsylvanía, Michigan
30. nóvember - Arizóna
1. desember - Wisconsin, Nevada



HONDA

CR-V HYBRID

Betur útbúinn Honda CR-V á vetrartilboði.



Nánari upplýsingar um 5 ára ábyrgð Honda er á honda.is/abyrgd

5 ÁRA ÁBYRGÐ
HONDA Á ÍSLANDI

Tryggðu þér Honda CR-V á frábæru vetrartilboði.

Ásamt veglegum vetrarpakka sem inniheldur

- Vetrardekk
- Lakkvörn
- Skottmottu
- Hlíf á stuðara
- Hlífar í hurðarföls

CR-V Hybrid Lifestyle 2WD vetrartilboð

6.990.000 kr.

Þú sparar 519.000 kr.

Komdu í heimsókn í sýningarsal Honda á Krókhálsi 13 eða umboðsmönnum um land allt. Við hlökkum til að sjá þig.

ASKJA · Krókhálsi 11 - 13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Honda á Íslandi.

Umboðsmenn um land allt:
K.Steinarsson, Bílasala Austurlands, Bílver, Bílasala Selfoss, Bragginn, Höldur

Fylgdu okkur á Fagebook.
facebook.com/hondaisland

RISA

TAX FREE DAGAR

19.-26. nóvember

Taxfree* af snyrtivörum, leikföngum, bókum, skóm, heimilisvörum og fatnaði

***Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.**

Þú færð leikföngin á Hagkaup.is

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

Kæru viðskiptavinir

Hjálpumst að og dreifum álaginu á Taxfree dögum

- **Fleiri dagar - 8 dagar frá 19.-26. nóvember**
- **Lengri opnun í Kringlu og Smáralind**
- **Lengri opnun í snyrtivörudeildum**
- **Pantaðu leikföngin á hagkaup.is**

Kringla og Smáralind

Ath. lengri opnun

10:00 – 21:00 virka daga

Opið til 18:00 um helgar

Skeifa og Garðabær

Opið allan sólarhringinn

Opið í snyrtivörudeild til kl. 22:00

Akureyri – Spöng – Eiðistorg

Opið til miðnættis

Opið í snyrtivörudeild til kl. 22:00



Munum grímuskyldu og tveggja metra regluna

HAGKAUP

Mjótt ljós



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Það er óþarft að rekja þær raunir sem heimsbyggðin hefur gengið í gegnum vegna faraldursins sem farið hefur yfir lönd og álfur undanfarna mánuði og svíður allt sem okkur er kært – afkomu, samskipti og mannlega nánd. Öllu hefur verið snúið út á rönguna og daglegt líf er vart svipur hjá sjón.

Í upphafi vonuðu allir að ástandið yrði skammvinnt en það reyndist öðru nær.

Um heiminn hafa á áttunda milljarð manna verið lagðar meiri hörmungar en nokkurn óraði fyrir. Þó ýmsir sjái sitthvað fyrir – og þá aðallega eftir á, gat enginn búist við því að píslin sem þessi veira er gæti valdið þeim hamförum sem raunin er. Mestu hamfarirnar eru þó af þeim viðbrögðum sem gripið var til.

Rétt er að rifja upp að eftir því sem helst hermir er uppsprettan sérkennilegur matarsmekkur í fjarlægu landi. Og ekki í fyrsta sinn sem faraldur harðdrægra farsótta á sér svipaðan uppruna.

Það er fullkomlega óþolandi að tilvist jarðarbúa sé sett í uppnám fyrir mataræði hlutfallslega fremur fámenns hóps. Þó eru af því fréttir að fátt hafi breyst í átthögum faraldursins. Þar séu sóttkveikjur á boðstólum eins og áður. Vonandi reynast þær orðum auknar.

Allt að einu hefur nú kviknað ljós, vonum fyrr. Nú bendir til að nýtt bóluefni standist ítrustu kröfur og verði framleitt í ótölulegu magni svo bólusetja megi alla heimsbyggðina. Margir varpa öndinni léttar.

Sú atlaga að andlegri heilsu fólks, með skelfingu, sífelldum fréttum af talnaefni ýmiss konar og brýningu um hversu hættulegt sé að vera til um þessar mundir, hefur unnið á andlegu jafnvægi okkar. Tíminn mun leiða í ljós hvort innstæða var fyrir öllu því.

Við þessar aðstæður veldur það kvíða og enn auknu óöryggi að ekki liggi fyrir hvernig staðið verður að bólusetningu. Hverjir verða í forgangi, hvernig bólusetning mun fara fram, hversu langan tíma hún mun taka og hvort nægt bóluefni verði til. Þetta eru atriði sem knýjandi þörf er á að fáist svör við.

Alþekkt er að bólusetning dugar ekki þeim sem tekið hafa sótt, af hvaða sort sem hún er. Viðbúið er því að sóttvarnir verði í gildi á meðan ásættanlegu hlutfalli bólusettra verður náð.

Það er því áríðandi að fram komi upplýsingar um hvert mat sóttvarnayfirvalda er á því hversu lengi við þurfum að búa við takmarkanir þó bólusetning sé hafin.

Hvernig sem allt hvolfist og fer eygir nú mannkyn langt og mjótt ljós sem vonir allra standa til að geti lýst okkur leiðina út úr hörmungum faraldursins. Dag einn verður sem tjöld séu dregin frá og daglegt líf verður samt á ný. Það verður dýrlegur dagur.

Faraldurinn mun þó skilja eftir sig varanleg ummerki. Traust á ferðalögum, þátttöku í fjölmenni og almennt samneyti fólks hefur beðið hnekki, að minnsta kosti um hríð. Sennilega verðum við tortryggnari og varari um okkur. Handabandið og faðmlagið er líklega enn lengra undan. En langvinnust verða hin efnahagslegu áhrif.

Við verðum lengi að bíta úr nálinni með þau.

Allt að einu hefur nú kviknað ljós, vonum fyrr.



Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Tinni og sértrúarsöfnuðurinn

Síðasta vor mætti Michael Gove, breskur ráðherra, í venjubundið sjónvarpsviðtal. Vegna COVID-takmarkana var viðtalið tekið í gegnum fjarfundabúnað og sat Gove heima í stofu. Nú, hálfu ári síðar, man enginn um hvað Gove var spurður. Allir muna hins vegar hvaða bók sást í bókaskápnum á bak við hann. Í þéttskipaðri hillu glitti í bókina „The War Path“ eftir umdeildan, sjálftitlaðan sagnfræðing, David Irving, sem þekktur er fyrir að afneita helförinni.

Önnur umdeild bók komst í fréttirnar hér á Íslandi í vikunni. Myndasagan Tinni í Kongó er komin út í nýrri íslenskri þýðingu. Bókin sem þykir einkennast af rasisma hefur verið fjarlægð úr hillum bókaverslana og bókasafna víða um heim. Útgefandi nýju þýðingarinnar ávarpar lesendur í bréfi sem fylgir bókinni þar sem hann segir forlagið „ekki á nokkurn hátt taka undir þá kynþáttahyggju“ sem birtist í bókinni eða „fáfræði og fordómafull viðhorf höfundarins“.

„Réttsýni er jafnháð tískusveiflum og fegurð,“ ritaði franski heimspekingurinn og stærðfræðingurinn Blaise Pascal á 17. öld. Ein er sú siðferðisdáð sem virðist alveg dottin úr tísku á 21. öldinni: Umburðarlyndi. Fátt þykir hallærislegra í dag en sú skoðun að okkur beri að virða og jafnvel verja tjáningarfrelsi þeirra sem við erum hjartanlega ósammála.

En úr bókum yfir í sjónvarp. Breska leikkonan Emily Watson sem margir þekkja úr þáttunum Chernobyl upplýsti um það í blaðaviðtali á dögunum að hún hefði alist upp í sértrúarsöfnuði. Hún sagðist hafa kynnst því hvernig það er að búa meðal fólks sem trúir því að það hafi „séð ljósið og allir aðrir lifi í myrkri. Ég tilheyrði samtökum sem telja sig einstök og upplýst.“ Hún sagði frá óttanum við að vera rekin úr hópnum. „Maður heldur að allir fyrir utan séu fáfróðir og hafi rangt fyrir sér. Þannig hafa svona samtök stjórn á fólki – í gegnum ótta ... Þegar fólk fer að trúa á eigin sérstöðu fara vondir hlutir að gerast.“

Siðgæðisverðir samtímans

„Ég fyrirlít það sem þú hefur að segja en ég læti lífið til að verja rétt þinn til að segja það.“ Ekki er langt síðan þessi hugmynd Voltaire um tjáningarfrelsið þótti augljós sannindi á Vesturlöndum. En siðferði er jafnháð duttlungum samtímans og hárgreiðslur og buxnasnið.

Bók í hillu er ekki lengur merki um fróðleiksfýsn heldur innræti lesandans. Tinnabók er gefin út með bón um syndaaflausn. Ásetningur, samhengi, tími og rúm virðast málinu óviðkomandi.

Pólitísk réttsýni er eins og sértrúarsöfnuður. Tískulitir vetrartískunnar 20/21 eru svart og hvítt. Önnur blæbrigði rúmast ekki á tískupallinum þar sem siðgæðisverðir samtímans spranga um í hlífðarfötum fóðruðum með trúarhita, hælaskóm úr sjálfsupphafningu og með skinhelgi sem fjaðurskúf. Þeim sem ekki passa í nýjasta sniðið er úthýst.

Trúarbragðastríð léku Evrópu grátt á 16., 17. og 18. öld en talið er að þau hafi kostað milljónir manna lífið. Lexía stríðanna var umburðarlyndi; mismunandi hópar fólks með mismunandi gildi fundu leið til að lifa saman í sátt og samlyndi.

Umburðarlyndi er ekki samþykki. Í orðinu umburðarlyndi felst dómur; ég er þér ósammála en ég umber skoðanir þínar.

Þeim gengur vafalítið gott eitt til sem vilja uppræta vondar skoðanir í stað þess að umbera þær. Það hefur hins vegar alvarlegar afleiðingar að hafna umburðarlyndinu.

Pólitískur rétttrúnaður, sama hversu vel meinandi, er uppskrift að sundrungu. Þar er fall hans falið. Því á sundrungu þrífast einmitt þau sjónarmið sem pólitískum rétttrúnaði samtímans er ætlað að sporna gegn. Popúlismi er arfi sem dafnar best í dimmum sprungum sundurlyndis. Spyrjið bara Donald Trump.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

SVÖRT VIKA

30%

afsláttur af allri smávöru
út 27. nóvember

PIER

KORPUTORG

Mæta laskaðir í toppslaginn

ENSKI BOLTINN Enska úrvalsdeildin í knattspyrnu karla fer af stað á nýjan leik um helgina eftir landsleikjahlé þar sem þó nokkuð var um að leikmenn annars vegar meiddust eða greindust af kórónaveirunni í landsliðsverkefnum sínum.

Tottenham, sem situr í öðru sæti deildarinnar, fær Manchester City í heimsókn í kvöld. City, sem samdi við Pep Guardiola í vikunni, þarf nauðsynlega á sigri að halda til þess að halda í við toppliðin.

Leicester City sem trónir á toppi deildarinnar mætir með blússandi sjálfstraust inn í toppslag helgarinnar gegn Liverpool. Lærisveinar Brendan Rodgers hafa borið sigur úr býtum í síðustu sex leikjum sínum í deildinni og Evrópudeildinni.

Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri Liverpool, er líklega ekki í skýjunum með nýliðinn landsliðsglugga, en Joe Gomez meiddist í gluggaunum og Andy Robertson og Jordan Henderson og Rhys Williams koma til baka úr verkefnum með landsliðunum tæpir vegna meiðsla. Þá greindist Mohammed Salah með kórónaveiruna. **– hó**

Tveir nýliðar inn í hópinn

FÓTBOLTI Dagný Brynjarsdóttir, leikmaður Selfoss, og Sandra María Jessen, leikmaður Bayern Leverkusen, geta ekki leikið með íslenska kvennalandsliðinu í knattspyrnu í lokaleikjum liðsins í undankeppni EM 2022.

Dagný er að glíma við meiðsli en Sandra María er í sóttkví þar sem smit hefur komið upp hjá Bayern Leverkusen. Þetta kemur fram í tilkynningu frá KSÍ þar sem fram kemur að allir leikmenn Bayern Leverkusen hafi verið settir í sóttkví, en Sandra María hefur ekki greinst smituð.

Jón Þór Hauksson hefur kallað til Kristínu Dís Árnadóttur, leikmann Breiðabliks, og Bryndísi Örnu Níelsdóttur, sem spilar fyrir Fylki.

Ísland mætir Slóvakíu 26. nóvember og Ungverjalandi 1. desember, en báðir leikirnir fara fram ytra. Fyrir leikina er íslenska liðið í öðru sæti riðilsins í fínni stöðu í baráttunni um farseðil á EM. **– hó**

Mikill tekjumissir fyrir okkur og allt íslenska samfélagið

Fimleikasambandið þurfti að aflýsa EuroGym 2021 fyrr í vikunni eftir tveggja ára skipulagsvinnu. Von var á fimm þúsund keppendum frá tuttugu mismunandi löndum í Evrópu og aðstandendum þeirra. Gerðu áætlanir Fimleikasambandsins ráð fyrir að mótið myndi koma með tvo milljarða inn til landsins.



Kristinn Páll Teitsson
kristinnpall@frettabladid.is



Hópurinn sem fór fyrir hönd Íslands á EuroGym 2018 sem fór fram í Belgíu MYND/FIMLEIKASAMBANDIÐ/AÐSEND

FIMLEIKAR „Það var auðvitað ótrúlega sorglegt og erfið ákvörðun, að þurfa að aflýsa viðburðinum. Við skoðuðum þetta eftir öllum mögulegum leiðum fyrir krakkana en komumst að þessari niðurstöðu. Það er rúmlega tveggja ára vinna að baki við að skipuleggja þetta og töldum við okkur gefa okkur ríflegan tíma þegar mótinu var frestað um eitt ár í mars síðastliðnum en við töldum ekki rökrétt að halda mótið að svo stöddu," segir Sólveig Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Fimleikasambands Íslands, um ákvörðun sambandsins að aflýsa EuroGym, evrópskri fimleikahátíð ungmenna, sem átti að fara fram hér á landi á næsta ári. Von var á um 5.000 þátttakendum á aldursbilinu tólf til átján ára, frá tuttugu mismunandi löndum ásamt þjálfurum og foreldrum, og var á dagskrá að halda rúmlega fjörutíu íþrótta- og fræðsluviðburði á vegum Fimleikasambandsins.

Um er að ræða fimleikahátíð sem er haldin annað hvert ár og fer næst fram í Sviss árið 2022. „Fyrstu viðbrögð okkar í byrjun árs voru að fresta þessu og taka við næsta móti árið 2022, en þá var búið að úthluta mótinu til Sviss og undirrita samninga þess efnis. Þá reyndum við að fresta um ár eftir alla vinnuna sem lá að baki, en ákváðum svo á dögunum að aflýsa þessu. Við erum búin að læra ýmislegt um þennan faraldur og á tímum sem ætlast er til að fólk virði fjarlægðarmörk er erfitt að taka við 5.000 keppendum á viðburð þar sem einkennisorðin eru sameining. Það hefði orðið afar erfitt að tryggja að allir myndu virða sóttvarnir."

Ljóst er að þetta hefði verið einn stærsti íþróttaviðburður ársins á Íslandi og með því hefði mátt reikna með miklum tekjum inn í íslenskt samfélag.

> **Okkur sýnist að þetta komi til með að kosta Fimleikasambandið tæplega þrjátíu milljónir.**
>
> Sólveig Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Fimleikasambandsins

„Okkar áætlanir sýndu að það hefði mátt gera ráð fyrir að mótið hefði fært íslensku samfélagi eitthvað í kringum tvo milljarða með öllum þátttakendum og aðstandendum þeirra, fyrir utan öll flugin sem við tókum ekki með inn í dæmið. Það er á hreinu að þetta er mikill tekjumissir fyrir okkur og íslenskt samfélag."

Aðspurð út í hvaða áhrif aflýsingin hefur á fjárhagsstöðu Fimleikasambandsins, segir Sólveig að þetta muni kosta sambandið mikið.

„Okkur sýnist að þetta komi til með að kosta Fimleikasambandið tæplega þrjátíu milljónir. Svo eru auðvitað ótalmargar vinnustundir að baki, en við reynum að vera jákvæð og horfa á það sem við lærðum af því að skipuleggja mót af þessari stærðargráðu."

Hún vonast til þess að fimleikahátíðin geti farið fram á Íslandi síðar, eftir að hafa lært hvað þarf til að skipuleggja slíkan viðburð.

„Vonandi getum við haldið þessa hátíð seinna því þetta er frábær viðburður fyrir krakkana. Í íþróttum er tölfræðin yfirleitt sú að tvö prósent iðkenda skari fram úr, en íþróttahreyfingin gerir of lítið fyrir hin 98 prósentin. Þau fá ekki að keppa á alþjóðlegum mótum og mörg þeirra hafa ekki áhuga á að taka þátt í keppnum yfir höfuð. Þetta var því á sinn hátt okkar leið til þess og sýna að fimleikar eru fyrir alla, þar sem allir fá að tilheyra á sínum forsendum. Vonandi getum við haldið svona viðburð þegar þennan heimsfaraldur lægir, því sameining er eitt af einkennismerkjum mótsins."

Fimleikasambandið fékk tæplega 8,5 milljóna styrk frá ÍSÍ í aðgerðapakka stjórnvalda fyrr á þessu ári til að brúa bilið. Að sögn Sólveigar hefur evrópska fimleikasambandið varla burði til að draga Íslendinga að landi.

„Við fengum góðan styrk frá ríkisstjórninni í gegnum ÍSÍ í vor, við áttum nýlega fund með evrópska fimleikasambandinu um stöðuna en þau geta ekki aðstoðað okkur, en við vonumst til þess að geta sótt styrki í aðgerðapakkann sem von er á á næstu dögum frá ríkisstjórninni."

Aðbúnaður ekki í samræmi við metnað og gæðastig iðkenda

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Breiðablik lagði fram erindi, fyrir hönd frjálsíþróttadeildar félagsins, sem dagsett er 27. ágúst, á fundi íþróttaráðs Kópavogs í síðustu viku. Þar var lagður fram listi yfir nauðsynlegan æfinga- og keppnisbúnað sem þarf að endurnýja á Kópavogsvelli eftir að völlurinn var lagður gervigrasi vorið 2019.

Þá er farið fram á það við bæinn að frjálsíþróttadeildinni verði bætt það tekjutap sem hún varð fyrir, er deildin varð að gefa frá sér Meistaramót FRÍ 2020 síðastliðið sumar. Íþróttaráðið frestar ákvörðun um styrk vegna tekjutaps. Starfsmenn frjálsíþróttadeildar upplýstu síðan að gert væri ráð fyrir kostnaði við endurnýjun æfinga- og keppnisbúnaðar frjálsra íþrótta á Kópavogsvelli í áætlun deildarinnar fyrir næsta ár.

„Aðstaðan til æfinga batnaði töluvert við framkvæmdirnar sem farið var í á síðasta ári þar sem sett var upp kastsvæði, langstökksgryfja og tartan sem nægir í æfingar á spretthlaupi, á svæðinu fyrir aftan stúkuna á Kópavogsvellinum. Þessi framkvæmd gerir það að verkum að útiaðstaðan til æfinga er í fínu lagi. Við eigum svo í góðu samstarfi við knattspyrnudeildina um æfingar okkar á hringbrautinni við gervigrasvöllinn.



Frá framkvæmdum þegar gervigras var lagt í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ég skal hins vegar alveg viðurkenna að okkur dreymir um eigið æfingasvæði þar sem við gætum æft á þeim tíma sem okkur hentar," segir Áslaug Pálsdóttir, formaður frjálsíþróttadeildar Breiðabliks í samtali við Fréttablaðið.

> **Á veturna þurfa kastarar Blika að æfa í Kaplakrika sem er bagalegt.**
>
> Áslaug Pálsdóttir, formaður frjálsíþróttadeildar Breiðabliks

„Deildinni er svolítið þröngur stakkur sniðinn hvað inniaðstöðuna í Fífunni varðar. Þar er til dæmis ekki kastsvæði, þannig að á veturna þurfa kastarar Blika að æfa í Kaplakrika sem er bagalegt. Þá er ekki nógu gott að útisvæðið sem við fengum í framkvæmdunum á síðasta ári fullnægi ekki reglum sem þarf að uppfylla til þess að halda mót í meistaraflokki. Það vantar ekki mikið upp á, þannig að það væri mikill munur ef því yrði kippt í liðinn. Við þurftum að gefa frá okkur að halda Meistaramótið síðasta sumar, sem var vissulega súrt," segir Áslaug enn fremur.

„Listinn sem lagður var fyrir íþróttaráð bæjarins inniheldur svo lausan búnað sem er orðinn úr sér genginn. Útbúnaður eins og startblokkir, grindur og annað í þeim dúr er orðið úr sér gengið. Búnaðurinn er alveg brúklegur en það má orða það sem svo að ásigkomulagið á honum sé ekki í samræmi við metnað og gæði þeirra iðkenda sem þurfa á honum að halda. Við eigum í góðu samstarfi við bæði bæjaryfirvöld og aðrar deildir félagsins þannig að þessi mál eru í góðum farvegi," segir hún um stöðu mála. **– hó**



NÝTT Á STÖÐ 2 MARAÞON

AÐEINS
3.990 kr./mán

MARAÞON

Tryggðu þér skemmtilegri vetur á **stod2.is**

MYNDLYKILL APPLE TV VEFSJÓNVARP SNJALLTÆKI

Horfðu hvar og hvenær sem er



EVELYN BORÐSTOFUSTÓLL
11.192 KR. ~~13.990~~ KR.



DUAL HÆGINDASTÓLL.
SLÉTTFLAUEL, TVEIR LITIR OG SVART BONDED LEÐUR.
47.992 KR. ~~59.990~~ KR.



BROSTE HYACINT VASAR. 6.990 KR.



DUAL COUNTERSTÓLL,
SLÉTTFLAUEL
28.892 KR. ~~33.900~~ KR.



LOUISE BORÐSTOFUSTÓLL,
ÞRÍR LITIR
11.192 KR. ~~13.990~~ KR.



VERTI VEGGVASI, 30X30 CM
7.990 KR.



VISTA SKENKUR, SVART JÁRN OG GLER.
125.991 KR. ~~139.990~~ KR.



MEXICO SLÉTTFALUEL
80.742 KR. ~~94.990~~ KR.



MICHIGAN BORÐSTOFUBORÐ
376.499 KR.



STÆKKANLEGT BORÐSTOFUBORÐ FRÁ SKOVBY.
PASSAR FYRIR ÁTTA EN ÞVÍ FYLGJA ÞRJÁR STÆKKANIR SEM GETA STÆKKAÐ ÞAÐ Í 361 CM. STÆKKANIR UPP Í 511 CM (FYRIR 20 MANNS) ERU SELDAR SÉR.

Reykjavík
Bíldshöfði 20
12 – 18 virka daga
12 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1
12 – 18 virka daga
12 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

Fáðu innblástur

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
SENDUM FRÍTT

... fallegir tónar fyrir lifandi heimili



PASSO BORÐSTOFUBORÐ **159.992** KR. ~~199.990~~ KR.



IITTALA KURU SKÁL
Ø 13 CM. **9.990** KR.



GRACE LOFTLJÓS
STÓRT FRÁ FRANTSEN.
SVART/GRÆNT GLER **39.990** KR.



BROSTE MOUTHBLOWN
VASI Ø 15 CM **10.990** KR.



PTMD ISELYN LÍTIÐ GRÆNT
GLER JÓLATRÉ **3.290** KR.

VENESSA
PÚÐI, GRÓFT
RIFFLAFLAUEL,
FALLEGIR
LITIR.
40 X 60 CM
4.990 KR.









GIRONA HORNSÓFI, ÞRÍR LITIR, HÆGRI EÐA VINSTRI TUNGA
195.492 KR. ~~229.990~~ KR.

Þú finnur nýju bæklingana okkar á www.husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN

21. NÓVEMBER 2020 LAUGARDAGUR

Fastur liður jólaundirbúningsins

Jólabasar Hringskvenna er fastur liður í jólaundirbúningi margra og ein helsta fjáröflunarleið Hringsins. Í ár verður basarinn, sem opnar í dag í Smáralind, með breyttu sniði vegna aðstæðna en hvergi verður þó slegið af.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Ásdís Björgvinsdóttir er ein fjögurra kvenna sem sitja í basarnefnd Hringsins þetta árið og segir hún undirbúning hafa verið á fullu stóran hluta árs, en um tíma ríkti ákveðin óvissa um afdrif basarsins enda mætir fjöldi manns til að styrkja gott málefni og þegar samkomutakmörk miðast við tíu manns eru góð ráð dýr.

„Basarinn hefur verið haldinn á Grand Hóteli fyrsta sunnudaginn í nóvember ár hvert. Þar hefur aðsókn verið mikil og fólk staðið í röð úti til að komast inn. Nú er auðvitað ekki hægt að safna svo mörgum saman á einn stað svo við vorum búnar að velta því töluvert fyrir okkur hvað við gætum gert.“ Ef ekki má safna fjölda fólks saman á einn stað á einum degi eins og vaninn hefur verið er lausnin væntanlega að lengja opnunartímann. Það varð ofan á og mun basarinn standa í tvær vikur á neðri hæð Smáralindar.



MajBritt Pálsdóttir, Kristín Þóra Sverrisdóttir, Anna Björk Eðvarðsdóttir, Ásdís Björgvinsdóttir og Kristjana Möller voru í óðaönn við undirbúning jólabasarsins í Smáralind þegar ljósmyndari leit við. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Margir koma ár eftir ár

„Við erum afskaplega þakklátar Smáralindinni sem lánar okkur pláss í hálfan mánuð á neðri hæð Smáralindar rétt hjá jólatrénu og þar munu Hringskonur standa vaktina næstu tvær vikurnar, segir Ásdís en basarinn opnar í dag, laugardag og stendur til sunnudagsins 6. desember ef eitthvað verður eftir til að selja, eins og Ásdís orðar það.

„Það hafa margir komið til okkar ár eftir ár og ég get ekki ímyndað mér annað en þeir mæti í Smáralindina,“ segir hún og bætir við að væntanlega nái þær jafnframt til nýs markhóps á nýjum stað.

Kökurnar gríðarlega vinsælar

Aðventan er aðalfjáröflunartími Hringskvenna en auk jólabasarsins eru þær vanar að standa fyrir jólakaffi og happdrætti í Hörpu fyrir jólin sem ekki verður hægt að halda nú í ár.

„Við getum þó alla vega haldið basarinn með þessu sniði. Við hleypum auðvitað bara inn eftir reglum og erum með handspritt og svo framvegis. Kökurnar hafa alltaf verið gríðarlega vinsælar og selst í hundraða tali og um helgar munum við bjóða þær til sölu í Smáralind og fáum lánaða kæla til að geyma þær í. Það er fólk sem mætir ár hvert og kaupir kökur og hefur búið til þá hefð að halda fjölskylduveislu þennan sama dag,“ segir Ásdís og segir enga ástæðu til að rjúfa þá hefð í ár.

Jólalöberarnir alltaf vinsælir

Auk kakanna segir Ásdís handgerðu jólavörurnar einnig rjúka út ár hvert.

„Jólalöberarnir eru alltaf vinsælir og einnig dúkarnir undir jólatrén og svo eru það Bucilla vörurnar,“ segir Ásdís. Þegar blaðamaður spyr út í hvað falli undir Bucilla vörur útskýrir Ásdís að um sé að ræða dúka undir jólatré, jólasokka og annað slíkt sem saumað sé saman úr filti með perlum og pallíettum.



Allt fé sem Hringskonur safna rennur óskipt í Barnaspítalasjóð Hringsins.



Fallegt handverk Hringskvenna.



Hér má sjá úrval þess jólaskrauts sem Hringskonur hafa útbúið og er til sölu á basarnum í Smáralind.

„Í ár verðum við líka með poka sem hægt er að setja jólagjafir í og koma þannig í stað jólapappírs. Pokarnir eru úr striga og skreyttir með útsaumuðum myndum og þá er hægt að nota ár eftir ár sem er auðvitað umhverfisvænt. Við vorum með eitthvað af þessum pokum í fyrra og það fór allt saman svo við erum með meira núna.“

Tvenn meðmæli þarf

Ásdís hefur starfað með kvenfélagi Hringsins frá upphafi árs 2015 og í basarnefndinni frá því í fyrra.

Það var vinkona Ásdísar sem stakk upp á því að þær gengju til liðs við Hringinn.

„Ég var alveg til í það en hélt það væri erfitt að komast inn.“

Með umsókn í Hringinn þurfa að fylgja meðmæli frá tveimur félagskonum.

„Stuttu eftir að við ræddum þetta var ég að ganga frá í sal með einni sem sagði: „Við gerum þetta svona hjá Hringnum.““

Ásdís hugsaði þá með sér að þarna væri komin ein sem hún gæti beðið um meðmælin fyrir umsókn sína.

„Hún tók vel í það og bað aðra sem hún þekkir að mæla með okkur tveimur og við komumst þá báðar inn í janúar 2015.“

> ÞAÐ ER FÓLK SEM MÆTIR ÁR HVERT OG KAUPIR KÖKUR OG HEFUR BÚIÐ TIL ÞÁ HEFÐ AÐ HALDA FJÖLSKYLDUVEISLU ÞENNAN SAMA DAG.

Vikulegir fundir

Hringskonur hittast hvern þriðjudag frá klukkan eitt til fjögur og er það siður sem lengi hefur verið við lýði, en eftir óskir frá þeim sem stunda dagvinnu, var bætt við fundum á mánudögum frá klukkan fjögur til átta.

„Nú er ég hætt að vinna en ég hef þó haldið mig við mánudagsfundina. Á fundunum erum við mikið að sauma út, löbera og púða og annað slíkt. Við prjónum líka eitt og annað, peysur og hin vinsælu heimfararsett fyrir ungbörn. Svo var nýverið ákveðið að prjóna líka stærri peysur á eldri börn frá eins árs og upp í sjö, átta ára.“

Vörurnar hafa verið seldar í húsnæði Hringsins í Nethyl en í ljósi aðstæðna opnuðu Hringskonur nýverið fyrir netsölu á heimasíðu félagsins hringurinn.is og segir Ásdís söluna þar aldeilis hafa tekið við sér. „Eins hafa Hringskonur fengið leyfi til að vera fyrir utan stórverslanir á Eiðistorgi, Mosfellsbæ, Fjarðarkaup og á Selfossi. Það eru nokkrar sem taka það að sér enda ekki hægt að vera í öllu,“ segir Ásdís.

Frá árinu 2003 hafa Hringskonur séð um veitingasölu í anddyri Barnaspítalans og þar má finna sýningar- og söluskáp með handverki þeirra og fást vörurnar jafnframt þar í veitingasölunni.

„Ég vann þar í þrjú ár en eftir að ég tók við basarnefndinni hætti ég þar. Veitingasölunni stýrir Helga Mogensen með kokk sér við hlið. Einnig standa Hringskonur vaktir í veitingasölunni.“

Fá mikið efni gefins

Eins og fyrr segir hefur verið í nægu að snúast hjá Ásdísi eftir að hún tók sæti í basarnefndinni.

„Starfið í basarnefndinni felst í því að kaupa inn efni og setja í pakka og fá konur til að sauma úr því. Við nýtum líka það sem fólk gefur okkur, en fólk er duglegt að gefa okkur efni og garn og við fáum mikið slíkt úr dánarbúum og það þarf að sortera út úr þessu. Svo er allur gangur á því hvort konur skili sínu fullbúnu eða ekki. Þá tökum við að okkur að loka púðum og falda löberana og svo framvegis,“ segir Ásdís að lokum og er að því búnu rokin í Smáralind ásamt nefndinni að stilla upp fallegu vörunum á bás þeirra sem stendur uppi næsta hálfa mánuðinn.

JÓLABÆKURNAR ERU LENTAR Í NETTÓ



Barnaræninginn er fyndin og æsispennandi, rétt eins og Draumaþjófurinn, fyrri bókin um rotturnar í Hafnarlandi sem naut mikilla vinsælda og var tilnefnd til Barnabókaverðlauna Reykjavíkur.

Myndir gerir Linda Ólafsdóttir sem hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir myndlýsingar sínar, hér heima og erlendis.

3.399 kr.



Þóra Karítas Árnadóttir hefur starfað við skrif, leikhús og sjónvarpsþáttagerð. Árið 2015 sendi hún frá sér sannsöguna Mörk – saga mömmu, sem hlaut góðar viðtökur lesenda. Blóðberg er fyrsta skáldsaga hennar.

4.759 kr.



Lilja Sigurðardóttir hefur skrifað skáldsögur, leikrit og sjónvarpsþáttahandrit. Glæpasögur hennar hafa notið mikilla vinsælda og verið verðlaunaðar heima og erlendis; Gildran var tilnefnd til breska Gullrýtingsins og fyrir Búrið og Svik hlaut hún Blóðdropann og tilnefningu til norræna Glerlykilsins tvö ár í röð.

4.759 kr.



Tónlistarblaðamaðurinn Árni Matthíasson rekur tónlistarsögu Bubba frá því hann kom fyrst fram með kassagítarinn og fram á þetta ár.

4.689 kr.



Ófeigur Sigurðsson er þekktur fyrir frumlegar og skemmtilegar skáldsögur og ljóðabækur. Skáldsaga um Jón var fyrsta bók hans sem vakti verulega athygli og hreppti síðan Bókmenntaverðlaun Evrópusambandsins en þekktust er metsölubókin Öræfi sem hlaut einróma lof gagnrýnenda og Íslensku bókmenntaverðlaunin 2014.

4.759 kr.



Kristín Marja Baldursdóttir er þekkt fyrir magnaðar og grípandi skáldsögur sínar þar sem margt býr undir yfirborðinu. Með hárbeittum húmor og djúpu innsæi skapar hún ógleymanlegar persónur og áhrifaríkar örlagasögur sem heilla lesendur heima og erlendis.

4.759 kr.



Gerður Kristný er einn af okkar færustu höfundum og skrifar jöfnum höndum fyrir börn og fullorðna. Hún hlaut Bókaverðlaun barnanna fyrir Mörtu smörtu, Vestnorrænu barnabókaverðlaunin og Bóksalaverðlaunin fyrir Garðinn og eftir bókaflokki hennar um forsetann á Bessatöðum samdi Gerður vinsælan söngleik.

3.399 kr.



Arnaldur Indriðason hefur um langt árabil verið vinsælasti höfundur landsins og nýtur hylli langt út fyrir landsteinana. Bækur hans eru nú orðnar tuttugu og fjórar talsins. Þær hafa verið þýddar á yfir fjörutíu tungumál, selst í tugmilljónum eintaka og hafa fært höfundinum ótal verðlaun og viðurkenningar.

4.689 kr.



Ævar Þór Benediktsson er margverðlaunaður höfundur. Hann hefur hlotið Bókaverðlaun barnanna og Bóksalaverðlaunin, verið tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Barnabókaverðlauna Reykjavíkur og valinn einn af bestu yngri barnabókahöfundum Evrópu og í hóp framúrskarandi ungra Íslendinga.

3.399 kr.



Undir Yggdrasil er grípandi skáldsaga úr sama sagnabrunni og Vilborg Davíðsdóttir sótti áhrifamikinn þríleik sinn um Auði, en fyrsta bindi hans var tilnefnt til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Sögulegar skáldsögur Vilborgar hafa notið mikilla vinsælda undanfarna áratugi enda varpa þær nýju og óvæntu ljósi á örlög og aðstæður íslenskra kvenna.

4.759 kr.



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

nettó
Lægra verð – léttari innkaup



Guðmundur hefur leitað að 330 börnum frá því hann tók við verkefninu en beiðnirnar hafa verið umtalsvert fleiri eða 1.340 . Honum hefur gengið vel að öðlast traust barnanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ég hef aldrei logið að þeim

Guðmundur Fylkisson hefur undanfarin sex ár verið á vaktinni við leit að týndum börnum á höfuðborgarsvæðinu. Hann hefur náð góðum árangri og þakkar það meðal annars því að hafa aldrei logið að börnunum né gabbað þau.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Guðmundur hefur hlotið þó nokkrar viðurkenningar fyrir störf sín og í gær bættist enn ein rósin í hnappagatið, viðurkenning Barnaheilla sem veitt er fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra.

Hvernig endar maður í að verja flestum dögum ársins í að leita að týndum börnum?

„Já, það er nú það," svarar Guðmundur eins og hann sé sjálfur að leita svarsins. „Sigríður Björk, sem þá var nýtekin við embætti lögreglustjóra í Reykjavík, hringir í mig og lýsir verkefni sem hún hefði áhuga á að fara í og hvort ég sé til í að taka það að mér."

Verkefnið var að halda utan um beiðnir um leit að börnum yngri en 18 ára og fylgja þeim eftir.

Guðmundur, sem hafði í fjórtán ár verið starfsmaður Ríkislögreglustjóra í fjarskiptamiðstöðinni Skógarhlíð, tók tilboðinu sem hugsað var til eins árs. Nú eru aftur á móti komin sex ár frá því að Guðmundur færði sig úr þægilegri innivinnu í Skógarhlíð í að vera meira og minna á vaktinni allan sólarhringinn, allan ársins hring, enda einn í deild týndu barnanna ef svo má að orði komast þó svo hann heyri undir kynferðisafbrotadeild lögreglunnar.

„Upphaflega átti ég að búa til verklag fyrir aðra að vinna eftir en þar sem ég er ekki með stúdentspróf og er Framsóknarmaður, þá eignaði ég mér verkefnið sjálfur," segir Guðmundur í léttum tón.

Við grínumst með að hann hafi gert sig ómissandi í starfi en því gríni fylgir þó nokkur alvara enda hefur Guðmundur leitað að 330 börnum frá því hann hóf störf við verkefnið en beiðnirnar verið umtalsvert fleiri, eða 1.340.

Traustið mikilvægt

Þetta eru því oft sömu börnin sem leitað er að ítrekað og hefur Guðmundur áunnið sér traust meðal þeirra. Hann leggur mikið upp úr því trausti og segist til að mynda strax í upphafi hafa tekið ákvörðun um að segja börnunum alltaf satt, og reyna að semja við þau, það hafi reynst honum farsæl ákvörðun. Þau hringja jafnvel í hann að fyrra bragði og biðja hann að sækja sig eða vini sína sem þau sjá í vanda.

Á hverju ári er beðið um að leitað sé að 80 til 100 börnum að sögn Guðmundar.

„Helmingur þeirra kemur aðeins einu sinni fyrir á því ári og helmingur þeirra er nýr á hverju ári. Fjórðungi þessa fjölda leita ég fjórum sinnum eða oftar að og í kringum fimm til tíu prósentum þeirra þarf ég að leita að í kringum tíu sinnum yfir árið. Ég hef leitað sama einstaklingsins 18-19 sinnum á einu ári og sá sem ég hef leitað oftast að hefur náð í kringum 50 skiptum en á um fjögurra ára tímabili."

> ÞAU VITA HVERNIG ÞAU GETA DULIST LENGUR EN OFTAR EN EKKI FARA ÞESSIR EINSTAKLINGAR AÐ SKILJA EFTIR SIG BRAUÐMOLA EINS OG HANS OG GRÉTA. ÞÁ ERU ÞAU ORÐIN ÞREYTT OG VILJA FARA AÐ KOMAST ÚT ÚR ÞESSU.

Aðspurður hvort það sé auðveldara að leita að þeim sem hann þekkir segir hann tvær hliðar á því.

„Þau sem eru komin í djúpa neyslu eru búin að læra á mig og ég á þau. Þau vita hvernig þau geta dulist lengur en oftar en ekki fara þessir einstaklingar að skilja eftir sig brauðmola eins og Hans og Gréta. Þá eru þau orðin þreytt og vilja fara að komast út úr þessu."

Langstærsta hópnum þurfi hann þó ekkert sérstaklega að leita að, eitt SMS frá honum dugi.

„Þetta er Gummi lögga, það er komin leitarbeiðni á þig. Hvað er planið?"

Flest fari heim þegar þau fái skilaboðin og oft sé um sakleysislega tilraun að ræða.

„Oft eru þetta krakkar sem eru að sofa hjá í fyrsta skipti og eru að heiman yfir nótt. Þau eru að kanna hversu langt þau komist með foreldra sína. Þessi börn koma yfirleitt bara einu sinni inn á borð til mín og aldrei aftur.

Þetta er rosalega lítill hópur

Stundum er maður að banka upp á hjá strangheiðarlegu fullorðnu fólki þar sem barn sem ég er að leita að hefur gist. Fólkið fölnar þegar maður mætir eða hringir og hafði þá ekki kveikt á að barnið hefði ekki látið vita af sér. Þetta eru þá venjulegir krakkar sem eru ekki í neyslu. Um leið og þetta eru börn í neyslu er fólk meira með varann á sér."

Guðmundur segir fjölda beiðna í ár svipaðan og áður.

„En við erum að tala um færri einstaklinga og fleiri beiðnir. Núna þegar verið er að herða á samkomutakmörkunum ná þau illa að komast inn einhvers staðar.

En það eru nokkrir ungir krakkar sem eru að koma snöggt inn og ítrekað og þá finnst manni kerfið ekki taka nógu fljótt á málum. Það er ekkert eðlilegt að ég sé að leita mjög oft að krakka á fermingaraldri. Það er minna um neyslu finnst mér, sérstaklega á lyfseðilsskyldu lyfjunum en aukning á þeim var skelfileg síðustu tvö ár."

Guðmundur bendir þó á að varhugavert sé að túlka tölur í þessum efnum.

„Í hverjum árgangi eru sirka fjögur þúsund einstaklingar og ég hef kannski afskipti af 20 til 30 þeirra. Þetta er rosalega lítill hópur í heildina, núll komma eitthvað prósent hvers árgangs."

Notar hitamyndavél til leitar

Sími Guðmundar hringir og ég tek eftir að hann er með forláta Caterpillar-snjallsíma, þegar ég hef orð á því segist hann nota þennan síma þar sem hann býr yfir hitamyndavél. „Hana nota ég til að leita þeirra krakka sem reyna að hlaupa og skjóta sér einhvers staðar inn í skot eða runna."

Að meðaltali koma beiðnirnar meira en annan hvern dag og stundum geta þær orðið allt að sex á sólarhring en þá segir hann algengt að tenging sé á milli þeirra.

Guðmundur segir auðvelt fyrir krakka að kynnast og tengjast í gegnum samfélagsmiðla.

„Ég hef stundum heyrt frá foreldrum, þegar á að setja barn þeirra í neyðarvistun á Stuðla, að þau hafi áhyggjur af því hverjum barnið þeirra kynnist þar. Ég segi þeim þá að skoða símana þeirra, þau þekkja öll hvert annað í gegnum Snapchat, Instagram og svo framvegis. Sérstaklega þau sem eiga við einhvern vanda að stríða."

Guðmundur segir vanda barnanna vera þríþættan: Hegð-

BLACK FRIDAY VIKA!

Stórlækkað verð af völdum bílum!

21. - 28. NÓVEMBER

OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 10-16

66° NORTH **50.000 kr. gjafabréf**

í 66° Norður og sumardekk í skottinu fylgir öllum seldum tilboðsbílum í eigu Öskju.

830.777 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 995489

KIA
Sorento Style

Árgerð 2020, ekinn 1 þús. km, dísil, 200 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, ábyrgð til 2027.

Verð áður: 8.820.777 kr.

TILBOÐ 7.990.000 kr.

500.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 440311

KIA
Stinger GT-Line 2WD

Árgerð 2019, ekinn 4 þús. km, dísil, 200 hö, sjálfskiptur, afturhjóladrifinn, ábyrgð til 2026.

Verð áður: 7.490.000 kr.

TILBOÐ 6.990.000 kr.

880.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 995081

MERCEDES-BENZ
GLC 350 d 4MATIC

Árgerð 2019, ekinn 14 þús. km, dísil, 259 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð áður: 10.570.000 kr.

TILBOÐ 9.690.000 kr.

960.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 994693

MERCEDES-BENZ
B-Class 180 d

Árgerð 2019, ekinn 7 þús. km, dísil, 109 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

Verð áður: 4.950.000 kr.

TILBOÐ 3.990.000 kr.

960.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 994697

MERCEDES-BENZ
C-Class 220 d

Árgerð 2018, ekinn 7 þús. km, dísil, 195 hö, sjálfskiptur, afturhjóladrifinn, ábyrgð til 2022.

Verð áður: 6.450.000 kr.

TILBOÐ 5.490.000 kr.

440.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 994711

KIA
cee'd Sportswagon LX

Árgerð 2018, ekinn 75 þús. km, dísil, 136 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn, ábyrgð til 2025.

Verð áður: 2.690.000 kr.

TILBOÐ 2.250.000 kr.

960.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 391314

MERCEDES-BENZ
GLE 250 d 4MATIC

Árgerð 2019, ekinn 11 þús. km, dísil, 205 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, ábyrgð til 2022.

Verð áður: 11.450.000 kr.

TILBOÐ 10.490.000 kr.

660.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 994792

VW
Golf Variant Highline

Árgerð 2016, ekinn 78 þús. km, bensín, 125 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

Verð áður: 2.450.000 kr.

TILBOÐ 1.790.000 kr.

500.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 995182

KIA
Optima PHEV EX

Árgerð 2019, ekinn 3 þús. km, bensín/rafmagn, 205 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn, ábyrgð til 2026.

Verð áður: 4.690.000 kr.

TILBOÐ 4.190.000 kr.

960.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 995063

MERCEDES-BENZ
E-Class 220 d 4MATIC

Árgerð 2019, ekinn 19 þús. km, dísil, 195 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð áður: 8.350.000 kr.

TILBOÐ 7.390.000 kr.

800.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 995285

MERCEDES-BENZ
Vito Tourer

Árgerð 2017, ekinn 103 þús. km, dísil, 191hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð áður: 5.790.000 kr.

TILBOÐ 4.990.000 kr.

880.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 321143

MERCEDES-BENZ
Sprinter

Árgerð 2015, ekinn 211 þús. km, dísil, 164 hö, sjálfskiptur.

Verð áður: 4.870.000

TILBOÐ 3.990.000 kr.

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndarugli

ASKJA

NOTAÐIR BÍLAR

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · 590 2160

Opið:
Mán-mið 10-18
Langur fimmtudagur 10-20
Föstudaga 10-17
Laugardaginn sem er lokadagurinn 10-16

Kíktu á úrvalið á notadir.is

unarvanda, neysluvanda og svo þau sem glíma við erfiðar heimilisaðstæður.

„Þá eru börnin ekki vandinn heldur aðstæður heima fyrir og þau eru að flýja þær. Sem betur fer eru þau fá en það sem einkennir þau mál er að börnin hafa verið að heiman í marga daga áður en leitarbeiðni kemur. Það hefur komið mér á óvart að skólinn grípi ekki fyrr inn í þeim tilfellum."

Fimmtán ára í fangaklefa

Guðmundur segir að þegar 15 ára stúlka í mikilli neyslu hafi verið sett í fangaklefa vegna skorts á öðrum lausnum árið 2018 hafi skapast mikil umræða.

„Þetta var gert til að tryggja öryggi hennar og annarra og með samþykki bæði foreldra hennar og Barnaverndar en við fórum með málið í fjölmiðla. Hún fékk ekki pláss á Stuðlum þetta kvöld en eftir að málið komast í hámæli var farið í framkvæmdir á Stuðlum til að þar væri aldrei fullt.

Guðmundur segist ekki hafa fundið fyrir miklum breytingum þetta undarlega ár heimsfarsóttar 2020 en minnist þó á að landadrykkja hafi aukist til muna á meðal unglinga. „Það heyrist mikið í talstöð lögreglunnar að krakkar eru að hópast saman við vissar skólalóðir til að drekka landa."

Guðmundur bendir jafnframt á aukningu í líkamsárásarmálum á meðal barna undir lögaldri eins og fjallað hefur verið um í fjölmiðlum. „En þetta eru ekkert endilega krakkar sem eru að dúkka upp hjá mér þó það sé kannski einn og einn. Mér finnst vera aukning á vanda krakkanna en það er ekki endilega að verða til þess að þau fari í strok, þau fara heim."

35 þúsund kílómetrar á ári

Ef barn skilar sér ekki heim og forráðamenn leita til lögreglu er þeim gefið samband við barnaverndarnefnd sem er á bakvakt allan sólarhringinn. Þegar barnaverndarnefnd hefur tekið við beiðni er sendur tölvupóstur á fjarskiptamiðstöð sem svo berst til Guðmundar.

„Þá fer ég yfirleitt strax af stað. Beiðnirnar koma allan sólarhringinn þó algengast sé að þær komi milli tíu á kvöldin til þrjú á næturnar. Ég byrja þá á að hringja og senda sms og í mjög mörgum tilfellum dugar það. Annars fer ég út að keyra og það hefur stundum verið talað um að ég keyri svipað og ákveðinn þingmaður en ég ek um 35 þúsund kílómetra á ári," segir Guðmundur og brosir.

„Þau eru á ferðinni. Þau eru með strætókort sem þýðir að þau geta farið hvert sem er. Þegar ég byrjaði á þessu verkefni árið 2014 gat ég gengið að hópunum vísum á ákveðnum stöðum. Fyrsta árið fann ég þau alltaf niðri á Ingólfstorgi og svo í Kringlunni en nú er þetta flóknara."

Löggjafinn mætti breyta reglum

Guðmundur bendir á að liðka mætti fyrir aðgengi upplýsinga um börn undir 15 ára aldri.

„Það er til dæmis hellings mál að fá gögn frá símafyrirtækjum. Mér finnst að löggjafinn mætti laga þetta fyrir mig þegar kemur að þessum yngstu börnum. Ég geri alveg greinarmun á börnum undir og yfir 15 ára aldrinum. Ég myndi vilja fá sólarhringsþjónustu frá símafyrirtækjunum og það ætti að duga að beiðni komi frá Barnavernd. Ekki að ég þurfi að finna forráðamann til að fá leyfi sem þarf að senda í gegnum kerfi sem er aðeins opið á milli 9 og 4 á daginn. Um páska hef ég til að mynda ekki aðgang að neinum frá miðvikudegi til þriðjudags, það getur verið svolítið langur tími fyrir barn undir fimmtán ára."

Aðspurður segir Guðmundur í léttum tón að vinnutími hans sé daglega frá 8 til 7.59.

„Ég er skilgreindur sem dagvinnumaður með sveigjanlegan vinnutíma," segir Guðmundur sem er fráskilinn og drekkur ekki áfengi svo oftast er hann tilbúinn í útkall.

ÞAÐ ER EKKERT EÐLILEGT AÐ ÉG SÉ AÐ LEITA MJÖG OFT AÐ KRAKKA Á FERMINGARALDRI.

Viðbragðstími styttur til muna

„Áður tók það að meðaltali átta klukkustundir frá því að beiðni kom þar til búið var að skrá málið og kalla út lýsingu á barninu og gera það eftirlýst í kerfinu. Eftir að verkefnið hafði staðið í eitt ár vorum við komin með meðaltímann niður í 17 mínútur."

Aðspurður viðurkennir Guðmundur að full þörf væri á manneskju á móti honum í starfið.

„Ég hef verið að leita í fjóra sólarhringa sem svo alltaf slitna á 11 klukkustunda fresti vegna lögboðinnar hvíldar. Ég er líka að eldast og fer að hætta að nenna þessu næturbrölti," segir Guðmundur sem er 55 ára.

„Ég veit þó ekki hvort það sé hægt að búa til atvinnuauglýsingu, það þarf að finna karakter." Guðmundur segir mikilvæga eiginleika í starfinu vera þolinmæði, að geta farið út við hvaða aðstæður sem er og hvenær sem er og svo sé það umburðarlyndi gagnvart krökkunum.

Þau vita að þetta endar

Guðmundur segir krakkana sem ítrekað er leitað að þekkja ferlið og vita hvað eigi eftir að gerast.

„Ég segi við þau: „Ef þú svarar mér veit ég að þú ert í lagi en ef þú svarar mér ekki fer ég eins og foreldrar þínir að mála skrattann á veginn. Ég fer að hringja út um allt og banka út um allt. Ónáða fullt af fólki í kringum þig."

Svo þau eru búin að læra að svara mér. Þau vita að ef ég heyri að þau eru í lagi geta þau mögulega samið við mig. Til dæmis að við heyrumst aftur um kvöldmat. Það samtal á sér alveg stað. Þau vita að þetta endar, að þau fara heim eða á Stuðla.

Svo eru það krakkarnir sem eru á mjög vondum stað. Þau vita alveg að þau enda inni á neyðarvistun. Þegar þau átta sig á að ég er kominn á slóðina eru þau kannski aðeins að undirbúa sig fyrir það sem fram undan er og vilja tíma í það.

Langfæst hlaupa, ég geri auðvitað stólpagrín að sjálfum mér og sérstaklega ef ég er að hitta þau í fyrsta skipti, og segi við þau: „Í alvöru, ætlarðu að hlaupa – heldurðu að ég sé að fara að hlaupa á eftir þér?" segir Guðmundur í léttum tón og heldur um bumbuna.

En Guðmundur þarf ekki alltaf að hringja, sum eiga það til að hringja í hann og biðja hann að ná í sig. „Þá eru þau orðin þreytt en ekki alveg tilbúin til að feisa foreldra sína.

En auðvitað eru einstaklingar inni á milli sem vilja ekki nást. Ef þau hlaupa veit ég bara að ég verð að fá fleiri með mér og þau vita að þau nást þannig."

Ég tek ekki þátt í slíku

Guðmundi verður tíðrætt um traustið sem hefur tekið hann tíma að vinna upp.

„Ég hef aldrei logið að þeim, aldrei gabbað þau. Það er eitthvað sem ég ákvað í upphafi því ég vil halda traustinu. Foreldrar eiga það til að segja við þessi börn: „Komdu heim, það verður allt í lagi," en eru búin að biðja okkur að koma og fara með þau í neyðarvistun. Ég tek ekki þátt í slíku. Ég segi þeim einfaldlega að þau séu að fara í neyðarvistun, en þau ráði hvort það sé í góðu eða illu."

Guðmundur gefur ekki mikið fyrir staðalímyndir sem eigi heima í huga margra. „Eins og til dæmis að við séum að finna ungar stelpur heima hjá eldri mönnum og þar fram eftir götunum. Það er ekki lengur þó það gerist auðvitað einstaka sinnum. Eldri hópurinn sem er í neyslu er búinn að læra það að ef þau hleypa þessum yngri inn þurfi þau að eiga við mig. Það vilja þau ekki."



Beiðnirnar koma til Guðmundar allan sólarhringinn en algengast er að þær komi frá tíu á kvöldin til þrjú að nóttu.

Tvær ungar stúlkur í hættu

Aðspurður um erfiðustu reynsluna segir Guðmundur frá því þegar hann kom að íbúð sem virtist tóm en inn um glugga sá hann glitta í skó. „Þá hafði 15 ára stelpa verið skilin eftir ein og meðvitundarlaus en ég gat komið henni undir læknishendur.

Annað tilfelli er þegar ég fann stelpu sem var svo lítil og grönn að það var búið að troða henni fyrir aftan sæti í bíl og setja úlpu yfir hana. Hún var meðvitundarlaus þegar ég fann hana."

Árið 2018 reið yfir mikið ópíóíðaæði hér á landi og fann Guðmundur þá fjögur ungmenni meðvitundarlaus inni á hótelherbergi eftir neyslu þeirra og mátti ekki tæpara standa.

„Þetta voru tvær stelpur undir lögaldri og tveir 18 ára strákar. Ég nánast fullyrði það að ef ekki væri fyrir þetta verkefni þá væru þær látnar. Önnur þeirra sat í stól meðvitundarlaus, þannig að höfuðið hafði dottið fram á bringu og hefti súrefnisflæði til heila."

Gummi, manstu ekki eftir mér?

Guðmundur segir slíkar uppákomur reyna á en þær séu hluti af starfinu og eftir 35 ár í lögreglunni sé hann ýmsu vanur.

„En auðvitað er maður hræddur þar til maður finnur lífsmark. En sem betur fer, af þessum 330 krökkum hefur enginn látist undir 18 ára aldri þó tvö þeirra séu nú farin. Einn framdi sjálfsvíg fljótlega eftir 18 ára afmælið og annar lést af of stórum skammti 21 árs eftir að hafa verið edrú í langan tíma.

Markmiðið og mælikvarðinn var og er mannslífin því þessir krakkar voru að deyja hér áður."

Það hýrnar sannarlega yfir Guðmundi þegar hann er spurður hvort hann mæti krökkum sem komin eru á beinu brautina í dag. „Ó, já, það er gaman," segir hann hlæjandi. „Þegar maður er að mæta þeim úti á götu með barnavagn. Mörg þeirra eru vinir mínir á Facebook svo maður fær að fylgjast með lífi þeirra.

Í fyrravetur fór ég á ráðstefnu í Hörpu og þar var stelpa sem var hópstjóri í einu verkefnanna, hún brosti til mín en ég áttaði mig ekki strax. Hún kom þá til mín og spurði: „Gummi, manstu ekki eftir mér?" Þá áttaði ég mig á því hver hún var – það var geggjað!" segir hann og stoltið leynir sér ekki.

„Það er svo gaman að sjá þau ná fótfestunni og jafnvel krakka sem maður hafði ekki trú á að myndu gera það. En inni á milli eru líka krakkar sem eru í dag góðkunningjar lögreglunnar en sem betur fer eru þau ekki mörg. Þau jafnvel hafa samband við mig þegar þau eru komin í einhver vandræði og eru tilbúnari til að ég sæki þau en einhver annar."

Í það minnsta til í að hlusta

Eins og heyra má hefur Guðmundur lag á að nálgast þessi börn og segist hann lítið reyna að vanda um fyrir þeim en bjóðast þó alltaf til að hjálpa.

„Ef ég get það á einhvern hátt og þó úrræðin séu ekki mörg er ég í það minnsta til í að hlusta."

Guðmundur er ekki með leynինúmer og krakkarnir kunna númerið hans.

„Þau hafa stundum komið með þá afsökun að þau hafi ekki komist heim því þau misstu af síðasta strætó og svo framvegis. Þá hef ég sagt: „Hringdu þá frekar og ég sæki þig." En svo eru gullmolar inni á milli sem hafa hringt: „Hey, ég er í partíi, geturðu komið og skutlað okkur heim? Guðmundur segist stundum hafa sagt já en þegar hringt sé nokkra daga í röð bendi hann viðkomandi á að það gangi ekki.

„En þau hafa líka hringt ef þau sjá félaga sinn illa drukkinn eða illa vímaðan og vilja að ég komi honum heim. Þeim finnst það þá þægilegra en að hringja í 112 og fá merktan lögreglubíl og einkennisklædda löggu."

Guðmundur segir að þó hann hafi aldrei séð fyrir sér að hann færi þessa leið í starfi gefi það honum mikið.

„Ég hef gaman af þessu starfi og á meðan ég fæ að gera þetta á þann hátt sem ég geri fer ég ekki að gera neitt annað."



Framúrskarandi drægi í rafmagnsakstri – 449 km*.

Nýr 100% rafdrifinn Hyundai KONA er fyrsti rafdrifni jepplingurinn á markaðnum. *Hann hefur eitt mesta drægi bíla í þessum stærðarflokki eða 449 km samkvæmt nýjum WLTP mælingum. Meðal búnaðar í nýjum Hyundai KONA er skynvæddur hraðastillir, sjálfvirk neyðarhemlun, sjónlínuskjár sem varpar upplýsingum um hraða og leiðsögn í framrúðu, Krell hljóðkerfi og margt fleira. Hyundai KONA er fáanlegur með 39kW rafhlöðu eða 64 kW rafhlöðu.

Hyundai KONA 2WD með 289 km drægi 5.290.000 kr.
Hyundai KONA 2WD með 449 km drægi 5.990.000 kr.

Opið í dag frá 12–16

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

8 ÁRA RAFHLÖÐU ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 200.000 km ábyrgð á aðal rafhlöðu bílsins.

*Drægi miðast við uppgefnar tölur framleiðanda samkvæmt nýjum WLTP staðli um drægi í raunverulegum aðstæðum.

ENNEMM / SÍA / NM003175

Ekki á bak við tjöldin í þetta skiptið

Magnús Jóhann Ragnarsson, píanóleikari og tónskáld, hefur tekið þátt í að semja margt af því vinsælasta í íslensku popptónlistarsenunni síðustu ár. Hann hefur nú gefið út sína aðra sólóplötu þar sem hann telur sitt listfengi fá að njóta sín einna best.

Óttar Kolbeinsson Proppé
ottar@frettabladid.is



Það heyrir til undantekningar í dag ef ný, íslensk popptónlist kemur út og verður vinsæl og fingrafar Magnúsar Jóhanns Ragnarssonar er hvergi að finna á henni. Magnús er píanóleikari og tónskáld og hefur haft í nógu að snúast síðustu ár í vinnu sinni með tónlistarmönnum á borð við Auð, GDRN, Moses Hightower, Flona, JóaPé og Króla, Aron Can og svo mætti lengi telja. Hann gaf á dögunum út sína aðra sólóplötu, Without Listening, verk sem hann er hve stoltastur af, það er jú hans eigið og þar fær listfengi hans að njóta sín einna best hingað til.

Hér býr listamaður

Fréttablaðið fékk að kíkja í kaffi til Magnúsar á heimili hans í Árbænum, litla og huggulega íbúð, sem virkar kannski aðeins minni en hún er því stærðarinnar flygill fyllir upp í stærstan hluta stofunnar. En það er augljóst að hér býr listamaður; það pláss stofunnar sem flygillinn þekur ekki hefur Magnús nýtt undir fjöldann allan af listaverkum, málverkum, ljósmyndum og bókum. Hann virðist átta sig á því hvað höfðar til blaðamannsins og réttir honum strax Ilíonskviðu frá 1855 og tilkynnir honum að þessa hafi langalangalangafi hans átt, enginn annar en þjóðskáldið Matthías Jochumsson.

Eftir grúsk í gömlum bókum, sögum af ætt Magnúsar og vangaveltum um mögulega bókagjöf frá Nóbelsskáldinu til annars forföður hans og bókaútgefanda (með kveðju frá dularfullum „HK“) berst talið að Magnúsi sjálfum. Hann gaf út plötu sína, Without Listening, fyrir um viku síðan. Platan er önnur sólóplata hans en sú fyrri, Pronto, kom út árið 2016.

Fyrsta sólóplatan 19 ára

„Pronto flaug nú ekkert sérlega hátt...“ segir Magnús. „Það er mikill fyrstu plötu bragur á henni. Og eðlilega, ég var bara 19 ára þegar ég samdi hana. Ég vann mér sem sagt inn einhverja stúdíótíma eftir að hafa lent í þriðja sæti á Músíktilraunum þetta ár og þá einhvern veginn þurfti ég bara að gera plötu.“

Nú fjórum árum síðar er Magnús orðinn þroskaðri tónlistarmaður. Nýja platan er því öðruvísi en sú fyrri, vandaðri og úthugsaðri. „Á þeirri fyrri er mikið af svona ambient músík og þar var ég mest einn að spila. Í þetta skiptið vann ég plötuna náið með trommara sem heitir Magnús Tryggvason Eliassen og saxófónleikara sem heitir Tumi Árnason. Þannig að þetta er svona einhvers konar elektróník og svolítið djassskotin tónlist.“

Akústísk og elektrónísk áhrif

Vinnan við plötuna hófst fyrir þremur árum síðan. Þá fékk Magnús þá félaga til að spila með sér drög að lögum sem hann hafði verið að semja, á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves. Þetta gekk svo vel að þeir ákváðu í kjölfarið að taka lögin lengra og útsettu helling af þeim í sameiningu.

„Þessi plata er svona blanda af músík sem ég var að vinna og útsetja með Magnúsi og Tuma og svo öðru sem ég hef verið að bardúsa og uppgötva sjálfur í nýju forriti sem ég var að læra að vinna á. Þetta verður þannig skemmtilegt bland af alveg akústískum hljóðfærum eins og trommusettinu, flygli og saxófón og svo einhverjum mjög elektrónískum áhrifum; tölvuteiknuðum og flaumrænum hljóðgervlum,“ útskýrir Magnús.

Elti drauminn í stað boltans

Magnús hefur spilað á píanó síðan hann var sex ára gamall, með stuttu hléi þó á unglingsárunum, þegar hann taldi sjálfum sér trú um að hans lífsleið lægi frekar um fótboltavöllinn. „Ég varð bara unglingaveikur og fór að æfa sem markmaður með Fylki. Við skulum hafa það á hreinu að hæfileikar mínir liggja frekar á sviði tónlistar en knattspyrnu og ég var fljótur að átta mig á því að ég ætti frekar að elta tónlistarferilinn en boltann.“

Þegar hann sneri aftur að píanóinu á fyrsta ári sínu í menntaskóla vildi hann þó læra eitthvað nýtt og spennandi og kynntist þá djasspíanóleik. „Þar fór ég að læra inn á spuna og að spila meira eftir eyranu. Það er minn styrkleiki,“ segir hann.

Síðan hefur hann verið hugfanginn af svokölluðum hljóðgervlum, rafrænum hljóðfærum sem gefa frá sér afar mismunandi hljóð, oftast í elektróníska kantinum og eru mikið notuð í nútímatónlist. Hann á mikið safn slíkra tækja og hefur oftar en einu sinni þurft að vaða eld og brennistein til að koma höndum sínum á gamlar gersemar sem hann finnur ódýrar á eBay. Þær eru nokkrar skrautlegar sögurnar sem hann segir blaðamanni af svaðilförum sínum til útlanda að sækja þessi tæki og ýmsum vandamálum sem upp hafa komið við að ferja þau heim, sem heimta því miður meira pláss en síður þessa blaðs leyfa.

Dularfullur bútasaumur

En Magnús er tilraunamaður ekki síður en tónlistarmaður og það kristallast einna best í hljóðgervla-safni hans. Það er fátt skemmtilegra en að kynnast nýjum hljóðum og tækni til að framkalla þau. Og á nýju plötunni er hann að prófa sig áfram og púslar saman ólíkum hljóðum og tónlistarstefnum sem mynda loks eina heild: „Þetta er í raun algjör bútasaumur. Markmiðið var að líma saman heild úr þessum lifandi hljóðfærum og tölvugerðri tónlist og skapa einhvern rauðan þráð sem hægt er að finna í gegnum verkið.“ Aðspurður segir hann verkið þó ekki eiginlegt „concept-verk“.



Magnús hefur starfað með tónlistarmönnum á borð við Auð, GDRN, Moses Hightower, Aron Can og fleirum. Hann segist hafa lært mikið af samstarfinu en nýtur sín þó best nú, á sinni eigin plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> ÞAÐ MÁ EIGINLEGA SEGJA AÐ TÓNLIST SEM ER EKKI MEÐ SUNGNUM TEXTA SÉ ALLTAF SVEIPUÐ ÖRLÍTIÐ MEIRI DULÚÐ HELDUR EN ÖNNUR MÚSÍK, ÞVÍ ÞAÐ ER EKKI VERIÐ AÐ STAFA NEITT OFAN Í MANN. EN JÚ, ÞAÐ ER VISSULEGA ALLTAF HÆGT AÐ FINNA EINHVERJA SÖGU Í ÖLLU.

„Það má eiginlega segja að tónlist sem er ekki með sungnum texta sé alltaf sveipuð örlítið meiri dulúð heldur en önnur músík, því það er ekki verið að stafa neitt ofan í mann. En jú, það er vissulega alltaf hægt að finna einhverja sögu í öllu,“ segir Magnús og bendir á að lagatitlar spili til dæmis stóra og mikilvæga rullu í tónlist án söngs.

„Maður getur í raun farið tvær leiðir í vali á lagatitli. Annaðhvort sett músíkina í eitthvað sérstakt samhengi með titlinum eða vísvitandi gert það alls ekki. Á plötunni er til dæmis lag sem heitir Sálmur fyrir Sollu systur og ég samdi fyrir systur mína, en síðan er annað sem heitir Einkavæðing Búnaðarbankans, einfaldlega vegna þess að mér fannst það einhvern veginn passa. Fólk verður svo bara að fylla í eyðurnar.“

Lærði að leggja egóið til hliðar

Magnús hefur undanfarin ár unnið og spilað með stærstum hluta íslenskra popptónlistarmanna. Auk þess að koma að gerð nokkurra stærstu platna síðustu ára, á borð við Afsakanir með Auði og GDRN, plötu tónlistarkonunnar GDRN hefur Magnús einnig tekið þátt í gerð platna og laga fjölda annarra tónlistarmanna. Magnús er þá ekki síst eftirsóttur útsetjari, þegar þarf að gera nútímapopptónlist, sem er oftar en ekki gerð að stærstum hluta í tölvu, góð skil í lifandi flutningi. Hann er svo að segja maðurinn á bak við tjöldin í íslensku popptónlistarsenunni.

Hann segist hafa lært mikið af samstarfinu en hér, á sinni eigin plötu, nýtur hann sín best. „Fyrir mér snýst þetta um að finna ballansinn á milli þess að vera einhvers konar smiður, þegar maður er að hjálpa öðrum og svo að vera sinn eigin listamaður,“ segir Magnús og talar um mikilvægi þess að leggja egóið til hliðar í samvinnu með öðrum.

„Þegar maður er að vinna tónlist með öðrum eða hjálpa þeim að gera sína tónlist verður maður að muna að maður hefur ekki alltaf rétt fyrir sér,“ segir hann. Trú góðs tónsmiðs á eigin leiðum í tónlistinni er jú, óhjákvæmilega, alltaf mikil. „Manni finnst oft að manns eigin hugmynd sé sú besta, en þá þarf maður að muna að það gengur ekki að semja tónlist með öðrum og vera sífellt með það hugarfar. Maður sparar það fyrir sína eigin tónlist, eins og þessa sólóplötu mína.“

Hér má því ætla að listamaðurinn Magnús Jóhann stígi fram fyrir tjöldin í sinni tærustu mynd til þessa og þá kannski með egóið í botni? Um það verða hlustendur plötunnar að dæma sjálfir.

NIVEA

NATURALLY GOOD

ANTI-AGE

99% + **1%**

INNIHALDSEFNA AF **NÁTTÚRULEGUM** UPPRUNA*

FYRIR **ÖRYGGI** OG **STÖÐUGLEIKA**

NÝTT



*Náttúruleg innihaldsefni halda meira en 50% af náttúrulegri stöðu sinni eftir að hafa verið unnin, þ.m.t. vatn.



Education City í Katar vakti mikla lukku á fyrsta mótinu í Evróputúrnum sem fór fram á vellinum. MYND/AÐSEND



Snorri ásamt Olazabal, sem hann segir ofboðslega almennilegan einstakling og einnig góðan yfirmann.

Þurfa að falla vel að landslaginu

Snorri Vilhjálmsson vinnur að hönnun golfvalla á framandi slóðum fyrir golfvallahönnunarskrifstofu spænsku goðsagnarinnar Jose Maria Olazabal. Að mati Snorra skiptir öllu máli að vellir fái að njóta sín í góðu umhverfi.

Kristinn Páll Teitsson
kristinnpall@frettabladid.is



Að mínu mati er golfíþróttin svo mikil tilfinningaíþrótt að góður hringur og góðir spilafélagar geta gert hvaða völl sem er í heiminum þann besta," segir Snorri Vilhjálmsson, golfvallahönnuður hjá Olazabal Design, aðspurður hvað geri golfvelli frábæra. Snorri hefur undanfarin ár unnið á Golf & Land Design í Austurríki, þar sem unnið var í samstarfi við Olazabal Design. Snorri er nú kominn í fullt starf hjá spænsku goðsögninni Jose María Olazabal og er einn þriggja Íslendinga sem vinna við golfvallahönnun svo að undirritaður þekki til.

„Ætli það megi ekki rekja golfáhugann aftur til þess þegar ég byrjaði í golfi á unglingsárunum hjá GKG. Maður var ekki lengi að fá golfbakteríuna. Ég fór síðar að aðstoða á námskeiðum hjá GKG en átti nú ekki von á því á þeim tíma að ég myndi vinna við golfíþróttina. Eftir að hafa klárað BSc í tölvunarfræði fann ég að ég vildi prófa eitthvað annað og eftir að hafa rætt við Edwin Roald golfvallahönnuð fór ég í nám í golfvallaarkitektúr í Skotlandi. Hluti námsins var að kynnast mörgum af bestu völlum heims á Bretlandseyjum."

Snorri fór eftir námið frá Skotlandi til Englands en stoppaði stutt. Hann þáði atvinnutilboð frá Austurríki við golfvallahönnun og komst þar í kynni við Olazabal.

„Út frá náminu fékk ég starf í Bretlandi hjá golfarkitektinum Howard Swan, sem var mjög áhugavert og spennandi. Það opnaði augu manns fyrir þessum heimi en ég fann að ég vildi helst komast á meginlandið og stökk á tækifærið þegar það bauðst í Austurríki. Eigandi hlutar í hönnunarskrifstofu Olazabal er austurrískur og kom á samstarfi okkar á milli með tækniteikningar. Það þótti á þeim tíma mjög framsækið og tæknivætt," segir Snorri og tekur undir, aðspurður, að þeir hafi verið að mörgu leyti að ryðja veginn.

„Það má segja að við höfum að einhverju leyti verið að ryðja veginn með því að nýta tölvuna til að auðvelda starfið okkar. Við vorum að prófa okkur áfram með GPS og lófatölvur áður en það var jafn algengt og það er í dag. Í teyminu okkar var forritari sem aðstoðaði okkur að gera þessa vinnu auðveldari og sjálfbærari og þessar skrifstofur hafa nú unnið saman í rúm tíu ár. Í fyrra vann hönnunarstofa Olazabal samkeppni um endurhönnun á golfvelli á Spáni og hönnun á nýjum velli í Sádí-Arabíu sem krafðist fleiri starfsmanna og var ég þá ráðinn í fullt starf hjá þeim."

Undirrituðum leikur forvitni á hvernig einstaklingur Olazabal er, enda virðist hann skemmtilegur karakter úr sófanum á Íslandi. Hann vann tvisvar Masters-mótið á ferli sínum og varð annar Spánverjinn til að vinna risamót í golfi.

„Olazabal er náttúrulega goðsögn í golfinu og það er mikill heiður að vinna fyrir hann. Hann var frábær kylfingur sem vann tvo risatitla og leiddi lið Evrópu í Rydernum. Við kynntumst fyrst fyrir tíu árum síðan og hann er mjög jarðbundinn. Það er gott að vinna með honum. Hann er ekki í daglegum samskiptum við okkur arkitektana en hann tekur alltaf lokaákvarðanirnar. Við vorum ofboðslega glöð og stolt þegar Olazabal var valinn golfvallahönnuður ársins 2020," segir Snorri, en Olazabal minntist meðal annars á Snorra í þakkarræðu sinni.

Skrifstofa Olazabal hefur verið að hanna golfvelli í þrjátíu ár og eru 21 golfvöllur víðs vegar um heiminn eftir spænska kylfinginn.

„Þeir vellir sem skrifstofan hefur unnið að hafa fengið góðar móttökur og unnið til verðlauna. Education City í Katar sem ég vann að tækniteikningunum á, er strax kominn á Evrópumótaröðina og fékk völlurinn gott lof. Núna erum við að vinna í því að opna velli á Costa Navarino svæðinu í Grikklandi ásamt því að vinna í Sádi-Arabíu, Portúgal, Víetnam og Spáni. Þegar völlurinn er kominn á framkvæmdastig þarf reglulega að fara og taka út verkefnið og sjá til þess að hönnuninni sé fylgt eftir og aðlaga þar sem þess þarf, því það er ekki hægt að undirbúa allt á skrifstofunni. "

Aðspurður átti Snorri erfitt með að svara hversu langur tími færi í að teikna upp eins og einn golfvöll.

„Fyrsta skrefið er að skoða hvernig völlurinn passar inn í landið, sem getur tekið langan tíma. Það er erfitt að segja hversu margir koma að hönnuninni og hvað þetta tekur langan tíma. Það fer eftir kröfum viðskiptavinarins og aðstæðum."



Hér er Snorri að skoða landslagið fyrir völl í Portúgal sem skrifstofan er að hanna þessa dagana. MYND/AÐSEND

Á ÍSLANDI BER MAÐUR HLÝJAN HUG TIL HEIMAVALLANNA, GKG OG KEILIS. ÉG Á MARGAR GÓÐAR MINNINGAR FRÁ FYRSTU ÁRUNUM Í GOLFI ÞAR.

Hann segir að mörgu að huga þegar kemur að því að hanna golfvöll, en að því fylgi töluverð skriffinnska.

„Hönnunin sjálf er alltaf skemmtileg, að koma vellinum fyrir og teikna hann. Það þarf að huga að mörgu en það skiptir öllu að völlurinn falli vel að landslaginu sem er til staðar. Maður reynir alltaf að nýta landslagið sem til er og reyna að bæta upp það sem hægt er þannig að hann falli vel að umhverfinu. Svo koma byggingaframkvæmdir, vegahönnun og stígakerfi. Stundum breytist það hvaða land er hægt að nota, í miðju verkefni. Næsta skref er hönnunin sjálf þar sem farið er í form og lögun á golfbrautunum, við reynum að móta völlinn og teikna allar hæðarlínur. Þá þarf að huga að grastegundum, hvaðan vatnið kemur og hvert það fer og þá blandast vökvunarkerfið og drenakerfið inn í hönnunina. Það þarf svo að gera útboðsgögn og gera tækniteikningar. Það getur verið töluvert af teikningum sem þarf að undirbúa fyrir hvert verkefni og þessu fylgir auðvitað líka mikil skriffinnska, símtöl og fundir."

Eitt af verkefnum Snorra var að gera tækniteikningar fyrir golfvöll í Katar. Aðspurður tók hann undir að það væri sérstakt að hanna golfvöll á slóðum eins og Katar, þar sem fyrir var að mestu leyti sandur.

„Það er svo hin hliðin á þessu starfi, það er sérstakt að hanna golfvöll í nokkurs konar eyðimörk. Í Evrópu hefur maður oft landslagið en þarna var maður svolítið að hanna landslagið. Markmiðið var að reyna að hafa það eins náttúrulegt og hægt var og á sama tíma að gera völlinn eins sjálfbæran og hægt er. Það var ákveðið að nota endurvinnanlegt vatn frá byggðinni til að vökva vellina. Það var ekkert til sparað við að byggja völlinn en samt er hann hugsaður sem völlur fyrir almenning þar í landi með áherslu á kvenna- og unglingastarf," segir Snorri og segir að meiri áhersla sé lögð á sjálfbærni undanfarin ár.

„Kröfurnar í golfvallahönnun hafa aðeins verið að breytast. Vatnstorfærum fer fækkandi vegna þurrka. Það er verið að minnka vökvasvæðin á völlunum, sérstaklega í Evrópu, og gera vellina um leið vistvænni og sjálfbærari."

Aðspurður hvar væri að finna bestu velli heims leitaði Snorri til Bretlandseyja. „Strandvellirnir í Bretlandi og Írlandi standa upp úr. Ég hef tvisvar fengið að spila St. Andrews sem er alveg magnaður. Svo eru þetta vellir eins og Royal Dornoch í Bretlandi og Ballybunion og Royal County Dawn í Írlandi. Maður gæti spilað þá á hverjum degi."

Þegar kemur að íslenskum völlum er Snorri heimakær. „Á Íslandi ber maður hlýjan hug til heimavallanna, GKG og Keilis. Ég á margar góðar minningar frá fyrstu árunum og unglingsárunum þar. Maður spilaði golf út í eitt og oft þurfti mamma að koma með mat út á völl. Þessir tveir verða alltaf í uppáhaldi."

FÓLK

Helgin

LAUGARDAGUR 21. NÓVEMBER 2020



Systurnar Eva Lind og Eygló Árnadætur eru sjálfstæðar og sjálfbjarga. Þær tóku sig til og bjuggu til gómsætt rifsberjahlaup með ömmu sinni til að vinna sér inn aura.

→4

Fáðu Fréttablaðið sent rafrænt í morgunsárið

Þú getur skráð þig á frettabladid.is, á Facebook eða bara skannað **QR kóðann**

FRÉTTABLAÐIÐ



Hrefna Smith er eigandi Rúmföt.is sem saumar og selur konunglegan rúmfatnað sem slegið hefur í gegn hjá landsmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bleik rúmföt ýta undir ástleitni og kærleika

Rúmfatabúðin Rúmföt.is er með hágæða rúmföt fyrir alla fjölskylduna. Við mannfólkið eyðum um þriðjungi ævinnar í rúminu svo að það skiptir máli að okkur líði vel í rúmfötunum. Valin eru sérefni og litir sem veita vellíðan. →2



Þéttofið, hágæða, ítalskt silkidamask tryggir einstakan nætursvefn og gælir þægilega við hörundið.



Unaðsmjúk silkikoddaver í fallegum litum seljast eins og heitar lummur og virðast ætla að verða jólagjöfin í ár því starfsfólk Rúmföt.is hefur ekki undan að fylla á hillurnar nú í aðdraganda jóla.



Sérsaumuð vöggu- og barnasett fást úr gæðaefnum.



Rúmföt í gylltu og silfurtónum.



Konunglegur hágæða rúmfatnaður.



Doppótt hvítt og grátt damask.



Úrval heillandi sængurverasetta frá sumum af bestu vefurum heims fæst hjá Rúmföt.is.



Margrét saumakona hjá Rúmföt.is.



Hildur Þórðardóttir hjá Rúmföt.is.



Til eru munstur rúmfataefna sem hæfa flestum áhugamálum barna í Rúmföt.is og allt sérsaumað af Möggu.

Framhald af forsíðu

Fólk sem kaupir hjá okkur rúmfatnað er svo ánægt að það kemur aftur og aftur og dregur með sér vini og vandamenn," segir Hildur Þórðardóttir hjá Rúmföt.is.

Hún segir svekkjandi að kaupa sér dýr rúmföt sem endast ekki einu sinni einn þvott.

„Þess vegna veljum við eingöngu vönduð rúmföt sem halda bæði áferð og mynstri lengi. Um daginn kom kona sem hafði keypt hjá okkur 500 þráða satín og var stórhrifin. Hún sagði að sængurfötin kæmu alltaf jafn yndisleg úr þvotti, að hún hengdi þau bara upp og þyrfti ekkert að strauja."

Guðdómleg mynstur

Flaggskipið hjá Rúmföt.is eru sængurföt úr silkidamaski sem Margrét Guðlaugsdóttir saumar á staðnum, en hún saumaði áður fyrir Verið, Fatabúðina og fleiri verslanir.

„Silkidamask-efnið okkar er 600 þráða úr 100 prósent egypskri bómull sem er það besta á markaðnum. Því fleiri þræðir, því finna er efnið, að því gefnu að bómullin sé hágæða," upplýsir Hildur og tyllir sér hjá Möggu saumakonu.

„Magga saumar þetta upp á gamla mátann með bendlaböndum og breiðum saumi í koddaverunum. Mynstrin eru alveg guðdómleg og hún hefur í raun ekki undan að sauma því verin renna út eins og heitar lummur."

Rautt á rúmið fyrir jólin

Í rúmfatnaðinn hjá Rúmföt.is eru eingöngu notuð 100 prósent náttúruleg efni.

„Bæði damaskið hjá okkur og satínið eru úr 100 prósent bómull. Munurinn á damaski og satíni er sá að í damaski er munstrið ofið í efnið. Damask er því einlitt og munstrið breytir um blæ eftir því hvernig birtan fellur á það, ýmist dökkt á ljósara eða ljóst á dekkra. Satín er slétt og getur verið einlitt eða áprentað," útskýrir Hildur.

Til dæmis er til 600 þráða einlitt satín í öllum regnbogans litum hjá Rúmföt.is, meira að segja ljósgyllt og grásilfrað.

„Ef svefnherbergið er litlaust má peppa það upp með skemmtilegum lit á rúmfötum eða láta rúmfötin tóna við veggina, séu þeir eru í fallegum lit. Það verður leiðigjarnt að hafa allt grátt, þótt það sé tískuliturinn á Íslandi núna, og þá er svo gaman að setja himinblá, fjólublá eða sægræn rúmföt á til að breyta til. Svo er auðvitað gaman að setja gult á rúmið fyrir páskana og í svartasta skammdeginu þegar okkur vantar gleði og birtu, eða rautt á jólunum og Valentínusardag og þegar okkur vantar kraft á morgnana til að koma miklu í verk."

Vaknað vel við glaðlega liti

Hildur segir konur stundum hafa áhyggjur af því hvort eiginmenn þeirra geti sofið undir bleikum rúmfötum.

„Allir karlmenn sem ég hef spurt setja það ekkert fyrir sig. Þeir segjast frekar hugsa um gæðin, því þeir loki augunum hvort sem er og fari bara að sofa. En ég segi líka, bleikt er litur ástar og kærleiks, og ef ást og kærleikur eiga ekki heima í svefnherberginu, hvar eiga þau þá heima? Þannig að ef konur vilja meiri ástleitni frá makanum þá er um að gera að kaupa bleik sængurföt," segir Hildur sposk.

„Litir hafa miklu meiri áhrif á okkur en við gerum okkur grein fyrir og það er miklu betra að vakna upp með fallega liti sem gefa von og gleði og setja tóninn fyrir daginn."

Þvottekta og straufrítt

Börnum verður líka að líða vel á nóttunni og í Rúmföt.is fást allar stærðir og margs konar mynstur sem henta öllum áhugamálum, hvort sem það eru kanínur, vélmenni eða bílar.

„Svo má ekki gleyma silkikoddaverunum sem verða greinilega jólagjöfin í ár, því ég hef varla við að fylla á. Þau eru í sex litum, má þvo á 30 gráðum, hengja svo upp og um kvöldið eru þau tilbúin á koddann," upplýsir Hildur innan um heillandi silkikoddaverin.

„Konur spyrja oft hvort strauja þurfi sængurfötin en því fleiri þræðir sem eru í efninu því þéttara er það og krumpast minna. Það er því nóg að setja verin í fimm mínútur í þurrkara, ef fólk á slíkt, og slétta svo úr þeim þar sem þau eru hengd upp."

Svo má náttúrulega alltaf senda sængurfötin í Þvottahús A. Smith sem hefur langa reynslu af sængurverunum frá Rúmföt.is og fer vel með þau.

„Foreldrar, sem báðir vinna úti, eiga einmitt að nýta sér slíka þjónustu, því tímasparnaður margborgar sig. Bara að sleppa við að þvo þetta stóra sparar heilmikið stress og eykur tímann sem hægt er að verja í gæðastundir með börnunum. Þá koma sængurfötin til baka straujuð, brotin saman og fín."

Magga heimilisleg í búðinni

Nú stendur yfir stækkun verslunar Rúmfata.is við Nýbýlaveg.

„Það er eitthvað svo heimilislegt við að hafa Margréti saumakonu í búðinni. Fólk veit þá nákvæmlega hver saumaði rúmfötin og getur treyst því að það hafi ekki verið fátækt barn í Bangladess með einn dollara í laun á mánuði," segir Hildur, en með stækkun verslunarinnar fær Margrét enn stærra svæði með glugga, svo aðstaða hennar verður talsvert bjartari og rúmbetri.

„Þá stækkar barnahornið líka og allar vörur njóta sín betur. Við hlökkum mikið til þegar þetta verður allt komið. Búðin er að sjálfsögðu opin þótt framkvæmdir standi yfir í næsta rými oag allir eru hjartanlega velkomnir," segir Hildur.

Rúmföt.is er á Nýbýlavegi 28 í Kópavogi. Sími 565-1025. Opið frá 12-17 virka daga og 11-15 á laugardögum. Nánari upplýsingar á rumfot.is

Betri líðan og aukin orka

Lifrin sinnir yfir 100 mismunandi störfum í líkamanum og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfseminni. Active Liver reynist mörgum vel við að viðhalda heilbrigði lifrarinnar.

Heilbrigð lifur er afar mikilvæg. Lifrin er stærsti kirtill líkamans, hún gegnir yfir 100 mismunandi hlutverkum í líkamanum og er aðal efnaskiptalíffæri líkamans. Í raun er hún efnaverksmiðja sem starfar allan sólarhringinn því án hennar ætti engin brennsla sér stað í líkamanum. Að auki væri blóðrásin ekki eðlileg, hormónabúskapurinn færi úr jafnvægi, óhreinindi myndu safnast í blóði og ótal margt fleira færi úr skorðum. Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

Lífsstíll hefur áhrif

Það geta verið margar ástæður fyrir því að lifrin er ekki að virka eins og hún ætti að gera og fjölmargt í lífsstíl okkar sem getur haft áhrif þar á og ýtt undir fitusöfnun í lifur sem í daglegu tali kallast fitulifur. Fitulifur er hægt að laga og gott er að hafa í huga að það eru ákveðin matvæli sem ráðlegt er að neyta í hófi eða sleppa til að viðhalda heilbrigðri lifur, það eru:

- Áfengi og koffín.
- Unnin matvara, ódýrar olíur og auka-/gerviefni.
- Ávextir og grænmeti sem innihalda mikið af skordýraeitri og illgresiseyði.
- Dýr og afurðir þeirra sem eru „fjöldaframleidd“ (ekki lífræn).
- Sykraðir drykkir og snakk.
- Unnið korn (hvít hrísgrjón, hveiti o.fl.).

Active Liver

Active Liver frá New Nordic er gríðarlega vinsæl vara og fjölmargir finna fyrir almennt betri líðan við inntöku. Eins og nafnið gefur til kynna eflir þetta bætiefni lifrarstarfsemi og getur aukin orka verið eitt af einkennum heilbrigðrar lifrar. Active Liver inniheldur mjólkurþistil, ætiþistil og kólín sem stuðlar að:

- Eðlilegum fituefnaskiptum.
- Eðlilegri starfsemi lifrar.
- Eðlilegum efnaskiptum er varða amínósýruna hómósystein.

Að auki inniheldur Active Liver túrmerik og svartan pipar.



Jóna Hjálmarsdóttir sjúkraliði ákvað að prófa Active Liver og fann fljótt mun á sér. Hún er ánægð með árangurinn og mælir með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um heilsuna og vill halda meltingunni góðri.
MYND/AÐSEND

„Ég fann fljótlega mun en orkan jókst og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri.
Jóna Hjálmarsdóttir sjúkraliði

Vinnsla, geymsla og dreifing

Segja má að lifrin sé allt í senn vinnslustöð, geymsla og miðstöð dreifingar því allt sem við borðum, drekkum, öndum að okkur eða berum á húðina fer þar í gegn. Það skiptir því máli, eins og ávallt, að við hugum vel að því hvað við setjum í okkur og á, því öll viljum við lifa lengi heilbrigð á líkama og sál. Active Liver getur hjálpað til þarna og sérstaklega þegar álag á meltinguna er mikið.

Active Liver getur bætt lifrarstarfsemi og þar af leiðandi aukið orku.

„Lifrin er allt í senn; vinnslustöð, geymsla og dreifingarmiðstöð því allt sem við látum í okkur eða á, fer þar í gegn og fer í einhvers konar úrvinnslu.

Auðveldara að halda mér í réttri þyngd

Jóna Hjálmarsdóttir sjúkraliði hefur lengi notað Active Liver:

„Ég er mjög meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina. Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er gert úr náttúrulegum efnum. Ég fann fljótlega mun á orkunni og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um heilsuna og vill halda meltingunni góðri.“



ERTU MEÐ STERK BEIN?
BEINVERND ER MIKILVÆG ALLA ÆVI



OSTEO ADVANCE er fullkomin blanda fyrir beinin
- Kalk og magnesíum í réttum hlutföllum
- D vítamín tryggir upptöku kalksins
- K2 vítamín sér um að kalkið skili sér í beinin



Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

Góð tilfinning að vinna fyrir hlutum

Garðbæsku systurnar Eva Lind og Eygló Árnadætur eru útsjónarsamar, sjálfstæðar og sjálfbjarga. Þær tóku sig til og bjuggu til gómsætt rifsberjahlaup með ömmu sinni til að vinna sér inn aura.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Hugmyndin að sultugerðinni kviknaði þegar mig langaði í nýjan síma og var sagt að ég ætti að safna mér fyrir honum sjálf. Eygló systur langaði í rafmagnshlaupahjól og átti líka að safna sér fyrir því, en það tekur krakka langan tíma að safna peningum. Okkur datt þá bara í hug að vinna fyrir þeim sjálf og biðja ömmu að aðstoða okkur við að búa til rifsberjahlaup," segir Eva Lind Árnadóttir, sem ásamt Eygló systur sinni fékk leyfi til að tína rifsber í skólagörðunum í Garðabæ í haust og endaði með fleiri kassa af dýrindis berjum.

Amma systranna er Helga Friðriksdóttir, fyrrverandi kennari við Hússtjórnarskólann í Reykjavík.

„Amma var mjög spennt að kenna okkur að búa til rifsberjahlaup en þegar hún sá öll berin sem við tíndum hrópaði hún upp yfir sig: „Guð minn góður! Ég hef aldrei séð svona mikið magn!"," segir Eva Lind um ömmu Helgu, sem kann á því tökin að sulta og tók því fagnandi að kenna sonardætrum sínum að verða húslegri.

„Það er mikil sultumenning í fjölskyldunni og afi, sem nú er á Sólvangi, var vanur að fá sér þrjár brauðsneiðar með rifsberjahlaupi á morgnana og amma hefur alltaf verið hugmyndarík og dugleg að gera alls konar útfærslur af sultum."

Heilmikill lærdómur

Systurnar lærðu af ömmu sinni að tvísjóða og tvísigta rifsberin en við það að sjóða hratið aftur og bæta við nokkrum frosnum hindberjum kemur einstaklega ljúffengt bragð af hlaupinu.

„Rifsberjahlaupið okkar er mjög gott, sko," segir Eygló, sem er í 5. bekk í Hofsstaðaskóla, en Eva Lind er farin yfir á unglingastigið í 8. bekk í Garðaskóla. „Öðrum krökkum finnst þetta sniðugt og ein vinkona mín sagði að þetta væri mjög flott hjá mér og vildi kaupa af mér sultu," bætir hún við.

Það eru enda einhverjar sultukrukkur eftir þótt salan hafi gengið vel hjá þeim systrum.

„Það er næstum komið fyrir hlaupahjólinu með afmælispeningunum sem ég átti en síminn er dýrari en hjólið," upplýsir Eygló.

„Það er mjög góð tilfinning að vinna fyrir hlutunum sjálfur í stað þess að fá þá upp í hendurnar. Maður þarf að hafa heilmikið fyrir þessu og lærir af því. Kannski tími ég svo ekkert að kaupa símann og legg sultupeninginn inn á bók. Það væri mér líkt," segir Eva Lind.



Það var engin smá uppskera af bústnum og safaríkum rifsberjum sem systurnar Eva Lind og Eygló fengu af blómlegum rifsberjarunnunum í haust og eins og sjá má voru þær alsælar með afraksturinn.
MYNDIR/AÐSENDAR

Spenntar að sulta meira

Sultukrukkur Eyglóar og Evu Lindar eru listilega skreyttar.

„Við vildum hafa þær fallegar og handskrifuðum miða á hverja einustu krukku með flottum litum sem Eygló fékk í afmælisgjöf og hentuðu mjög vel í þetta. Svo setti pabbi auglýsingu á Facebook síðasta laugardag og það varð sprenging á sunnudag. Við spritt-uðum allar krukkurnar að utan og vorum með grímur þegar við keyrðum þær út, en margir komu líka heim að sækja sér sultu," segir Eva Lind.

„Við höfum ekki enn gert neinar tilraunir í eldhúsinu með rifsberjahlaupið en það væri gaman að prófa að setja það í ostaköku eða eftirrétt," segir Eygló og bætir við:

„Mér fannst mjög góður lærdómur að gera rifsberjahlaupið með ömmu og er spennt að gera það aftur. Amma og pabbi þurfa þó alltaf að vera til aðstoðar því safinn af berjunum verður alveg ægilega heitur og því geta krakkar ekki sjálfir hellt hlaupinu í krukkurnar."



Eva Lind með Helgu ömmu sinni að sigta og sulta úr rifsberjunum góðu.

Kófið gefur óvænt af sér

Þær Eva Lind og Eygló leggja báðar stund á tónfræði og píanónám auk þess sem Eva æfir frjálsar íþróttir og Eygló fótbolta.

„Ég er ekki viss um að sultugerðin hefði verið svona kraftmikil ef ekki væri fyrir samkomubannið og styttri skóladag. Samfélagið er svo mikil maskína, það er stöðug dagskrá, vinna og skóli, tómstundir og íþróttir, en í kófinu skapast tími, sköpunarkrafturinn fær að njóta sín, og hugmyndir kvikna og rætast," segir faðir þeirra, Árni Hafsteinsson flugmaður.

Hann hafði vart undan að útvega dætrum sínum sultukrukkur undir rifsberjahlaupið.



Sultukrukkurnar eru handskrifaðar og fagurskreyttar af systrunum.

„Það er alveg greinilega ákveðin sultuþörf á sumum heimilum og þeir sem komust ekki í sultugerð eins og vanalega eru spenntir að komast í gott hlaup. Ég hafði keypt talsvert magn af sultukrukkum í Bandaríkjunum en svo vantaði meira og þá fór ég að skilja hvers vegna fólk safnar krukkum því þær eru dýrar hér heima, allt að 300 krónur stykkið. Þá er hagnaðurinn fljótt farinn, en ég fann á endanum krukkur á 100 krónur stykkið í Bónus," segir Árni.

„Það jákvæða við kórónuveiruna er að samverustundir fjölskyldunnar aukast. Þótt farsótt geisi er maður ekki dauður úr öllum æðum og verður að halda áfram að lifa."



Heilsustofnun

LAUGARDAGUR 21. NÓVEMBER 2020



Sundlaugin í Heilsustofnun er dásamleg og margir hafa iðkað þar þjálfun undir handleiðslu fagmanna. Fengið líkamlega styrkingu um leið og fólkið getur notið fallegs umhverfisins. MYND/AÐSEND

Náin tengsl við náttúruna lykill að góðum árangri

Á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði fá sjúklingar líkamlega og sálfélagslega endurhæfingu í dásamlegu umhverfi. Nú njóta þar endurhæfingar margir sem veiktust af COVID-19 í vetur og vor.

Starfsemi Heilsustofnunar í dag er nær eingöngu læknisfræðileg endurhæfing," segir Birna Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga hjá Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði.

Þangað sækja um 1.350 manns endurhæfingu á ári hverju samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands.

„Oftast er það heimilislæknir viðkomandi sjúklings sem sendir beiðni með rökstuðningi um þörf á endurhæfingu til okkar og eftir þeim upplýsingum sem koma fram í beiðninni röðum við fólki á mismunandi línur eftir því hvert vandamál þess er. Við reynum eins og hægt er að forgangsraða sjúklingum eftir alvarleika, eins og til dæmis þegar viðkomandi er við það að detta út af vinnumarkaði eða í brýnni þörf fyrir endurhæfingu af öðrum ástæðum," upplýsir Birna, mitt í fagurri náttúru Heilsustofnunar.

Einstaklingsmiðuð meðferð

Skjólstæðingar Heilsustofnunar glíma við fjölbreyttan vanda.

„Segja má að þriðjungur þeirra sem koma til okkar glími við ýmiss konar stoðkerfisvanda og verki, annar þriðjungur fólks kemur í endurhæfingu vegna geðraskana, alvarlegrar streitu og áfalla, og svo kemur þriðjungur í öldrunarendurhæfingu, sem er líkamleg og sálfélagsleg endurhæfing fyrir fólk yfir sjötugt," útskýrir Birna.



Birna Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga á Heilsustofnun NLFÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hún segir meðferðir á Heilsustofnun ávallt vera einstaklingsmiðaðar og stjórnað af þverfaglegum teymum sem eftir atvikum eru í: sjúkraþjálfari, íþróttafræðingur, sálfræðingur, næringarfræðingur, sjúkranuddari, sjúkraliði, hjúkrunarfræðingur og læknir.

„Hjá öllum okkar skjólstæðingum er áhersla á þjálfun og hæfilega hreyfingu, gott mataræði og góðan svefn, slökunarmeðferðir, fræðslu og samtalsmeðferðir þegar við á. Allir koma til okkar í mánaðardvöl og það er oftar en ekki lykilinn að góðum árangri, að kúpla fólk út úr sínu umhverfi og dvelja á þessum dásamlega stað í nánum tengslum við náttúruna. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar um mikla þreytu er að ræða, eins og til dæmis eftir alvarleg veikindi, kulnun eða annars konar örmögnunarástand.“

Lánsöm að vera laus við smit

Að undanförnu hafa Heilsustofnun borist margar beiðnir um endurhæfingu frá fólki sem veiktist af COVID-19 síðastliðinn vetur og vor.

„Flestir þeirra sem fengu veiruna eru með mismikla síþreytu, það er að segja óeðlilega líkamlega og andlega þreytu. Margir eru enn óvinnufærir, meira en sex mánuðum eftir veikindin. Við búum vel að reynslu okkar síðustu árin í meðferðum síþreytusjúkdóma og höfum í öndvegi að fólk læri að stjórna orkunni sinni og ofgeri sér ekki,“ segir Birna og heldur áfram:

„Margir eru líka með einkenni frá öndunarfærum, hjarta- og æðakerfi eða meltingarfærum og oft tengjast þessi einkenni truflun í ósjálfráða taugakerfinu. Fólk glímir því við misalvarleg eftirköst sem fara lítið eftir því hversu alvarleg veikindin voru á sínum tíma. Flestir þola svo létta hjartaþjálfun en við fylgjumst mjög vel með þessu fólki og erum stöðugt að finna út hvaða meðferðir og prófanir henta því best.“

Á Heilsustofnun ríkja skrýtnir tímar eins og víðast hvar vegna heimsfaraldursins.

„Við höfum hingað til verið svo lánsöm að hafa ekki fengið neitt smit inn á stofnunina í þá níu mánuði sem kórónuveiran hefur geisað hérlendis. Við höfum allan tímann viðhaft strangar sóttvarnir og ráðstafanir, til dæmis er nú heimsóknarbann, grímuskylda og tíu manna hámarksfjöldi í hreyfitímum, en engu að síður gengur starfsemin vel og er mikil ásókn í að koma til okkar í endurhæfingu.“

Ekki stórir sigrar, en samt sigrar

Þorsteinn Hallgrímsson er einn af þeim sem hafa greinst með COVID-19 sjúkdóminn. Síðan þá hefur hann glímt við alvarleg eftirköst.

Ég greindist í lok mars. Inga konan mín og 19 ára sonur okkar greindust á svipuðum tíma. Hann jafnaði sig fljótt og Inga hefur endurheimt um 80-90% af heilsu. Sjálfur var ég ekki svo heppinn.“

Einkenni Þorsteins voru ódæmigerð sem varð til þess að hann greindist seinna. „Ég þjáðist af magakrampa og hélt engu niðri. Kona mín minntist á þetta í eftirlitssamtali og eftir að hjúkrunarfræðingur skoðaði mig var ég lagður inn og loks greindur.“

Þorsteinn var í einangrun í fimm vikur og sótti í sumar um að fara inn á Reykjalund. Þar sem biðin eftir innlögn var löng stakk Inga, sem er lærður sjúkraþjálfari, upp á því að, að Þorsteinn færi á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. „Ég viðurkenni að ég hafði mikla fordóma. Á svona heilsustofnun færu eingöngu gamalmenni og ég var ekki nema fimmtugur. En ég gæti ekki hafa haft meira rangt fyrir mér. Ég hafði verið með höfuðverk í sex vikur og hann hvarf eftir tvær vikur í Hveragerði. Eftir fjórar vikur af tímum hjá sjúkraþjálfara, nálastungum, núvitundarfyrirlestrum, leirböðum og fleiri meðferðum fann ég að ég var á bataleið. Það hjálpaði líka að viðmótið frá öllu starfsfólki þarna er fyrsta flokks. Mér líður vel í hjartanu að hugsa til baka og veit að ég á hiklaust eftir að fara aftur, vonandi ekki svona veikur heldur bara til þess að núllstilla mig.“

200 orkuboltar

„Í dag er ég langt frá því að vera með fulla orku. Lyktaskyn og bragðskyn er nánast ekkert. Orkan er misjöfn dag frá degi. Ég hef ekkert unnið síðan í september.



Eftir fjórar vikur á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði segist Þorsteinn Hallgrímsson þakklátur fyrir alla litlu sigrana. Hann sé á hægum batavegi, en batavegi engu að síður.

Stundum líður mér eins og að ég gæti vel farið í vinnu. Aðra daga er það útilokað. Í Hveragerði lærði ég að maður hefur bara takmarkaða orku. Heilbrigð manneskja byrjar daginn með 1.000 orkubolta sem hún deilir á milli til dæmis líkamsræktar, vinnu, gönguferðar, garðvinnu og fjölskyldunnar. En hvað gerir maður sem hefur bara 200 orkubolta í upphafi dags? Það er mikilvægt fyrir minn bata að halda áfram núvitundaræfingum og fara í göngur en það er viss áskorun að hætta göngu eftir tvo kílómetra. Því ég veit að ef ég fer lengra þá fæ ég það í hausinn daginn eftir. Þetta eru ekki stórir sigrar, en þetta eru sigrar.“

Lærði að forgangsraða og stjórna orkunni á nýjan hátt

Sigríður H. Kristjánsdóttir greindist með COVID-19 þann 8. mars. Hún var veik í fimm vikur og hefur glímt við mikil eftirköst síðan. Hún segir dvölina á Heilsustofnun í Hveragerði hafa haft gríðarlega jákvæð áhrif á líðan sína.

Sigríður var svo ólánsöm að vera ein þeirra sem veiktust mjög alvarlega og var lögð inn á spítala. „Ég er 48 ára, í fínu formi og nákvæmlega ekkert sem gaf til kynna að ég myndi veikjast alvarlega.“

Lífið gjörbreyttist

„Í dag eru liðnir tæplega níu mánuðir og ég er rétt hálf útgáfa af sjálfri mér. Ég var mjög frísk, drífandi og atorkusöm og ávallt með marga bolta á lofti. Orku- og úthaldsleysið er nú algjört, bæði andlega og líkamlega. Ég þarf að forgangsraða öllu sem ég geri og skipuleggja dagana svo ég keyri ekki á vegg. Heilaþokan er aðeins að lagast en ég mundi ekki nokkurn skapaðan hlut. Í byrjun september fannst mér þessi þó hægi bati vera farinn að renna afturábak niður brekkuna. Ég var svo heppin að fá þá inni í Hveragerði þangað sem ég fór í lok september.“

Kom ný til baka

„Þar var tekið öðruvísi á málunum en ég var vön að gera. Mér var sagt að ég gæti ekkert þjálfað mig til heilsu með meiri æfingum og látum, það myndi ekki enda vel og yrði alltaf bakslag. Ég var á þessum tímapunkti alltaf að ofkeyra mig þó mér fyndist ég ekki vera að gera neitt merkilegt. Næstu fjórar vikur var áhersla á slökun, léttar göngur, vatnsleikfimi, jóga, nudd, streitunámskeið og fleira í þeim dúr. Ég kúplaði mig alveg út og einbeitti mér bara að því að gera eins og mér var sagt. Ég kom kannski ekki stútfull af orku heim, en ég fékk nokkurs konar virkni-aðlögun þar sem ég lærði að stjórna andlegri og líkamlegri orku betur og forgangsraða. Ég er í sjúkraþjálfun og hreyfi mig daglega, en passa að hvíla mig líka svo ég hætti að keyra á þessa blessuðu veggi alltaf hreint.“



Sigríður er ein þeirra sem veiktust mjög alvarlega af COVID-19. Hún segir dvölina í Hveragerði hafa haft mikil áhrif á hugsunarhátt sinn hvað endurhæfingu og bata snertir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Starfsfólkið á Heilsustofnun er alveg magnað og hélt ótrúlega vel utan um mig. Mikil áhersla á næringu og hvíld og öll meðferð er einstaklingsmiðuð. Ég fékk vikulega stundaskrá sniðna að mínum þörfum og ef dagskráin var of mikil var mér sagt að sleppa frekar úr og hvíla mig. Þetta gerði mér ótrúlega gott og hjálpaði mér að læra á þennan nýja veruleika meðan ég tekst á við eftirköst þessara veikinda.“

Meðferðarlínur Heilsustofnunar

- Geðendurhæfing
- Gigtarendurhæfing
- Hjarta- og lungnaendurhæfing
- Krabbameinsendurhæfing
- Öldrunarendurhæfing
- Tauga- og bæklunarendurhæfing
- Offitu- og efnaskiptameðferð
- Streitumeðferð
- Verkjameðferð



Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656. | Veffang: frettabladid.is

Atvinnublaðið
Mest lesna atvinnublað Íslands*
Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626
*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára
job

Sölustjóri

VINNUPALLAR EHF
- ÖRUGGAR LAUSNIR -

Getur þú selt sand í Sahara? Eða klakabox á Grænlandi?

Vinnupallar ehf. óska eftir að ráða öflugan og árangursdrifinn sölustjóra. Leitað er að kröftugum og söludrifnum einstaklingi með reynslu af störfum í byggingaiðnaði eða þjónustu við mannvirkjaiðnaðinn.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:
- Rekstur verslunar
- Umsjón með tilboðs- og áætlanagerð
- Innkaup
- Þjónusta til aðila í mannvirkjaiðnaði

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölustörfum vegur þungt
- Reynsla af tilboðs-/áætlanagerð
- Reynsla af starfi í byggingaiðnaði eða í þjónustu við mannvirkjaiðnaðinn
- Frumkvæði og drifkraftur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð færni í íslensku og ensku í ræðu og riti

Vinnupallar ehf. sérhæfa sig í leigu og sölu á vörum og búnaði sem snýr að vinnustaðaöryggi í mannvirkjaiðnaðinum. Vinnupallar ehf. hafa jafnt og þétt verið að bæta vöruframboð síðastliðið ár og líta svo á að hlutverk fyrirtækisins sé að bjóða hágæða öryggisbúnað fyrir hlutaðeigendur í mannvirkjaiðnaði á hagstæðu verði og stuðli þannig að bættri vinnuvernd á Íslandi.

Nánari upplýsingar á **www.vpallar.is**

Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember 2020. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréfi. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.
Upplýsingar veitir Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Landsvirkjun

Óskum eftir að ráða viðhaldsstjóra á Mývatnssvæði

Í græna hagkerfinu er dyggð að nýta vel hið gamla og fara vel með þær auðlindir og eignir sem við pössum fyrir komandi kynslóðir.
Auk þess að vinna rafmagn úr endurnýjanlegum auðlindum leggjum við hjá Landsvirkjun áherslu á að viðhalda mannvirkjum okkar sem best, til að lengja líftíma þeirra og fá sem mest út úr þeim.
Nú auglýsum við eftir viðhaldsstjóra sem vill hjálpa okkur að skila rekstrinum í jafn góðu ástandi og við tókum við honum.

Viðhaldsstjóri á Mývatnssvæði hefur umsjón með rekstri, eftirliti og viðhaldi aflstöðva og veitumannvirkja. Einnig hefur viðhaldsstjóri umsjón með framkvæmdum innan starfssvæðisins og skipuleggur rof og vinnu. Viðhaldsstjóri er staðgengill stöðvarstjóra.

- Menntun á véla- og /eða rafmagnssviði
- Reynsla sem gagnast í starfi
- Lipurð í samskiptum og samstarfshæfni
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Reynsla og þekking á sviði gæðastjórnunar, viðhaldsstjórnunar, verkefnisstjórnunar, rafmagnsöryggisstjórnunar, verkstjórnunar og áætlunargerðar er æskileg
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæði í starfi
- Góð tölvukunnátta

Sótt er um starfið á vefsíðu Landsvirkjunar, **www.landsvirkjun.is**.
Fyrirspurnir um starfið má senda á starf@landsvirkjun.is
Umsóknarfrestur er til og með 2. desember 2020.



Viðskiptastjóri
á húsgagnasviði Pennans

Penninn óskar eftir viðskiptastjóra í framtíðarstarf á húsgagnasviði.

Penninn Húsgögn er með húsgagnaverslun og sýningarsal í Skeifunni 10 í Reykjavík, en þar má finna þekkta tímalausa hönnun erlendra og íslenskra hönnuða.

Húsgögnin sem Penninn selur eru framleidd af mörgum þekktustu og stærstu húsgagnaframleiðendum heims.

Umsóknir og fyrirspurnir skulu sendast á **atli@penninn.is**
Umsóknarfrestur er til 27. nóvember 2020

STARFSSVIÐ

- Ábyrgð, utanumhald og umsjón ákveðins hóps stærri viðskiptavina
- Sala og tilboðsgerð
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Kynning á húsgagnalausnum og vörum fyrir viðskiptavini
- Vaktir í húsgagnaverslun
- Önnur tilfallandi verkefni

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölu og viðskiptastjórnun
- Rík þjónustulund, sjálfstæði og sveigjanleiki
- Góð almenn enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta, kunnátta á Navision er æskileg
- Áhugi á framúrskarandi hönnun og því að selja gæðavörur

vitra. HermanMiller Kinnarps DENCON DAUPHIN

Elkem Iceland

Elkem Ísland kappkostar að starfa í víðtækri sátt við starfsfólk sitt, viðskiptavini, íslenskt samfélag og lífríki náttúrunnar. Með öryggi, fagmennsku og heiðarleika að leiðarljósi leggjum við okkar af mörkum til framleiðslu á hágæða kísilmálmi. Fyrirtækið ber virðingu gagnvart því jafnvægi sem ávallt þarf að ríkja á milli nýtingar og verndunar náttúruauðlinda. Elkem Ísland er hluti af Elkem A/S samsteypunni sem hefur í meira en hundrað ár verið frumkvöðull í tækniþróun í kísiliðnaði og haft frumkvæði að þróun margvíslegra lausna á sviði umhverfismála. Elkem Ísland starfar samkvæmt vottaðri gæða- og umhverfisstjórnun.



LEIÐTOGI RANNSÓKNARSTOFU

Elkem Ísland auglýsir starf leiðtoga rannsóknarstofu laust til umsóknar.
Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur reynslu af starfi á rannsóknarstofu og stjórnun og hefur áhuga á að vinna að framþróunarverkefnum í tengslum við gæði.

Starfssvið

Vinna með framkvæmdastjóra Gæðatryggingar og EBS ásamt gæðastjóra Elkem Ísland í eftirfarandi verkefnum:

- Rekstur rannsóknarstofu
  - Öryggismál
  - Mannahald
  - Skipulagning og þróun ferla
  - Þjálfun
  - Viðhald og innleiðing tækjabúnaðar
  - Fjárhagsáætlanir
- Samvinna með öðrum deildum við:
  - Að auka gæðavitund og gæðaþekkingu starfsmanna
  - Þróun, þjálfun og eftirfylgni á ferlum varðandi sýnatöku/sýnavinnslu/greiningar
  - Önnur mál er varða gæðatryggingu ferla og vöru í framleiðslu
- Samvinna við aðrar rannsóknarstofur innan Elkem Silicon Products
- Innri og ytri úttektir
- Önnur verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í efnafræði eða efnaverkfræði
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla af vinnu á rannsóknarstofu
- Færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna í teymi
- Agi, nákvæmni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af kennslu og fræðslu starfsmanna er kostur
- Reynsla af innri/ytri úttektum er kostur
- Þekking á straumlínustjórnun (LEAN) er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku. Kunnátta í a.m.k. einu Norðurlandamáli er kostur

SÉRFRÆÐINGUR Á SVIÐI EFTIRVINNSLU MÁLMS

Elkem Ísland auglýsir eftir sérfræðingi á sviði heitrar eftirvinnslu málms.

Starfssvið

Vinna í teymi framkvæmdastjóra Fullvinnslu og skipulags hjá Elkem Ísland í eftirfarandi verkefnum:

- Framkvæmir daglegt eftirlit á framleiðslu og lykilferlum sem snúa að heitri eftirvinnslu málms
  - Öryggismál
  - Greining og þróun lykilferla
  - Umbætur tengdar lykilferlum og sem snúa að framleiðslunni
  - Þátttaka í þróun verkferla sem snúa að framleiðslunni
  - Ýmis umbótaverkefni tengd lykilferlum og framleiðslunni
- Vinnur þvert á aðrar deildir innan fyrirtækisins
- Samvinna við aðra sérfræðinga innan Elkem Silicon Products
- Önnur verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í efnafræði eða efnaverkfræði
- Þekking á sambærilegu framleiðsluferli er kostur
- Góð greiningarhæfni
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna í teymi
- Agi, nákvæmni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þekking á straumlínustjórnun (LEAN) er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku. Kunnátta í a.m.k. einu Norðurlandamáli er kostur

Umsóknarfrestur: **1. desember nk**. Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.
Nánari upplýsingar veitir: Katrín S. Óladóttir, **katrin@hagvangur.is**

HAGVANGUR

VAKI VEX – VILT ÞÚ VERA MEÐ?

Vaki fiskeldiskerfi var stofnað árið 1986 og er leiðandi fyrirtæki í hönnun og þróun á hátæknibúnaði fyrir fiskeldi um allan heim. Fiskiteljarar byggðir á tölvusjón telja fisk á öllum stigum í eldinu; í seiðastöðvum, í brunnbátum og við aflúsun. Annað sérsvið Vaka er búnaður til að stærðarmæla fisk í sjókvíum og gefur hann nákvæmar upplýsingar um meðalþyngd, stærðardreifingu og vöxt fisksins í kvíunum. Dæling og flokkun á fiski, svo og loftun í sjókvíum, eftirlit og stýringar ýmiskonar er einnig stór hluti af vörulínu Vaka. Dótturfélög í Noregi, Chile og Skotlandi, ásamt þjónustu- og umboðsaðilum víða um heim, veita viðskiptavinum ráðgjöf, þjónustu og þjálfun.

Árið 2019 keypti MSD Animal Health allt hlutafé í Vaka og nú sem hluti af MSD eru uppi spennandi áform um stækkun og eflingu fyrirtækisins. Aukin áhersla verður lögð á vöruþróun og þjónustu í nánu samstarfi við viðskiptavini og munu nýjar lausnir knýja framþróun fiskeldis um allan heim. Frekari upplýsingar á **www.vaki.is**

ÞRÓUNARSTJÓRI

Þróunarstjóri leiðir rannsóknir og þróun og stýrir stefnumótun í allri rannsókna- og þróunarstarfsemi fyrirtækisins. Sérstakur fókus er á tölvusjón og gervigreindarlausnir og gerum við ráð fyrir aukningu í þessari starfsemi og fjölgun starfsmanna. Þróunarstjóri mun einnig samræma starfsemi og vinna náið með þróunardeild móðurfyrirtækisins.

Helstu verkefni:
- Lykilmaður í forystuhóp Vaka, ábyrgur fyrir allri þróunarstarfsemi fyrirtækisins
- Forysta, leiðsögn og yfirstjórn þróunarteymisins
- Ábyrgð á ákvörðunum þróunardeildar og endanlegum útfærslum lausna
- Ábyrgð á og stjórnun verkferla
- Ábyrgð á gerð fjárhagsáætlana þróunardeildar og eftirfylgni þeirra
- Ábyrgð á flutningi frumgerða úr þróunarferli í framleiðslu
- Ábyrgð á stuðningi og eftirfylgni með öllum vörum
- Ábyrgð á skrásetningum, vottunum og einkaleyfum

Hæfniskröfur:
- Meistaragráða í verkfræði eða álíka greinum
- Reyndur þróunarstjóri með sterkan tæknilegan bakgrunn
- Mikil reynsla af stjórnun þróunarverkefna
- Reynsla og þekking á uppbyggingu þróunarhópa
- Góð þekking á tækjum verkefnastjórnunar
- Reynsla af stjórnun verkefna í tölvusjón, gervigreind og skýjalausnum
- Þekking á þörfum fiskeldisfyrirtækja er stór kostur
- Góð tungumálakunnátta nauðsynleg

VERKFRÆÐINGUR

Verkfræðingurinn er sérfræðingur í tölvusjón og tekur þátt í þróun á tæknibúnaði sem byggir á tölvusjón og gervigreind.

Helstu verkefni:
- Þróun á tæknibúnaði sem m.a. byggir á tölvusjón og gervigreind
- Úrvinnsla gagna frá mælitækjum
- Forritun og prófanir á hugbúnaði
- Þjálfun gervigreindarlíkana
- Þátttaka í gerð notkunarleiðbeininga
- Samskipti við umboðsmenn, tæknimenn, þjónustuaðila og notendur
- Þátttaka í þróunarverkefnum almennt

Hæfniskröfur:
- Meistaragráða í verkfræði eða álíka greinum
- Reynsla af hönnun á vélbúnaði og/eða hugbúnaði
- Reynsla úr þróunar- eða hönnunarteymum
- Þekking á myndgreiningu, myndvinnslu og gervigreind
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður
- Góð tungumálakunnátta

HUGBÚNAÐARVERKFRÆÐINGUR

Hugbúnaðarverkfræðingur tekur þátt í þróun á gagnagrunns- og skýjalausnum Vaka sem halda utan um mælingar og skýrslur viðskiptavina víða um heim.

Helstu verkefni:
- Þróun á gagnagrunns- og veflausnum (skýjalausnum)
- Úrvinnsla og framsetning gagna frá mælitækjum
- Forritun og prófanir á hugbúnaði
- Þátttaka í þróunarverkefnum
- Þátttaka í gerð notkunarleiðbeininga
- Samskipti við tæknimenn, þjónustuaðila og notendur
- Þjálfun þjónustuaðila

Hæfniskröfur:
- Meistaragráða í verkfræði, tölvunarfræði eða sambærilegum greinum
- Reynsla af hönnun og hugbúnaðarþróun
- Þekking á gagnagrunnum, þróunartólum og skýjalausnum (AWS og/eða AZURE)
- Þekking á netöryggismálum
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður
- Góð tungumálakunnátta

ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

Þjónustufulltrúi er í beinum samskiptum við viðskiptavini og leysir og/eða miðlar málum til þess að þau fái lausn á sem skilvirkastan hátt. Þjónustufulltrúi er í miklum samskiptum við allar deildir innan Vaka við úrvinnslu mála og mun öðlast víðtæka þekkingu á hinum ýmsu vörum Vaka.

Helstu verkefni:
- Eftirfylgni með þjónustusamningum
- Skoðun og eftirlit með tækjum í gegnum fjartengibúnað
- Uppfærsla á hugbúnaði, innleiðing nýrra lausna fyrir viðskiptavini
- Eftirfylgni með nýjum búnaði með það að markmiði að fyrsta upplifun viðskiptavinar sé sem best
- Samskipti við viðskiptavini á heimsvísu í gegnum síma og netpóst
- Ráðgjöf og upplýsingagjöf
- Skráning á vandamálum og úrlausnum inn í gagnagrunn

Hæfniskröfur:
- Rafeindavirkjun eða sambærileg menntun
- Góð enskukunnátta, þekking á norsku er kostur
- Hæfni í bilanagreiningu á tölvum og öðrum tæknibúnaði
- Þekking á MS Office
- Þjónustulund, drifkraftur og metnaður
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir samskiptahæfileikar

Umsóknarfrestur er til og með **1. desember 2020**. Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**.
Nánari upplýsingar um störfin veitir Inga S. Arnardóttir, **inga@hagvangur.is**

HAGVANGUR



Viltu vera með?

Lyfjafræðingur

Lyf & heilsa óskar eftir lyfjafræðingum til fjölbreyttra starfa í apótekum okkar á höfuðborgarsvæðinu.

Lyfsöluleyfishafi

Lyfjafræðingur óskast til að veita forstöðu einu apóteka okkar á höfuðborgarsvæðinu.

Starfssvið

Í starfinu felst, auk daglegrar stjórnunar apóteksins, fagleg ábyrgð á afgreiðslu lyfja samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsölu.

Hæfniskröfur

Ef þú hefur háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi, brennandi áhuga á þjónustu, ert jákvæður og opinn einstaklingur, þá gætum við verið að leita að þér.

Lyfjafræðingur

Starfssvið

Í starfinu felst fagleg ábyrgð á afgreiðslu lyfja samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsölu.

Hæfniskröfur

Ef þú hefur háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi, brennandi áhuga á þjónustu, ert jákvæður og opinn einstaklingur, þá gætum við verið að leita að þér.

Upplýsingar um störfin veitir Guðbjörg Stefánsdóttir, rekstrar- og mannauðsstjóri, gudbjorg@lyfogheilsa.is

Fyrir bæði störfin skal senda umsókn merkta „lyfjafræðingur“, ásamt ferilskrá á starf@lyfogheilsa.is fyrir 6. desember.

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa er framsækið þjónustufyrirtæki með starfsemi víðsvegar um landið. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu á sviði heilsu, heilbrigði og lífsgæða.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

PIPARTBWA - SÍA

---

málun ehf.

Vanir málarar óskast

Hlutfall: Fullt starf **Tegund:** Iðnaðarmenn

Sjá nánar á Job

job
Finnum draumastarfið saman

Seltjarnarnesbær
Laus störf

Leikskóli Seltjarnarness

- **Deildarstjórar,** fullt starf.

Frístundamiðstöð Seltjarnarness

- **Tómstundafræðingur, leikskólakennari, uppeldisfræðingur eða kennari** óskast í hlutastarf með 6-9 ára börnum.

Nánari upplýsingar um störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is **– Störf í boði**

Umsóknarfrestur er til 30. nóvember næstkomandi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

HAGVANGUR

hagvangur.is

Hefur þú brennandi áhuga á uppbyggingu íslensks samfélags?

Vegna vaxandi verkefna leitar Framkvæmdasýsla ríkisins að öflugum liðsmönnum til að taka þátt í fjölbreyttum og krefjandi verkefnum við undirbúning, uppbyggingu og endurnýjun starfsaðstöðu ríkisaðila.

Sérfræðingur í viðskiptagreind (BI)

Starfið fellur undir svið fjárfestingaáætlana og greininga og felur í sér þátttöku í uppbyggingu stafrænna innviða fyrir eignastýringu og verkefnastjórnun eignamála ríkisins.

Helstu verkefni:

- Uppbygging, hönnun og þróun gagnagrunna, vöruhúss gagna og gagnavinnslu
- Viðhald og rekstur gagnagrunna, vöruhúss gagna og gagnavinnslu
- Þróun viðskiptagreindar samhliða þróun á gagnavinnslum og vöruhúsi gagna
- Framsetning upplýsinga í skýrslum og á mælaborði
- Greining og hönnun gagna, gagnamarkaða og teninga
- Innleiðing nýrra stafrænna lausna

Verkefnastjóri - umhverfismál

Starfið felur í sér þátttöku í framþróum umhverfisáherslna í íslenskri mannvirkjagerð og verður starfsmaður hluti af umhverfisteymi FSR.

Helstu verkefni:

- Miðlun þekkingar og reynslu FSR á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja, innan stofnunar sem utan
- Umsjón og eftirfylgni með umhverfisvottunarkerfum og viðmiðum FSR
- Rýni á framsetningu umhverfisáherslna í hönnunargögnum
- Samskipti við og rýni gagna frá ráðgjafateymum og verktökum
- Þátttaka í skilgreiningu viðmiða fyrir vistvænar áherslur í mannvirkjagerð og þróun á umhverfisvídd FSR
- Umsjón með innra umhverfisstarfi FSR (Græn skref, loftslagsstefna o.fl.)

Verkefnastjóri - verkhönnun

Starfið fellur undir svið verkhönnunar og framkvæmda og felur í sér tækifæri til að taka þátt í framþróun aðferða og viðmiða í hönnun og undirbúningi framkvæmda á vegum ríkisaðila.

Helstu verkefni:

- Verkefnastjórnun á stigi verkhönnunar og við undirbúning framkvæmda
- Umsjón með og rýni útboðsgagna og tæknilýsinga
- Gerð verk-, kostnaðar- og tímaáætlana
- Rýni útboðsgagna og umsagnir vegna áætlunargerðar
- Þátttaka í gerð hönnunar- og verksamninga
- Ráðgjöf til ráðuneyta og stofnana um húsnæðismál og verklegar framkvæmdir
- Þátttaka í frumkvæðisverkefnum s.s. innleiðingu á notkun verkefnavefja, upplýsingalíkana mannvirkja og umhverfisvottunarkerfa í byggingariðnaði á Íslandi

Verkefnastjóri - verklegar framkvæmdir

Starfið fellur undir svið verkhönnunar og framkvæmda og felur í sér tækifæri til að taka þátt í framþróun aðferða og viðmiða í framkvæmdum á vegum ríkisaðila.

Helstu verkefni:

- Umsjón og verkefnastjórnun verkefna á stigi framkvæmda
- Hlutverk verkkaupa gagnvart verktökum, byggingarstjóra og eftirliti
- Rýni hönnunargagna og kostnaðaráætlana á hönnunarstigi
- Rýni útboðsgagna og gerð umsagna um áætlunargerð
- Þátttaka í gerð verksamninga og umsjón með þeim
- Ráðgjöf til ráðuneyta og stofnana um húsnæðismál og verklegar framkvæmdir
- Þátttaka í frumkvæðisverkefnum s.s. innleiðingu á notkun verkefnavefja, upplýsingalíkana mannvirkja og umhverfisvottunarkerfa í byggingariðnaði á Íslandi

FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) er leiðandi afl á sviði uppbyggingar og endurnýjunar starfsaðstöðu ríkisaðila.

Markmið okkar er að efla verklag, auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir og húsnæðisöflun ríkisins.

Við störfum í virku samstarfi við Ríkiseignir, ráðuneyti og stofnanir ríkisins og leitum markvisst leiða til að efla aðstöðu hins opinbera og stuðla að ábyrgri uppbyggingu samfélaginu til heilla.

FSR er í fararbroddi við að innleiða vistvænar vinnuaðferðir og upplýsingalíkön mannvirkja (BIM) í byggingariðnaði á Íslandi.

Framkvæmdasýslan starfar í krefjandi umhverfi og er hæft starfsfólk grunnstoð hennar. Við leggjum áherslu á að starfsfólk sýni frumkvæði, fagmennsku og þjónustulund, njóti sín í starfi og hafi möguleika á að auka þekkingu sína og reynslu með markvissum hætti.

Meðal verkefna í vinnslu eru hjúkrunarheimili víða um landið, húsnæði viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu, Hús íslenskunnar, skrifstofubygging Alþingis, uppbygging gestastofa og innviða á friðlýstum svæðum, þróun stjórnarráðsreits í miðborg Reykjavíkur og uppbygging ofanflóðavarna.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar má finna á:
www.fsr.is

Umsóknarfrestur er til og með 7. desember 2020. Ítarlegri upplýsingar um störfin ásamt menntunar- og hæfniskröfum er að finna á **www.intellecta.is**. Með umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjenda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, af öllum kynjum og aldri, eru hvattir til að sækja um störfin. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir





Rafvirkjameistari

Smith & Norland vill ráða yfirmann til starfa í þjónustudeild fyrirtækisins.

Starfið felur í sér viðgerðir og þjónustu á heimilistækjum, kælitækjum og öðrum rafbúnaði, innkaup og afgreiðslu varahluta, símsvörun og umsjón með þjónustuverkstæði okkar.
Leitað er að röskum og sjálfstæðum einstaklingi, rafvirkja með meistararéttindi, sem vill takast á við áhugavert starf og hefur mikinn áhuga á þjónustu og mannlegum samskiptum í vaxandi umsvifum.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki á rafmagnssviði.
Áhugasamir sendi umsókn á **halldorh@sminor.is** eða skili henni á skrifstofu fyrirtækisins með upplýsingum um menntun og fyrri störf fyrir 27. nóvember.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu okkar, **sminor.is** (undir flipanum Fyrirtækið).
Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

100 ÁRA 1920-2020

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

CERT.IS

Forstöðumaður - Netöryggissveitin CERT-IS

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að stuðla að netöryggi ásamt hagkvæmri, öruggri og aðgengilegri fjarskiptaþjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Gert er ráð fyrir að starfsemi vegna netöryggis meira en tvöfaldist á 3 árum og er fjármögnuð í fjármálaáætlun.

PFS starfar í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi og hvílir starfsemin annars vegar á alþjóðlegri þróun í fjarskiptum, upplýsingatækni og netöryggi og hins vegar á lagagrundvelli EES svæðisins. Flestir starfsmenn PFS taka þátt í alþjóðlegum verkefnum.

Hjá PFS starfa nú um 30 manns, aðallega sérfræðingar við úrlausn verkefna á sviði netöryggis, tæknimála, viðskipta og laga sem tengjast hlutverki stofnunarinnar. Sjá einnig á www.pfs.is.

Netöryggissveitin CERT-IS er sjálfstæð eining innan Póst- og fjarskiptastofnunar og hefur það hlutverk að greina netógnir, viðhafa ástandsvitund, upplýsa um netógnir og meðhöndla og samræma viðbrögð við netatvikum í netumdæmi Íslands. Starfsemin fer fram á grundvelli laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða (NIS-lög), fjarskiptalaga og laga um Póst-og fjarskiptastofnun. Sérstakt netumdæmi netöryggissveitarinnar nær til bankastarfsemi og innviða fjármálamarkaða, samgangna, orku-, hita- og vatnsveitna, heilbrigðisþjónustu, Stjórnarráðsins, auk fjarskipta, stafrænna grunnvirkja og stafrænnar þjónustu. Þá er netöryggissveitin landbundinn tengiliður í alþjóðasamstafi CERT-teyma.

Starfssvið

- Leiða áframhaldandi uppbyggingu netöryggissveitarinnar CERT-IS í samstarfi við hóp sérfræðinga stofnunarinnar og hagaðila.
- Umsjón og ábyrgð á starfsemi netöryggissveitar CERT-IS.
- Samskipti við hagaðila, fjölmiðla, þjónustuhóp netöryggissveitarinnar og stjórnvöld vegna starfsemi sveitarinnar.
- Þátttaka í alþjóðlegu starfi CERT-teyma.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Hæfni til að vinna í hópi og leiða samvinnu og breytingar þar sem sjónarmið lögfræði og tækni mynda saman lausn.
- Almenn þekking á netöryggismálum ásamt uppbyggingu og virkni netkerfa.
- Háskólanám sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur.
- Drifkraftur, frumkvæði, jákvæðni og metnaður til að ná árangri.
- Góð samskiptahæfni, bæði í rituðu og mæltu máli á íslensku og ensku.
- Stjórnunarreynsla er kostur.
- Hreint sakavottorð og skal standast öryggisvottun á grundvelli varnamálalaga.

Í boði eru samkeppnishæf kjör í síbreytilegu og spennandi umhverfi, þar sem gerðar eru miklar fagkröfur.

Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2020.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

PFS hvetur einstaklinga af öllum kynjum til að sækja um starfið.
Umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með ráðningarferlinu hafa Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Jensína Kristín Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

SKAGINN 3X

YOUR **NEW CAREER** STARTS HERE!

BE THE FUTURE OF FOOD PROCESSING INNOVATION

SERVICE

Service Manager

- Develop our service business and operations further
- Build outstanding customer experience and facilitate growth
- Great technical understanding of the food processing industry
- Customer focused with commercial skills and a mindset for growth

Technical Support Lead

- Develop and lead our team of technical support engineers
- Organize our help desk and technical support material
- Optimize the capabilities of a team in a fast paced environment
- In-depth technical skills from an industrial environment
- A resourceful fixer with a customer service mindset

Technical Support Engineers

- Remote and onsite technical support around the world
- Be ready to travel and work flexible hours in different time zones
- A solution oriented trouble shooter with great technical training
- A quick thinker, who enjoys technical challenges

Spare Parts Lead

- Grow our spare parts business with proactive sales activities
- Work closely with our supply chain and engineering teams
- Ensure outstanding deliveries and offerings to clients
- Organized, efficient and sales oriented mindset

Service Coordinator

- Manage service requests and coordinate service delivery
- Organize service visits and carry out various data entry tasks
- A flexible multi-tasker with a penchant for service
- A responsive organizer who is active and outgoing

FINANCE

Cost Controller

- Oversee and develop the cost model and improve efficiency
- Analyze costs and support project cost management
- An insightful cost controller who can easily collaborate with others
- Great written and oral communication skills

ENGINEERING & PRODUCT DEVELOPMENT

Head of Software Engineering

- Lead the development of our digital product offering
- Grow our digital business and coordinate the right competences
- An experienced software leader with a passion for growth
- A visionary with great communication and organizational skills

Software Engineers

- Experienced, ambitious software engineers for various positions
- Skilled in back-end and front-end development
- Fields include automation, databases and vision systems
- Resourceful, organized, innovative and methodological

DevOps Engineer

- Manage delivery pipeline for digital and automation solutions
- Continuously oversee and maintain processes and standards
- Maintain quality and speed of deployments
- Great organizational and communication skills

Project Manager – R&D

- Proactive R&D leader for freezing, chilling, thawing and cleaning
- Lead work across our development and engineering teams
- Expert food technologist with passion for QC and food safety
- Strong communication and leadership skills

Project Manager – Processes, QC and Infrastructure

- Lead and facilitate various development projects
- Support processes, infrastructure and engineering standards
- A highly skilled engineer to work with different stakeholders
- A proactive, process optimizer with sound business sense

Multimedia Sales Engineer

- A proficient 3D, multimedia layout designer for sales engineering
- Resourceful, proactive engineer with a creative mind
- Expert in Autodesk, Inventor 3D and multimedia development
- Passionate about animation and virtual & augmented reality

Food Processing Industry Experts

- Experienced food processing industry specialists wanted
- Sales, service, software, procurement, logistics and engineering
- Several opportunities available for the right global industry experts

For further information please check **www.skaginn3x.com/jobs** or contact: **hilmar@vinnvinn.is** and **jensina@vinnvinn.is** vinn vinn

JOIN US AS
WE JOIN FORCES IN 2021

BAADER and **SKAGINN** will be joining forces in **January 2021** when **BAADER** will acquire a majority share in **SKAGINN 3X.** The transaction is subject to customary closing conditions and the approval of the relevant authorities.

SKAGINN 3X is an innovative producer of chilling, freezing and thawing solutions for the food processing industry.

www.skaginn3x.com

BAADER is the global partner on food processing solutions with over 100 years' experience.

www.baader.com

VA 26/2020

Director of Administration

The Administration Division of the European Free Trade Association (EFTA) is based in Brussels and provides internal services and support to the whole Organisation. The Director of Administration is responsible for the services of Finance, Human Resources, IT and Logistics, in accordance with the organisation's strategy and goals.

The successful candidate will lead a team of 15 staff members and have the overall responsibility for the internal administrative services provided to the Secretariat. S/he will have a transversal role providing support to the five operational Divisions located in Geneva, Brussels, and Luxembourg, as well as to the Financial Mechanism Office of the EEA EFTA States in Brussels and therefore travels to all duty stations.

Applicants must apply via the EFTA e-recruitment tool:
http://jobs.efta.int/

Deadline for applications: **6 December 2020**.

The function of Director of Administration at EFTA involves:

- Leadership and support of the different heads of teams (Finance, HR, IT) and co-ordination of all services;
- Internal Financial control and reporting to EFTA Senior Management and Member States;
- Assisting EFTA Senior Management in their decisions regarding personnel policies, staffing and financial planning and other strategic decisions;
- Representing the management towards the staff committee of the EFTA Secretariat for the current business;
- Extensive contacts with the Member States, other EFTA Organisations and the relevant authorities.

APPLICANTS MUST BE NATIONALS OF ONE OF THE EFTA MEMBER STATES (ICELAND, LIECHTENSTEIN, NORWAY AND SWITZERLAND)

For further information on this post, please contact:
Ms Inga Hanna Gudmundsdottir, Head of HR, ihg@efta.int, tel. +32 2 286 17 06

GÆÐA- OG MANNAUÐSSTJÓRI

Borgarbyggð er fallegt, friðsælt og fjölskylduvænt sveitarfélag á Vesturlandi, í nálægð við allt sem skiptir máli. Í þeirri vegferð sem fram undan er ætlum við að efla þjónustu sveitarfélagsins og vera tilbúin að mæta áskorunum framtíðarinnar. Áhersla verður lögð á þverfaglegt samstarf í verkefnamiðuðu umhverfi og frekari þróun innra starfs sem leiði að framúrskarandi þjónustu og öflugu vinnuumhverfi.

Við leitum eftir öflugum og drífandi einstaklingi sem sýnir metnað og frumkvæði í starfi. Borgarbyggð hefur einsett sér að leggja aukna áherslu á notendamiðaða þjónustuhönnun, tækniframþróun og þjónustu við íbúa og viðskiptavini.

Erum við að leita að þér?

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- **Framkvæmd starfsmannastefnu sveitarfélagsins.**
- **Stuðningur og ráðgjöf til stjórnenda í mannauðsmálum og undirbúningur reglna og leiðbeininga til að gæta jafnræðis, svo sem ráðningaferli, móttaka starfsmanna og starfslok.**
- **Uppsetning, útfærsla og innleiðing gæðakerfis og daglegur rekstur þess.**
- **Afmarka þá ferla sem eru nauðsynlegir fyrir gæðakerfi og forgangsraðar þeim. Stýrir vinnu við gerð ferla og gæðakerfis í samstarfi við hlutaðeigandi aðila hverju sinni.**
- **Vaktar, mælir og greinir ferla og hefur yfirumsjón með eftirliti með ferlum.**
- **Ákvarðar hvaða árangursmælingar skulu framkvæmdar.**
- **Framkvæmir innri úttektir, svo sem starfsmannakannanir og árangursmælingar og fleiri þætti til að framfylgja stefnum sveitarfélagsins.**
- **Vinnur að úrbótum og eftirfylgni.**
- **Vinnur að þjónustuþróun og innleiðingu notendamiðaðrar þjónustuhönnunar.**
- **Vinnur að innleiðingu teymisvinnu í sveitarfélaginu.**
- **Þátttaka í stefnumótunarvinnu og vinnuhópum á vegum sveitarfélagsins í samráði við sveitarstjóra.**

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- **Krafist er háskólamenntunar sem nýtist í starfi.**
- **Framhaldsmenntun í verkefna-, gæða- eða mannauðsstjórnun eða sambærilegum greinum æskileg.**
- **Marktæk reynsla af gæða- og mannauðsmálum nauðsynleg.**
- **Reynsla af rekstri gæðastjórnunarkerfa, mótun verkferla, innleiðingu og umbótastarfi nauðsynleg.**
- **Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg.**
- **Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.**
- **Þekking og/eða reynsla af úrvinnslu tölfræðilegra gagna.**
- **Reynsla af teymisvinnu, stefnumótun og breytingastjórnun er kostur.**
- **Sjálfstæði í störfum, faglegur metnaður, frumkvæði og góð skipulagshæfni.**
- **Rík þjónustulund**
- **Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.**

FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Launakjör eru samkvæmt gildandi samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi. Umsókn fylgi einnig kynningarbréf.

Umsóknir skal senda á netfangið atvinna@borgarbyggd.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Vinnutími: Dagvinna • Starfshlutfall: 100% • Starfssvið: Skrifstofa sveitarstjóra

Umsóknarfrestur er til og með: 28. nóvember n.k.
Nánari upplýsingar veitir Þórdís Sif Sigurðardóttir sveitarstjóri
sveitarstjori@borgarbyggd.is – 433-7100

BORGARBYGGÐ

Sveitarfélagið ÁRBORG

Leikskólinn Goðheimar Selfossi laus störf



Leikskólinn Goðheimar er nýr sex deilda leikskóli sem er í byggingu við Engjaland 21 á Selfossi. Áætlað er að opna hluta leikskólans í mars 2021 og allan leikskólann í ágúst 2021.
Hér með eru auglýstar stöður sérkennslustjóra, deildarstjóra, leikskólakennara, matráðs og aðstoðarmatráða.

Í Sveitarfélaginu Árborg búa rúmlega 10 þúsund manns og lögð er áhersla á öflugt skóla- og frístundastarf og góða velferðarþjónustu. Skólar og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna að því að styrkja heildstæða nær þjónustu við börn, foreldra og skóla. Þá er áhersla lögð á snemmtækan stuðning, góð tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingum sem búa yfir þekkingu, reynslu og áhuga á skólastarfi.

Sérkennslustjóri
Um er að ræða 100% stöðu sérkennslustjóra sem ráðið verður í frá og með **15. febrúar 2021** eða eftir nánari samkomulagi.

Deildarstjórar
Um er að ræða þrjár 100% stöður deildarstjóra sem ráðið verður í frá og með **15. febrúar 2021** og þrjár 100% stöður deildarstjóra sem ráðið verður í frá og með **1. ágúst 2021**

Leikskólakennarar
Um er að ræða 12 stöður leikskólakennara í 100% starfshlutfalli sem ráðið verður í frá og með **1. mars 2021** og 12 stöður leikskólakennara sem ráðið verður í frá og með **1. ágúst 2021**

Matráður/matreiðslumaður
Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem getur hafið störf **15. febrúar 2021** í 100 % starf

Aðstoðarmatráðar
Ein 100% staða frá **1. mars 2021** og ein 80% staða frá **1. ágúst 2021**

Frekari upplýsingar um störfin: menntun, hæfniskröfur, helstu ábyrgð og verkefni er hægt að kynna sér á heimasíðu Árborgar – Laus störf

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri, sigridurb@arborg.is Sími 480-6352 og 480-3272.

Umsóknum fylgi leyfisbréf, yfirlit yfir nám, fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfi.

Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins http://starf.arborg.is/ **Umsóknarfrestur er til 25. nóvember 2020.**





Framendaforritari

Við leitum að fjölhæfum, hressum vefforritara með brennandi áhuga á notendaupplifun, viðmóti og framsetningu gagna til að leiða vefþróun fyrirtækisins. Um er að ræða spennandi starf í alþjóðlegu umhverfi.

STARFSSVIÐ

- Þróun á nýju notendaviðmóti fyrir vefkerfi Össurar
- Þátttaka í hugmyndavinnu fyrir notendaupplifun
- Samskipti við UX/UI hönnuði og aðra hagaðila innan Össurar
- Þátttaka í þróunarteymum og samvinna við aðrar deildir innan Össurar

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á React, Redux, NodeJS, NextJS, Docker
- Reynsla af útgáfustýringu með Git
- Þekking á Heroku, Prismic er kostur
- Brennandi áhugi á UX
- Framúrskarandi samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Drifkraftur og hæfni í teymis- og verkefnavinnu
- Mjög góð enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2020.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.
Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur.
Athugið að velja viðeigandi starf. For English version please see the above webpage.
Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 3.500 manns í 26 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

WWW.OSSUR.IS

SÉRFRÆÐINGUR Í REKSTRI MIKILVÆGRA INNVIÐA



Við leitum að reynslumiklum sérfræðingi með ríka öryggisvitund til að takast á við spennandi verkefni á sviði upplýsinga-tækni í samhentu UT teymi okkar.

Upplýsingatækni gegnir veigamiklu hlutverki í allri starfsemi Landsnets og felur starfið í sér ábyrgð á rekstri allra grunninnviða auk tæknilegra öryggismála. Flutningskerfi raforku á Íslandi treystir á uppitíma og rekstraröryggi tölvukerfanna og því er um krefjandi og ábyrgðarmikið starf að ræða.

Hæfniskröfur

- Umfangsmikil reynsla af rekstri mikilvægra innviða í stærri fyrirtækjum
- Góð þekking á rekstri
  - sýndarumhverfa og skýjalausna
  - stýrikerfa netþjóna (Windows/Linux) og SQL innviða
  - eldveggja, afritunarlausna og eftirlitskerfa
- Góð þekking á net- og upplýsingaöryggi (hugbúnaðaröryggi)
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Umsjón með daglegum rekstri upplýsingatæknikerfa Landsnets
- Eftirlit með afköstum og rekstraröryggi upplýsingakerfa
- Þátttaka í innleiðingum og úrbótaverkefnum
- Samskipti við þjónustuaðila Landsnets á sviði upplýsingatæknimála

Umsóknarfrestur er til 29. nóvember 2020. Sótt er um starfið á **landsnet.is**.
Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.
Nánari upplýsingar veitir Ólafur Kári Júlíusson, mannauðssérfræðingur, **mannaudur@landsnet.is**.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

LANDSNET

Embætti dómara við Landsrétt laust til umsóknar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar eitt embætti dómara við Landsrétt. Stefnt er að því að skipa í embættið hið fyrsta eftir að dómnefnd um hæfni umsækjenda um dómaraembætti hefur lokið störfum. Um launakjör fer samkvæmt lögum um dómstóla nr. 50/2016, sbr. lög nr. 79/2019.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 21. gr. laga nr. 50/2016. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 970/2020, um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um: 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) almenna og sérstaka starfshæfni, 9) andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 10) tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf landsréttardómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlegum fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjenda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem landsréttardómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 7. desember nk. Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu á minnislykli eða með rafrænum hætti á netfangið starf@dmr.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Dómsmálaráðuneytinu,
20. nóvember 2020.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

MG málun ehf.

Vanir málarar óskast

Hlutfall: Fullt starf **Tegund:** lónaðarmenn

Sjá nánar á Job

job
Finnum draumastarfið **saman**

Seltjarnarnesbær
Laus störf

Leikskóli Seltjarnarness
- **Deildarstjórar,** fullt starf.

Frístundamiðstöð Seltjarnarness
- **Tómstundafræðingur, leikskólakennari, uppeldisfræðingur eða kennari** óskast í hlutastarf með 6-9 ára börnum.

Nánari upplýsingar um störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is **– Störf í boði**

Umsóknarfrestur er til 30. nóvember næstkomandi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

ERT ÞÚ STAFRÆNN LEIÐTOGI?



Langar þig að hjálpa fyrirtækjum og stofnunum að breyta ferlum, samskiptum, upplýsingagjöf, þjónustu, afgreiðslu og ákvörðunum yfir á stafrænt form og þannig auka sjálfvirkni, sjálfsafgreiðslu, bæta þjónustu og skilvirkni? Þá gæti þetta verið starf fyrir þig!

HELSTU VERKEFNI:
- Leiða og byggja upp ofurteymi sérfræðinga sem sinna ráðgjöf, breytingastjórnun og útfærslu tæknilausna
- Leiða vöruþróun og þróun viðskiptaferla hjá viðskiptavinum
- Leiða hönnunarspretti og móta tillögur á sviði stafrænnar þjónustu
- Þátttaka í stefnumótandi áherslum á sviði stafrænna umbreytinga
- Skipulag sölufunda, aðkoma að samningagerð og samskipti við viðskiptavini

HÆFNISKRÖFUR:
- Leiðtoga- og samskiptahæfileikar
- Haldbær reynsla og skilningur á stafrænum umbreytinga verkefnum
- Þekking á agile aðferðafræði, design thinking og ferlagreiningu
- Gott auga fyrir hönnun, bæði UI og UX
- Drifkraftur, sjálfstæði og ástríða fyrir umbreytingu
- Háskólanám eða önnur þjálfun sem nýtist í starfi

Um er að ræða starf á sviði stafrænna lausna hjá Origo. Sótt er um starfið á vef Origo, **origo.is/atvinna**. Umsóknarfrestur er til og með **1. desember nk**. Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kjartan Hansson, **kjartan.hansson@origo.is**, forstöðumaður stafrænna lausna.

JAFNLAUNAVOTTUN 2020 - 2023

Hjá Origo starfar öflugur hópur fólks sem nýtir hugvit sitt til að efla árangur, hagsæld og öryggi viðskiptavina.

origo

LÖGREGLAN
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er nútímaleg og framsækin þjónustustofnun sem er til staðar fyrir alla alltaf. Megin áhersla er lögð á að starfsfólk búi yfir þekkingu og hæfni til að takast á við fjölbreytileg verkefni. Áhersla er á traust og gagnsæi í samskiptum, jafnrétti, starfsánægju og heilbrigðan starfsanda. Gildi LRH eru **TRAUST, FAGMENNSKA** og **ÖRYGGI.**

Við ráðningar hjá LRH er tekið mið af jafnréttisáætlun embættisins.
Umsóknarfrestur er til **1. desember 2020.**

Fjármálastjóri

Við embættið er laust til umsóknar starf fjármálastjóra. Við leitum að drífandi og framsýnum einstaklingi í spennandi og krefjandi starfsumhverfi.

Helstu verkefni
- Fjármálastjórn og reikningshald
- Gerð og eftirfylgni fjárhags- og rekstraráætlana
- Greining, úrvinnsla og miðlun fjárhagsupplýsinga
- Umsjón með innkaupum og samningagerð
- Gerð þjónustusamninga og uppgjör þeirra
- Ábyrgð á upplýsingatæknimálum og þróun þeirra
- Dagleg stjórnun fjármáladeildar og upplýsingatækni
- Situr í yfirstjórn embættisins og tekur þátt í stefnumótun

Hæfnikröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði fjármála er æskileg
- Haldbær reynsla af rekstrar- og fjármálastjórnun er nauðsynleg
- Þekking á opinberum rekstri og lögum um opinber fjármál
- Framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni
- Mjög góð þjónustulund, jákvætt viðhorf og sveigjanleiki
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Mjög góð tölvukunnátta er nauðsynleg, þ.m.t. Excel og annar Microsoft hugbúnaður
- Góð þekking á upplýsingatækniumhverfi og áhugi á þróun á því sviði
- Þekking á Orra fjárhagskerfi er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Óskað er eftir að umsókn fylgi greinargóð ferilskrá yfir menntun og fyrri störf, staðfesting á námi og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknarinnar og rökstyður hæfni sína í starfið.

Vakin er athygli á því að engan má ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsfólk lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám lögreglu, sbr. 28. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Frekari upplýsingar um starfið
Sótt er um inn á starfatorg.is Starfshlutfall er 100%
Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar
Eygló Huld Jónsdóttir s. 444-1000 netfang eyglo.huld@lrh.is og Halldór Halldórsson s. 444-1000 netfang halldor.halldorsson@lrh.is

ARTASAN

Við leitum að tveimur öflugum og metnaðarfullum starfsmönnum í sterka og samhenta heild sem starfar í fjölbreyttu, áhugaverðu og skemmtilegu umhverfi. Hjá Artasan starfar 16 manna samhentur hópur í sölu og markaðssetningu á heilsuvörum, lausasölulyfjum og samheitalyfjum, sem stuðla að bættri heilsu og vellíðan almennings.

Artasan er hluti af fyrirtækjasamstæðu Veritas ásamt, Distica, MEDOR, Stoð og Vistor.

SÖLUSTJÓRI

Starf sölustjóra felst í að tryggja að sölumarkmiðum sé náð í samræmi við áherslur og stefnu fyrirtækisins. Sölustjóri leiðir hóp sölu- og rekstrarfulltrúa og ber ábyrgð á að viðhalda langtímasambandi við endursöluaðila fyrir vörur fyrirtækisins ásamt því að tryggja að réttar vörur séu seldar á réttu verði á réttum stað. Sölustjóri stýrir sölu- og markaðsherferðum gagnvart endursöluaðilum og hámarkar þannig arðsemi heildarinnar. Sölustjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á skilvirku langtímasambandi við endursöluaðila
- Að tryggja rétta samsetningu vöruúrvals í verslunum
- Samskipti og samningagerð við innkaupastjóra
- Að samræma sölu- og markaðsherferðir
- Að byggja upp og viðhalda teymi sölu- og rekstrarfulltrúa
- Að samræma innkaupa- og söluáætlanir

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Fimm ára starfsreynsla af sambærilegu starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfni, frumkvæði og vilji til að miðla þekkingu
- Reynsla af sölumennsku og samningagerð
- Góð greiningarhæfni og viðskiptareynsla
- Þekking á smásölurekstri er skilyrði
- Leiðtogahæfni ásamt reynslu af uppbyggingu og stjórnun teyma

REKSTRARFULLTRÚI

Starf rekstrarfulltrúa felst í að tryggja að réttar vörur séu til á réttum tíma fyrir viðskiptavini í samvinnu við innri og ytri aðila. Rekstrarfulltrúi leiðir þau verkefni sem snúa að eftirspurnarhliðinni, þróar langtímaspár og heldur utan um aðfangakeðjuna. Rekstrarfulltrúi leitar leiða til þess að bæta núverandi ferla ásamt því að þróa og fylgja eftir lykilmælikvörðum í starfseminni. Rekstrarfulltrúi heyrir beint undir sölustjóra.

Helstu verkefni:

- Samhæfing á sölu- og innkaupaáætlunum
- Stofnun og viðhald birgja, vara og verða
- Náið samstarf með sölu- og markaðsteymum
- Verð- og framlegðarútreikningar ásamt eftirliti
- Markaðsgreiningar og skýrslugerð
- Áætlunargerð og umbætur

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verkfræði, viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Krafa um tveggja ára starfsreynslu af sambærilegu starfi
- Framúrskarandi greiningargeta og hæfni til þess að finna nýjar lausnir
- Mjög góð Excel kunnátta skilyrði
- Kunnátta í Power BI og NAV er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni, frumkvæði og vilji til að miðla þekkingu
- Geta til að hanna og fylgja eftir stöðluðu verklagi og ferlum

2016 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

Umsóknarfrestur er til 29.nóvember 2020

Tekið er við umsóknum í gegnum heimasíðu **Artasan**, **www.artasan.is**.

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram koma ástæður þess að sótt er um starfið og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita **Brynjúlfur Guðmundsson** framkvæmdastjóri Artasan, bg@artasan.is og **Pétur Veigar Pétursson** starfsmannastjóri, petur@veritas.is.

GILDI ARTASAN ERU ÁREIÐANLEIKI, HREINSKIPTNI OG FRAMSÆKNI



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Sérfræðingur óskast til starfa hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar óskar eftir sérfræðingi til starfa hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík. Byggingarfulltrúi annast meðal annars umsóknir um byggingarleyfi og afgreiðslu þeirra. Umsýsla þess fer fram í samræmi við lög um mannvirki og byggingarreglugerð, ásamt öðrum tilheyrandi lögum, reglugerðum og skilmálum sem varða notkun lóða og byggingarframkvæmdir á þeim.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirferð séruppdrátta aðalhönnuða fyrir útgáfu byggingarleyfa.
- Gerð umsagna vegna umsókna um rekstrarleyfi.
- Yfirferð umsókna um byggingarleyfi til samanburðar við innsend gögn og uppdrætti.
- Tilfallandi vettvangsskoðanir vegna umsókna.
- Greina og skrá athugasemdir inn í skráningarkerfi byggingarfulltrúa.
- Samskipti við hönnuði, umsækjendur og íbúa varðandi umsóknir, gögn og leiðbeiningar.
- Annast önnur þau verk sem vikomanda eru falin af byggingarfulltrúa.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í arkitektúr eða sambærileg menntun á háskólastigi.
- Löggilding til að leggja inn aðaluppdrætti fyrir byggingarleyfi er skilyrði ásamt reynslu í hönnun mannvirkja og gerð aðal- og séruppdrátta.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og færni til að vinna og eiga samskipti í hóp.
- Nákvæm, ögguð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Færni í notkun á algengum hugbúnaði sem tengist tækni- og skrifstofustörfum.
- Frumkvæði, áræðni og röggsemi til verka.
- Geta til að vinna undir álagi.

Um er að ræða framtíðarstarf og er æskilegt að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 30. nóvember 2020. Sækja skal um starfið á heimasíðu Reykjavíkur-borgar ***www.reykjavik.is*** undir „***störf í boði***“ “**Sérfræðingur hjá byggingarfulltrúa**”. Nánari upplýsingar um starfið veitir Nikulás Úlfar Másson, byggingarfulltrúi í síma 411-1111 eða með því að senda tölvupóst á ***nikulas.ulfar.masson@reykjavik.is***

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Erum við að leita að þér?

Skrifstofustjóri skrifstofu landgæða



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið leitar að öflugum stjórnanda sem hefur metnað og áhuga til að leiða starf skrifstofu landgæða í ráðuneytinu.

Helstu verkefni og ábyrgð

Hlutverk skrifstofu landgæða er m.a. að vinna að verkefnum sem varða náttúruvernd, náttúrurannsóknir, veiðistjórnun, landgræðslu og skógrækt, verndar- og orkunýtingaráætlun og uppbyggingu ferðamannastaða. Skrifstofan fer með alþjóðlegt samstarf í þessum málaflokkum.

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipar í embættið til fimm ára. Hlutverk skrifstofustjóra er að leiða starf skrifstofunnar undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra.

Í ráðuneytinu er unnið að viðamiklum verkefnum á málefnasviði skrifstofunnar. Um er að ræða krefjandi embætti sem felur í sér fjölbreytt verkefni og mikil tækifæri til að hafa áhrif og vinna að stefnumótun og þróun verndar og nýtingar þeirra gæða sem íslensk náttúra býr yfir.

Leitað er eftir einstaklingi með eftirfarandi þekkingu og eiginleika

- Háskólamenntun með meistaragráðu sem nýtist í starfi
- Þekkingu og/eða reynslu á málefnasviði skrifstofunnar
- Færni til að skapa liðsheild og leiða fólk til árangurs
- Mjög góða samskiptafærni og lausnamiðaða hugsun
- Árangursríka reynslu af stjórnun og stefnumótun
- Þekking eða reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku og góð kunnátta í einu Norðurlandamáli er kostur

Í ráðuneytinu starfar um 45 manna samhentur hópur á sex skrifstofum. Ráðuneytið leggur áherslu á öfluga liðsheild og góðan starfsanda. Ráðuneytið hefur hlotið gæðavottun umhverfisstjórnunarkerfis og jafnlaunavottun.

Umsóknarfrestur er til og með 7. desember nk. Sótt er um starfið á Starfatorgi – starfatorg.is

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf um ástæðu umsóknar og rökstuðningur veittur fyrir hæfni viðkomandi í embættið. Hæfnisnefnd skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra metur hæfni umsækjenda samkvæmt reglum nr. 393/2012 og skilar greinargerð til ráðherra.

Upplýsingar um embættið veitir Sigríður Auður Arnardóttir, ráðuneytisstjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, sigridur.arnardottir@uar.is

Stjórnarráð Íslands
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

ÚTBOÐ

RARIK óskar eftir tilboðum í:

RARIK 20011
Larsenstræti 4, Selfossi - Jarðvinna og undirbúningur lóðar

Um er að ræða jarðvegsskipti undir nýbyggingu. Uppfyllingu undir sökkla og botnplötu ásamt fyllingu vegna lóðaframkvæmda.

Helstu magntölur:
Gröftur á lausum jarðvegi : 4.600 m³
Fylling undir undirstöður: 4.800 m³
Fylling í lóð: 4.600 m³

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. mars 2021.

Útboðsgögn er hægt að sækja, án greiðslu, á vefsíðu RARIK, www.rarik.is (útboð í gangi) frá og með þriðjudeginum 24. nóvember 2020.

Skila þarf tilboðum fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 8. desember 2020 á skrifstofu RARIK, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík eða með því að senda tilboð í rafrænu formi á netfangið ulfing@rarik.is.

Vegna sóttvarna verður tilboðsgjöfum sent fjarfundarboð að morgni opnunardags sem þeir geta nýtt til að tengjast og fylgjast með opnun tilboða. Fjarfundurinn fer fram í gegnum fjarfundarforritið Teams frá Microsoft. Hægt verður að tengjast fundinum beint í gegnum vafra eða nálgast Teams fyrir tölvur í Office svítu Microsoft og fyrir snjallsíma og spjaldtölvur má sækja forritið í Play Store, App Store eða Google Play.

RARIK

Sími 528 9000 • www.rarik.is



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Leikskólastjóri í Sunnuási

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Sunnuási lausa til umsóknar.
Sunnuás er sjö deilda leikskóli í Langholts- og Laugaráshverfi, í næsta nágrenni við Laugardalinn. Einkunnarorð leikskólans eru virðing, gleði og sköpun. Sunnuás er Grænfánaskóli og umhverfismennt, útikennsla og endurnýting er ríkur þáttur í starfinu. Unnið er eftir kenningum Berit Bae og Bronfernbrenner um samskipti og áhersla lögð á sjálfseflingu og félagsfærni sem eru tveir af grundvallarþáttum Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Virðing ríkir fyrir einstaklingnum og liðsheildinni og áhersla á að raddir barnanna heyrist en Sunnuás stefnir að því að verða réttindaskóla UNICEF og unnið er að spennandi verkefnum í tengslum við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sunnuás hlaut hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs fyrir öskudagsbúningagerð árið 2018. Gott samstarf er við foreldra og árlega taka börn og fjölskyldur þeirra þátt í jólaverkstæði í Sunnuási þar sem þau fá tækifæri til að vinna saman og njóta samveru.
Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Sunnuási.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að:
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Í öllu starfi skóla- og frístundasviðs er unnið að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur, „Látum draumana rætast", þar sem leiðarljósin eru virkni og þátttaka barna, aukið samstarf og fagmennska.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf kennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið kennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. febrúar 2021. Umsóknarfrestur er til og með 6. desember 2020.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf
Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Vinnumarkaðs-sérfræðingur

Alþýðusamband Íslands auglýsir eftir sérfræðingi í vinnumarkaðsmálum til liðs við öflugan hóp starfsmanna. Leitað er að einstaklingi sem hefur ríka þekkingu og brennandi áhuga á vinnumarkaðsmálum og kjörum og hagsmunum launafólks. Viðkomandi þarf að vera kraftmikill og jákvæður og geta sýnt frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð.

Fólk af öllum kynjum og ólíkum uppruna er hvatt til að sækja um.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Stefnumótun og greiningar á sviði vinnumarkaðsmála.
- Þátttaka í nefndum og ráðum fyrir hönd ASÍ.
- Umfjöllun um málefni vinnumarkaðar framtíðar með tilliti til loftslagsbreytinga og nýrrar tækni.
- Samstarf við kjörna forystu og aðildarfélög ASÍ og önnur samtök launafólks.

Fríðindi í starfi
- Sveigjanlegur vinnutími.
- Samgöngustyrkur.
- Íþróttastyrkur.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun í vinnumarkaðsfræði eða í öðrum sambærilegum greinum sem veita góðan undirbúning fyrir starfið.
- Staðgóð þekking á íslenskum vinnumarkaði, stofnunum hans og umhverfi kjarasamninga.
- Góð þekking á helstu forritum Microsoft Office.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti. Kunnátta í Norðurlandamáli, pólsku eða öðrum tungumálum er æskileg.
- Góð samskiptahæfni.
- Þekking á norrænum vinnumarkaði og reynsla af félagsstörfum er kostur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Halla Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri ASÍ í síma 535 5600.

Alþýðusamband Íslands er stærsta fjöldahreyfing launafólks á landinu með ríflega 130 þúsund félagsmenn í 46 aðildarfélögum. Alþýðusambandið berst fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og stendur vörð um réttindi þeirra. Félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ eru starfandi á flestum sviðum samfélagsins, á almennum vinnumarkaði og hjá ríki og sveitarfélögum. ASÍ sinnir margvíslegri þjónustu við aðildarfélög og félagsmenn og tekur virkan þátt í erlendu samstarfi samtaka launafólks.

Alþýðusamband Íslands



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Svæðisstjóri Borgarnesi

Vegagerðin auglýsir eftir öflugum einstaklingi til að sinna starfi svæðisstjóra vestursvæðis Vegagerðarinnar.

Vestursvæðið nær yfir vestfirði og vesturland, allt frá Hvalfirði að Holtavörðuheiði. Svæðisstjóri hefur aðsetur í Borgarnesi.

Hlutverk svæðisstjóra hjá Vegagerðinni er að hafa yfirumsjón með starfsemi svæðisins og framkvæmd á stefnu Vegagerðarinnar þar.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldspróf æskilegt
- Reynsla af stjórnun og mannaforráð
- Reynsla af rekstri, fjármálum, áætlanagerð og verkefnastjórnun
- Góð þekking á hlutverki og starfssemi Vegagerðarinnar
- Þekking og reynsla á sviði mannvirkjagerðar
- Skipulagshæfni, frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta í rituðu og töluðu máli

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2020.

Starfssvið
- Æðsti yfirmaður starfsmanna á svæðinu
- Stjórnun á starfsemi og verkefnum svæðis
- Áætlanagerð og fjármál svæðisins
- Yfirumsjón með kaupum á ráðgjöf og útboði verka á svæðisvísu
- Framkvæmd á viðhaldi og þjónustu vegakerfis svæðisins
- Samskipti við opinbera aðila og hagsmunaaðila
- Stefnumótun og seta í framkvæmdastjórn

Í umsókn komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir fyrir viðkomandi starf, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá.

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veita Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri (bergthora.thorkelsdottir@vegagerdin.is) eða Sigurbjörg J. Narby Helgadóttir mannauðsstjóri (sigurbjorg.helgadottir@vegagerdin.is) og í síma 522-1000

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Sótt er um laus störf á heimasíðu Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is

EIGNAMIÐLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090 WWW.EIGNAMIDLUN.IS

DALVEGUR 16B
280.3 m²
200 Kópavogur
Verð: 64.900.00 kr.



Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 824 9093
kjartan@eignamidlun.is



LAUST STRAX

Vandað atvinnu/skrifstofuhúnæði á mjög góðum stað við Dalveg í Kópavogi á tveimur hæðum.

Neðri hæðin er skráð 143,1 fm, þar er veslunarsalur, snyrting og lagerrými með stórum innkeyrsludyrum.
Efri hæðin er 137,2 fm og þar er skrifstofurými ásamt eldhúsi, baðherbergi og geymslu

EIGNAMIÐLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090 WWW.EIGNAMIDLUN.IS

TRAUSTUR KAUPANDI ÓSKAR EFTIR 140-200 FM SÉRHÆÐ Í VESTURBORGINNI.

Æskileg staðsetning: Melar, Hagar eða Ægisíða.

Afhendingartími samkomulag.

Góðar greiðslur í boði.

RAÐHÚS EÐA PARHÚS ÓSKAST TRAUSTUR KAUPANDI ÓSKAR EFTIR RAÐHÚSI EÐA PARHÚSI, 160-250 FM.

Æskileg staðsetning: Háaleitishverfi

Afhendingartími samkomulag.

Góðar greiðslur í boði.



Sverrir Kristinsson
Lögg. fasteignasali
Sími: 861 8514
sverrir@eignamidlun.is

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**



Hefur þú áhuga á að vinna við miðlun lista og menningar?
Norræna húsið leitar að fræðslufulltrúa

Norræna húsið í Reykjavík er vettvangur norrænna lista, menningar, tungumála og þjóðfélagsumræðu. Öll okkar starfsemi hefur sjálfbærni að leiðarljósi. Við stefnum að kolefnishlutleysi og leggjum áherslu á jafnrétti og margbreytileika. Norræna húsið býður upp á framsækna og þýðingarmikla dagskrá á sviði lista, bókmennta og samfélagslegra málefna allan ársins hring.

Sem fræðslufulltrúi í Norræna húsinu verður þú hluti af þróun og starfi í spennandi og fjölbreyttu menningarumhverfi. Umsækjandi mun miðla listum og menningu til barna og unglinga í íslensku umhverfi. Starfið er skapandi og sveigjanlegt og krefst sjálfstæðra vinnubragða um leið og umsækjandi hefur tækifæri á að afla sér frekari þekkingar og reynslu á sviði menningar og lista.

HÆFNI
- Viðeigandi menntun á sviði lista og menningar.
- Menntun og/eða reynsla í kennslu og/eða starfi með börnum og unglingum.
- Góð hæfni í íslensku, ensku og að minnsta kosti einu norrænu tungumáli.
- Þekking á hinum stafræna heimi, nýjustu tækni og samfélagsmiðlum ásamt þeim möguleikum sem þeir hafa upp á að bjóða.
- Þekking og innsýn í barna- og unglingamenningu.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og ánægja af starfi með börnum og unglingum.
- Skapandi og lausnamiðaður hugsunarháttur
- Vinnusemi, góð skipulagsfærni og sjálfstæð vinnubrögð

STARFIÐ
- Skipuleggja og útfæra þematengd verkefni (af öllum toga) fyrir börn og unglinga með áherslu á sýningar og bókmenntatengt efni auk þess að taka beinan þátt í norrænu samstarfi.
- Þróa og útbúa verkefni fyrir skóla og frístundaheimili.
- Umsjón skólahópa sem koma í leiðsögn um húsið.
- Vinna þvert á annað starf í húsinu og taka þátt í viðburðum og daglegu starfi.

Um er að ræða fullt starf (100%) og ráðið verður til eins árs eða frá 4.1.2020 – 31.12.2021. Nánari upplýsingar veitir Erling Kjærbo yfirbókavörður í síma 859 6100. Umsóknir sendist á erling@nordichouse.is.

Umsóknarfrestur er til 6. desember 2020.

Norræna húsið

Viðburðadagatal á **NORRAENAHUSID.IS**

SÆBRAUT 4
170 Seltjarnarnes

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali









145.000.000 kr.

Herbergi: 8
Stærðir: 330,4 m²

OPIÐ HÚS Sunnudaginn 22. nóvember kl. 14:00-15.00
Hringið og bókið skoðun í síma: **820 2222**

SJÁVARÚTSÝNI. FALLEGT OG FRÁBÆRLEGA VEL STAÐSETT EINBÝLISHÚS MEÐ INNBYGGÐUM BÍLSKÚR Á ÞESSUM EFTIRSÓTTA STAÐ SÆBRAUT 4, Á SUÐURHLUTA SELTJARNARNESS.

Sólveig
s. 869-4879


Guðlaug
s. 661-2363


Garðar
s. 853-9779

Vegna fjöldatakmarkana biðjum við alla að bóka skoðun í opin hús. Jafnframt að virða 2ja metra regluna, sýna tillitssemi og mæta með grímu og hanska.

SÍÐUMÚLI 39

Verð:
42,9-49,9 millj.



OPIÐ HÚS Í DAG LAUGARDAG 21. NÓVEMBER KL. 12:00 - 12:45

NÝJAR OG STÓRGLÆSILEGAR 2JA HERBERGJA ÍBÚÐIR.

- YFIR 3ja METRA LOFTHÆÐ
- FULLBÚNAR
- BÍLASTÆÐI Í BÍLAKJALLARA
- LYFTUHÚSNÆÐI
- FALLEGAR INNRÉTTINGAR
- LAUSAR VIÐ KAUPSAMNING

Innréttingar eru hannaðar af Studio H innanhúsarkitektum og sérsmíðaðar frá Formus. Eldhúsinnrétting og fataskápar eru með dökkri viðarharðklæðningu (Egger) með mattri áferð, möguleiki er á innbyggðri uppþvottavél með framhlið úr sama efni. Innfelld lýsing er undir efriskápum. Borðplata í eldhúsi er hvít af gerðinni CHPL (Compact High Pressure Laminate) með undirlímdum vaski. Burðarkerfi hússins er að mestu hefðbundið staðsteypt og útveggir einangraðir að utan.



OPIÐ HÚS







Bókið skoðun hjá

Garðar B. Sigurjónsson
Löggiltur fasteignasali
S. 898-0255
gardarbs@trausti.is



Einar Örn Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
S. 823-4969
einar@trausti.is



LAUGAVEGUR 145 105 REYKJAVÍK



TRAUSTI FASTEIGNASALA KYNNIR:

11 NÝJAR ÍBÚÐIR Í LYFTUHÚSI VIÐ LAUGAVEG 145, 105 REYKJAVÍK.

STÆRÐ FRÁ 41,0 M² TIL 71,4 M²

VERÐ FRÁ 36,9 MILLJ.

EIGNIRNAR VERÐA LAUSAR TIL AFHENDINGAR Í LOK FEBRÚAR 2021.

Nánari upplýsingar veita:

Kristján Baldursson
löggiltur fasteignasali
sími: 867-3040
kristjan@trausti.is



Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir
löggiltur fasteignasali
Sími: 899-5949
gudbjorg@trausti.is





Aðalsteinn Jón
s. 767-0777



Styrmir
s. 846-6568



Viktoría Larsen
s: 618-5741



Hallgrímur
S: 896-6020



Einar Örn
s. 823-4969



Kristín María
s. 837-1177



Ólafur Haukur
S: 866-1242



Nanna Dröfn
s. 694-2494



Ragnheiður
s. 788-3069



Halldór
s. 660-5312



Bára
s. 693-1837

Vegna fjöldatakmarkana biðjum við alla að bóka skoðun í opin hús. Jafnframt að virða 2ja metra regluna, sýna tillitssemi og mæta með grímu og hanska.



HAGAMELUR 17 • 107 REYKJAVÍK

Kristján lgf.
S: 867-3040

OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 22. NÓV. KL. 14:00 - 14.30
Trausti fasteignasala kynnir virðulegt hús á tveimur hæðum á frábærum stað við Hagamel 17, 107 Reykjavík. Efri hæð er 101,2 fm. og kjallari 68,1fm. Samtals 169,3 fm.
Nánari uppl. veitir Kristján lgf. s. 867-3040, kristjan@trausti.is

Verð: 78,5 millj.



NJÖRVASUND 33
104 REYKJAVÍK



Einar Örn
S: 823-4969

OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 23. NÓV. KL. 17:15 - 18:15
Björt 96,8 fm og mikið uppgerð 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngang í tvíbýli með bílskúr við Njörvasund 33, stór geymsla í kjallara.
Nánari uppl. veitir Einar Örn lgf. s. 823-4969, einar@trausti.is

Verð: 44,9 millj.



VESTURGATA 73 • 101 REYKJAVÍK

Kristján lgf.
S: 867-3040

OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 22. NÓV. KL. 13:00 - 13:30
Rúmgóð og björt 3ja herbergja 120,7 fm. íbúð á 2. hæð í nýlega viðgerðu fjölbýli neðst á Vesturgötu. Einstakt sjávarútsýnii.
Nánari uppl. veitir Kristján lgf. s. 867-3040, kristjan@trausti.is

Verð: 55,9 millj.



SÓLHEIMAR 23
104 REYJAVÍK



Kristján lgf.
S: 867-3040

OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 24. NÓV. KL. 17:30 - 18:00
Einstaklega rúmgóð og björt fimm til sex herbergja 128,1 fm. íbúð á 1. hæð í góðu lyftuhúsi við Sólheima í Reykjavík.
Nánari uppl. veitir Kristján lgf. s. 867-3040, kristjan@trausti.is

Verð: 58,9 millj.



SKILDINGANES 43
102 REYKJAVÍK



Kristján lgf.
S: 867-3040

OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 24. NÓV. KL. 17:00 - 17:30
Glæsilegt 256,9 fm. einbýlishús á frábærum stað við Skildinganes 43 í Skerjafirði, þar af er 39,9 fm. innbyggður bílskúr. Stór 948 fm. eignarlóð með stórum sólpalli.
Nánari uppl. veitir Kristján lgf. s. 867-3040, kristjan@trausti.is

Verð: Tilboð



GULLENGI 39
112 REYKJAVÍK



Kristján lgf.
S: 867-3040

OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 25. NÓV. KL. 17:30 - 18:00
Björt og rúmgóð 3ja herbergja 85,7 fm. íbúð með sérinngangi af opnum svalagangi á efstu hæð við Gullengi 39 í Grafarvogi.
Nánari uppl. veitir Kristján lgf. s. 867-3040, kristjan@trausti.is

Verð: 43,9 millj.



KRÓKHÁLS 5
110 REYKJAVÍK



Guðbjörg G.
S: 899-5949

BÓKIÐ SKOÐUN
Til sölu 258,1 fm. húsnæði í góðu lyftuhúsi á Krókhálsi. Húsnæðið er skráð sem skrifstofuhúsnæði.
Nánari uppl. veitir Guðbjörg G. lgf. s. 899-5949, gudbjorg@trausti.is

Verð: 61,9 millj.

VIÐ KYNNUM

Hafnarbraut 13-15 Kópavogi

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur
510 7900 / www.FASTLIND.is



SÖLUSÝNING:
Laugardaginn 21. nóvember
Milli kl. 13 og 14.

ÍBÚÐIR Í SÖLU:

Íbúð	Herb	Stærð	Verð
0101	4	135.3	SELD
0102	studio	47.6	SELD
0106	3	82.9	SELD
0107	studio	45.8	SELD
0108	3	92.7	SELD
0109	3	79.3	SELD
0110	studio	50.3	SELD
0111	3	91.8	SELD
0112	4	129.2	68,9 m.Kr.
0113	4	131.5	72,9 m.Kr.
0114	4/5	165.1	79,9 m.Kr.
0201	4	147.5	66,9 m.Kr.
0202	2	59.0	SELD
0203	4	117.4	62,9 m.Kr.
0204	4	119.4	62,9 m.Kr.
0205	2	66.5	SELD
0206	4	136.2	SELD
0207	3	89.4	SELD
0208	2	57.2	SELD
0209	3	89.4	SELD
0210	3	90.4	SELD
0211	2	59.2	SELD
0212	3	92.1	52,9 m.Kr.
0213	4	129.9	68,9 m.Kr.
0214	4	131.2	72,9 m.Kr.
0215	4/5	174.4	SELD
0301	4	144.4	69,9 m.Kr.
0302	2	60.6	SELD
0303	4	118.0	64,9 m.Kr.
0304	4	117.0	64,9 m.Kr.
0305	2	66.5	SELD
0306	4	135.6	67,9 m.Kr.
0307	3	91.9	SELD
0308	2	57.9	SELD
0309	3	94.3	SELD
0310	3	89.7	SELD
0311	2	61.8	SELD
0312	3	90.7	SELD
0313	4	130.2	69,9 m.Kr.
0314	4	130.5	SELD
0315	4/5	174.9	SELD
0401	4	147.5	72,9 m.Kr.
0402	2	60.6	SELD
0403	4	118.9	67,9 m.Kr.
0404	4	113.9	67,9 m.Kr.
0405	2	65.7	SELD
0406	4	132.3	69,9 m.Kr.
0407	3/4	120.8	SELD
0408	3/4	119.7	SELD
0409	3/4	118.7	67,9 m.Kr.
0410	3/4	120.7	67,9 m.Kr.
0411	4	128.8	SELD
0412	4	124.5	SELD
0413	4/5	173.0	SELD

Fallegar og vel skipulagðar fjölskylduíbúðir í nýju hverfi á Kársnesinu.

Íbúðir afhendast fullbúnar án gólfefna og með vönduðum innréttingum frá HTH.

Innbyggður ísskápur og uppþvottavél.
Gólfhiti á baðherbergi.

Stæði í lokaðri og upphitaðri bílageymslu fylgir öllum íbúðum.

- Afhending samhliða kaupsamningi.
- Fullbúnar íbúðir til sýnis.
- Stærðir 92,1 – 165,1 fm.
- Lyfta niður í bílageymslu.









NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA



Þorsteinn Yngvason
Lögg. fasteignasali
696 0226
› thorsteinn@fastlind.is



Magnús Már Lúðvíksson
Lögg. fasteignasali
699 2010
› magnus@fastlind.is



Hlynur Bjarnason
Lögg. fasteignasali
697 9215
› hlynur@fastlind.is

LIND Fasteignasala

Uppspretta ánægjulegra viðskipta



Einstök hönnun í hjarta Reykjavíkur

NÝJAR ÍBÚÐIR KOMNAR Í SÖLU

102 HLIDARENDI.IS

Glæsilegar og mjög vandaðar íbúðir í skemmtilega skipulögðu hverfi í nýju póstnúmeri, 102. Íbúðirnar eru 2-4 herbergja á bilinu 70 -240 fermetrar með góðum svölum og margar með stórbrotnu útsýni yfir borgina. Aðgengi er að fallegum, lokuðum og skjólgóðum garði. Íbúðunum fylgir stæði i bílakjallara. Frábær staðsetning, stutt í alla þjónustu og fallegar gönguleiðir.

- **Innréttingar frá JKE Danmörku**
- **Innanhússhönnun M/STUDIO Reykjavík**
- **Steinborðplötur**
- **Bílskúrar fylgja ákveðnum íbúðum**
- **Tvö baðherbergi**
- **Þaksvalir/þakgarðar með einstöku útsýni**
- **Lofthæð 280 cm**
- **Gólfsíðir VELFAC-gluggar**
- **Miele-tæki**
- **Free@home**
- **Lokaður og skjólgóður garður**
- **Bílastæði í bílakjallara**
- **Rafmagn í gluggatjöldum**
- **Myndavélardyrasími sem tengist við snjallsíma**
- **Álklætt og einangrað að utan**
- **Aukin hljóðvist**
- **Rafmagnshönnun og innfelld lýsing hússins hönnuð af Lúmex**
- **Allar íbúðir með LED-lýsingu**
- **Rafbílaheimtaug í bílakjallara**
- **Arkitektar hússins, ALARK arkitektar**









OPIÐ HÚS
sunnudaginn 22. Nóvember
Kl. 13:00 – 14:00

KEYRT AÐ HJÁ VALSHEIMILINU


Hannes Steindórsson
Lögg. fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is


Stefanía Eggertsdóttir
Lögg. fasteignasali
895-0903
stefania@fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Bæjarlind 4. Sími: 510 7900.
www.fastlind.is · www.nyjaribudir.is

Nánari upplýsingar má finna á 102hlidarendi.is

Sverrir Pálmason | Löggiltur fasteignasali

FASTEIGNA MIÐLUN

OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 22 NÓVEMBER 14:00 - 14:30

STÓRAGERÐI 19, 108 REYKJAVÍK

Falleg 4ra herbergja 88,2 fermetra íbúð með sérinngangi á jarðhæð. Nýlegur pallur í garði. Eldhús og baðherbergi uppgert.

Verð: 49.900.000 kr.





Frekari upplýsingar veitir Gunnar Bergmann
Sími: 839-1600 | Netfang: gunnar@fasteignamidlun.is

Heiðarsel 23 – raðhús







- raðhús á tveimur hæðum
- nýtt eldhús
- nýlegar innihurðir og fataskápar
- innbyggður bílskúr

Gott hús á skjólgóðum stað í Seljahverfi. Mikið endurnýjað.
Opið hús mánudaginn 23. nóvember 16:30-17:00

Vinsamlega bókið skoðun Ásta 897-8061 eða asta@kjoreign.is

Kjöreign ehf
TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali



FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

NÝTT Í SÖLU



VÍKURGATA 16





PANTIÐ SKOÐUN
hjá Atla í síma **899 1178**



Glæsilegt 292 fm einbýlishús á tveimur hæðum

- Glæsileg alrými, einstök staðsetning
- Húsið er mjög vel hannað og skipulagt
- Teiknað af Pálmari Kristmundssyni
- Efnisval er vandað
- Húsið er einangrað og klætt að utan
- Afhendist fokhelt samkvæmt skilalýsingu
- hægt að semja um skil tilbúið til innréttinga
- Frábært tækifæri til að eignast draumahúsið

Verð frá: **129 millj.**

MIKLABORG

210 Urriðaholti Garðabæ



Nánari upplýsingar veitir:
Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
atli@miklaborg.is
sími: 899 1178

569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

NÝTT Í SÖLU – OPIN HÚS

FLÓKAGATA 69

Glæsileg 3ja herbergja rishæð á besta stað.



Opið hús Sunnud. 22. nóv. kl. 15.00 – 15,30

Glæsileg rishæð á eftirsóttum stað við Kennaraháskólann. Íbúðin er um 70 fm að grunnfleti (brutto) en birt stærð um 51 fm. Fallegt eldhús með eyju, fallegir kvistir, sér snyrting og sér baðherbergi/þvottahús, gott geymsluris og fl. **Verð 39,5 millj.**
Ingólfur Gissurarson lg.fs. sýnir S:896-5222

Klapparstígur 30

Glæsileg ný studio/2ja á besta stað í miðbænum.



Opið hús Sunnudaginn 22.nóv. kl. 14.00 – 14,30

S.t.ný 40,5 fm studio íbúð (auðvelt að stúka af sv.herbergi) á 2.hæð í nýju lyftuhúsi á besta stað við Hjartatorgið í miðbænum (snýr innað torginu). Glæsilegar innréttingar, tæki og búnaður.
Verð 39,5 millj. Rakel Árnadóttir lg.fs. sýnir S:895-8497

LANGHOLTSVEGUR 200

Góð aðalhæð með bílskúr.



Opið hús sunnudag 22.nóv. kl. 16.00-16,30

Góð og velumgengin 106,2 fm miðhæð í þríbýli ásamt rúmgóðum 36 fm bílskúr. 2 stórar stofur og 2 svefnherbergi (möguleiki á 3). Parket, nýtt dren, steypt bílaplan m.hita og fl. **Verð: 59,5 millj.**
Ingólfur Gissurarson lg.fs. sýnir S:896-5222

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðumúla 27, S: 588-4477
SÍÐAN 1995

Framúrskarandi fyrirtæki

Ingólfur Gissurarson
lg.fs.
s: 896-5222
ingolfur@valholl.is
30 ára farsælt starf við fasteignasölu á Íslandi.



EIGNAMIÐLUN

GRENSÁSVEGUR 11 | SÍMI 588 9090 | WWW.EIGNAMIDLUN.IS



FREKARI UPPLÝSINGAR

Hreiðar Levy Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 661 6021

Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali.
Sími 895 9120

Unnar Kjartansson
Nemi til löggildingar fasteignasala.
Sími 867 0968

Kári Sighvatsson
Nemi til löggildingar fasteignasala.
Sími 899 8815

LAUGAVEGUR 145

Um er að ræða fjölbýlishús á Laugavegi 145. Hluti hússins er endurgerð á eldra húsi og hinn hluti hússins er ný viðbygging. Í húsinu eru 11 íbúðir á fjórum hæðum. Lyfta er á milli hæða. Innréttingar eru frá HTH. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án megin gólfefna.

Afhending er í feb/mars 2021.

TVEGGJA HERBERGJA ÍBÚÐIR FRÁ 36,9M
ÞRIGGJA HERBERGJA ÍBÚÐIR FRÁ 48,9M
STÆÐIR FRÁ 41-71 FM



FIMM STJÖRNU FERÐAFRELSI!



Sunlight A 70
Árgerð 2016. Truma Combi 6, samlit áklæði á framsætum, kapteinstólar, rafdrifin trappa, stór sjálfvirkur ísskápur, stór geymsla, flugnanet í hurð, 16" dekk, 6 gíra, cruise control, loftkæling, ofl. ofl.
Tilboðsverð: 5.390.000.



Sunlight Cliff 640
Árgerð 2018. FIAT Maxi grindin, 16" álfelgur, markísa, gott geymslupláss aftur í, LED lýsing, 12V pressuísskápur, 6 gíra, cruise control, loftkæling, snúningsstólar, bakkskynjarar o.fl. o.fl.
Verð: 8.980.000.



Sunlight T 65
Árgerð 2018. Markísa, hjólagrind, silfurgráar hliðar, álfelgur, 6 gíra, cruise control, loftkæling, snúningsstólar, samlit áklæði á framsætum, stór geymsla aðgengileg beggja vegna ofl. ofl.
Verð: 9.890.000.



Sunlight T 64
Árgerð 2018. Sjálfskiptur. Markísa, hjólagrind, silfurgráar hliðar, 16" álfelgur, cruise control, loftkæling, snúningsstólar, LED lýsing, samlit áklæði á framsætum, gott geymslupláss ofl. ofl.
Verð: 10.590.000.



Sunlight T 69 L
Árgerð 2019. Sjálfskiptur. Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, fellirúm í toppi, hjónarúm með aðgengi báðum megin, stór ísskápur, LED lýsing, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur o.fl. ofl.
Verð: 12.890.000.



Carado T 135
Árgerð 2020. Bakkmyndavélapakki. Markísa, hjólagrind, champagne litaðar hliðar, álfelgur, 6 gíra, cruise control, loftkæling, snúningsstólar, LED lýsing, samlit áklæði á framsætum, leiðsögukerfi ofl. ofl.
Tilboðsverð: 12.790.000.



Sunlight T 68
Árgerð 2020. Bakkmyndavélapakki. Markísa, lestarlúga báðum megin, aðskilin rúm með útdragi á milli, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur, leiðsögukerfi o.fl. o.fl.
Verð: 14.960.000.



Dethleffs Trend T 7057 DBM
Árgerð 2020. Bakkmyndavélapakki, leiðsögukerfi, markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, breið inngangshurð með samlæsingu, rafmagnsdrifið fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur o.fl. o.fl.
Verð: 15.960.000.

FRÁBÆRT ÚRVAL
STÓRGLÆSILEGRA TÆKJA
VERÐ FRÁ: 5.390.000

OPIÐ
UM HELGINA
21.-22. NÓVEMBER
FRÁ 12-16

Sunlight Dethleffs McRent

Opnunartímar

Opið virka daga frá 10 - 17

Föstudaga 10:00-16:00

Helgaropnanir auglýstar nánar á heimasíðu P. Karlsson.

P. KARLSSON EHF.

Birt með fyrirvara um innsláttaarvillur

P. Karlsson ehf | Smiðjuvöllum 5a, 230 Reykjanesbæ |517 5200 | www.pkarlsson.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



BLACK FRIDAY
Nýr Svartur Mitsubishi Outlander á Black Friday tilboði ! Vetrardekk og mottu sett fylgir. 5 ára ábyrgð. Flottasta typa. Verðtilboð kr. 5.690.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Píplulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Málarar

REGNBOGALITIR EHF.
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Garðyrkja

PROSTONE
» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Pökulagnir
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Spádómar

SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

Húsaviðhald

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR
Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Lampa og ljósakrónu viðgerðir & almenn rafvirkja vinna. Jens G. Löggiltur rafvirki s: 778-7171

Önnur þjónusta

ERT ÞÚ Í VANDRÆÐUM MEÐ RAKA OG MYGLU?
Hafðu samband, án allra skuldbindinga
S. 862-6310
www.mtisland.is
MT Ísland
Tjónaviðgerðir • Innivist

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut
15% AFSLÁTTUR Í NÓVEMBER
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
Vandaðir krossar á leiði!
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661
Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir dióðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-17

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is
Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

FXR
FXR heilgallar
Fullorðins og barna
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Heilsa

Heilsuvörur

gott cbd léttir lífið

zopure
Serum dropar
Íslenskt undur sjávarensíma

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Skólar & Námskeið

Námskeið



ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA
Only/Aðeins 1-4 students/ nemendur/ per course !/hvert námskeið! Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk / Also Special Courses for Health Staff. Enska fyrir Leiðsögumenn/English and Icelandic for Tourist Guides. Start/ Byrja:2020: 30/11 - 2021: 4/1, 1/2, 1/3, 29/3, 26/4, 24/5. 4 weeks/ vikur x 5 days/daga. AM & PM/fh. & eh. Price/Verð: 49.500 Labour Unions/Labour Directorate pay back 50-90 % of price/Stéttafélög/ Vinnumálastofnun endurgreiða 50-90% gjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans.is- facebook.com/ fullordinsfraedslan - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108, s. 8981175/5571155

Heimilið

Barnavörur



SYSTKINA VAGN/KERRA
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055



Langtíma NANO yfirborðsmeðferð gegn covid
Drepur allar veirur og bakeríur í allt að 7-10 daga
Við mætum á staðinn og berum veiruvarnir á
Hægt að panta heimsókn og hreinsanir
Protak ehf
Hljóðvarnir • Veiruvarnir • Eldvarnir • Reykvarnir
692 7909
protak@protak.is • www.virusvarnir.is
PROTAK

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

LED leiðiskrossar

• Gengur fyrir raf-hlöðum eða tengist rafmagni.
• Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.
Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

• Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
• Veggjagrind út 45x95 timbri.
• Pappi og bárustál á þaki.
• Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
• Skúrar sem þola veður og vinda.
Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Breyting á streituhópnum

COVID hefur gjörbreytt hópnum sem glímir við streitu, fólk sem var í kulnun fékk hlé og aðrir lentu í vanda. Á Heilsustofnun fær þetta fólk að einblína á batann.

Margrét Grímsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, segir mjög breiðan aldurshóp koma til dvalar á Heilsustofnun og að hópur dvalargesta sé sífellt að yngjast. Þangað komi fólk í endurhæfingu meðal annars vegna langvinnra verkja, offitu- og efnaskiptasjúkdóma, streitu, kulnunar og geðrænna vandamála eins og kvíða og þunglyndis.

„Það má segja að COVID hafi umpólað streituhópnum. Fólk sem var að koma inn vegna mikillar streitu hefur verið alsælt með að þurfa að hægja á, en á móti höfum við séð fólk sem hafði lifið í góðum takti lenda í vanda," segir Margrét. „Við það að þurfa að vinna heima hafa komið upp samskiptavandamál við maka eða innan fjölskyldunnar, það hefur verið meira álag við að standa sig vel í starfi á sama tíma og að sjá um börn og heimili og laun hafa jafnvel lækkað. Fólk glímir við svefntruflanir, lifnaðarhættir hafa versnað auk þess að finna fyrir auknum kvíða og streitu.



Margrét Grímsdóttir segir að COVID-ástandið hafi valdið því að fólk sem áður hafði lifað í góðum takti byrjaði að lenda í vanda með streitu og fólk sem áður glímdi við streitu hafi fengið langþráð hlé. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Starfsfólkið okkar er duglegt að afla sér nýrrar þekkingar í endurhæfingu og hluti af meðferðinni núna er til dæmis samkenndarmiðuð nálgun, sem tengist inn á núvitund," segir Margrét. „Hér er mjög öflug sjúkraþjálfun og nuddmeðferðir auk ýmissa annarra meðferða sem stuðlar að góðum árangri í endurhæfingunni.

Við mælum árangurinn af endurhæfingunni með ýmsum mælitækjum og sjáum að árangurinn er mjög góður, bæði andlega og líkamlega," segir Margrét. „Í yfir 95% tilfella er hægt að sjá mælanlegan jákvæðan árangur.

Hér dvelur fólk allan sólarhringinn og margir tala um hvað það skipti miklu máli að stíga út úr



Jón Rúnar fór í endurhæfingu á Heilsustofnun og segir að það ætti að vera skylda að fara þangað einu sinni á ári eftir fertugt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ætti að vera skylda fyrir alla

Jón Rúnar Arilíusson fór í endurhæfingu á Heilsustofnun og segir reynsluna ólýsanlega.

„Það er ólýsanlegur bróðurkærleikur á þessum einstaka stað. Stjórnendur hafa náð ótrúlegum árangri í starfsmannahaldi. Þú kemur inn og allt starfsfólkið tekur mjög vel utan um þig í dvölinni," segir Jón.

Það ætti að vera eins og heriskylda að fara þarna einu sinni á ári eftir fertugt. Þetta er hraðhleðslustöð, andlega og líkamlega," segir Jón. „Eftir tvær vikur var ég farinn að finna rosalegan líkamlegan mun á mér á allri þessari hreyfingu og mataræðinu enda er mikill metnaður lagður í fjölbreyttan og heilsusamlegan mat.

Það var líka afskaplega gagnlegt að kynnast jóga og núvitund til þess að takast á við afleiðingar af streitu og miklu álagi, það eru stórmagnaðir hlutir og þú uppskerð ótrúlega mikið í dvöl á Heilsustofnun," segir Jón. „Þetta stokkaði spilin upp á nýtt og breytti öllu fyrir mig."

krefjandi amstri daglegs lífs inn í aðstæður þar sem þú hefur tækifæri til að vinna markvisst með sjálfan þig í 4-6 vikur," segir Margrét. „Það hjálpar til dæmis fólki sem glímir við streitu gríðarlega að stíga út úr þeim aðstæðum sem komu því í kulnun. Fólk nær að hlaða batteríin og safna orku, sem er forsenda þess að hægt sé að takast á við vandamálið. Það er mjög ánægjulegt að sjá einstaklinga ná betri tökum á sínum vanda og fara héðan með aukinn styrk út í lífið."

Reynum að finna farveg þar sem fólk nýtur sín

Sjúkraþjálfun á Heilsustofnun er einstaklingsmiðuð. Ástand sjúklings er metið við komu og aftur við lok dvalar og áætlun gerð um framhaldið. Meðferð er alltaf ákveðin í samráði við sjúklinginn.

Þegar læknir hefur metið sem svo að sjúklingur þurfi á sjúkraþjálfun að halda þá fær hann tíma hjá okkur. Við förum yfir sögu hans, framkvæmum skoðun og út frá því er metið hvers kyns þjálfun hentar viðkomandi best, að sögn Steinu Ólafsdóttur yfirsjúkraþjálfara hjá Heilsustofnun.

„Sjúklingur fær netta yfirheyrslu um allt milli himins og jarðar. Hvað hann hefur verið að bauka í gengum tíðina, hvernig hreyfingu hann hefur stundað, hvers konar meðferð hann hefur fengið, hvað hefur virkað og slíkt. Við beitum ýmsum aðferðum til að komast að hvaða vandamál hrjáir sjúklinginn. Oft eru spurningalistar lagðir fyrir fólk til að greina vandamálin betur og út frá því er meðferð ákvörðuð." útskýrir Steina.

„Ef við álítum að við þurfum að gera einhver próf þá gerum við það, ef viðkomandi er eitthvað stirður þá mælum við hreyfiútslag. Við mælum getu eins og til dæmis hversu oft viðkomandi getur staðið upp og sest niður eða hversu langt hann kemst á ákveðnum tíma sem eru dæmi um starfræn próf. Ef verkir eru aðalvandamálið þá biðjum við viðkomandi oft að teikna inn á sársaukamynd. Viðkomandi merkir þá inn á skema hvar verkir eru mestir og gefur þeim tölugildi. Þá vitum við hvar hann finnur mest til og meðferðin beinist að þeim stað."

Steina segir að meðferð sé alltaf ákveðin í samráði við sjúklinginn.

„Okkur finnst kannski eitthvert eitt vandamál vera stærra en annað, en ef sjúklingurinn er ósammála því og finnst eitthvað annað mikilvægara, þá er það málið sem við tökum fyrir. Ef sjúklingurinn er með í ferlinu þá gengur allt mun betur."

Fjölbreytt meðferð

Meðferðin sem er beitt getur verið fjölbreytt. Steina segir að hún geti verið fólgin í einhverju sem sjúkraþjálfarar gera með höndunum eða með ýmiss konar tækjum. Eins eru sértækar æfingar mikið notaðar sem miðast við að bæta ástandið.

„Við getum notað rafmagn, juðara, stuttbylgjur, laser og ýmislegt annað til að draga úr verkjum. Einnig erum við með tækjasal og sundlaug þar sem við látum fólk gera æfingar. Við hittum fólk kannski tvisvar, þrisvar í viku eða jafnvel bara einu sinni í viku og svo fær það yfirleitt eitthvert hreyfiprógramm til að fara eftir þess á milli. Það geta verið einhverjar æfingar eða einfaldlega að fara út að labba. Við fylgjumst með árangrinum og breytum um aðferð ef okkur finnst við þurfa þess. Þetta er lifandi meðferð og í sífelldri þróun og endurskoðun," útskýrir Steina.



Steina Ólafsdóttir, yfirsjúkraþjálfari á Heilsustofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Þegar kemur að útskrift könnum við hvernig ástandið er og berum það saman við upphafið. Sjúklingurinn fær tillögu um hvernig skal halda áfram eftir útskrift, mjög gjarnan heimaæfingar, en stundum ráðleggjum við áframhaldandi sjúkraþjálfun á heimaslóðum. Við reynum að beina fólki í þann farveg sem það kann að meta, við rekum ekki fólk í laugina sem hatar sund, eða í ræktina ef það þolir hana ekki. Við reynum að finna einhvern grundvöll þar sem viðkomandi getur notið sín. Við erum auðvitað ekkert nema vegvísar hér. Slagorð staðarins er að bera ábyrgð á eigin heilsu þannig að við reynum að virkja fólk sem mest til sjálfshjálpar."

Greinilegur munur á fólki

Ólöf Waltersdóttir, deildarstjóri læknadeildar, segir það mikilvægt að skipta um umhverfi fyrir endurhæfingu.

Ólöf Waltersdóttir, deildarstjóri læknadeildar Heilsustofnunar, hefur starfað þar í 30 ár, þekkir starfsemina mjög vel og hittir alla dvalargesti.

„Þegar ég byrjaði voru eldri dvalargestir í meirihluta, en meðalaldur hefur lækkað verulega á síðustu árum," segir Ólöf. „Samhliða því hafa meðferðirnar breyst og okkar frábæra fagfólk er duglegt að sníða þær að þörfum einstaklinga.

Á öldrunarlínu er boðið upp á endurhæfingu fyrir fólk sem er 70 ára og eldra, hvort sem það er til að byggja sig upp eða til að geta búið lengur heima," segir Ólöf. „Við erum mjög stolt af því að geta boðið líka upp á endurhæfingu fyrir fólk sem er ekki á vinnufærum aldri og það er hagkvæmt fyrir samfélagið að eldri borgarar geti dvalið lengur heima.

Það er stór hluti af bataferlinu að skipta um umhverfi fyrir svona endurhæfingu," segir Ólöf. „Það skiptir oft miklu að koma sér út úr krefjandi heimilisaðstæðum og dvalargestir tala mikið um fallegu náttúruna hérna.

Mér finnst greinilegur munur á fólki fyrir og eftir meðferðina. Ég



Ólöf segir að það geti oft verið stór hluti af bataferlinu að skipta um umhverfi fyrir endurhæfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

hitti fólk við innskrift og útskrift og sé mikinn bata. Það eru allir mjög ánægðir hérna og ná miklum árangri," segir Ólöf. „Það tala líka margir um hvað starfsfólkið hér er gott, eins og ein stór samheldin fjölskylda í notalegu umhverfi.

Fólk nærist líka svo mikið félagslega, sem hefur einnig jákvæð áhrif á endurhæfinguna. Hér verða til mjög sterkir vinahópar sem halda sambandi lengi eftir að dvölinni hér lýkur," segir Ólöf.

Í lokin er hér falleg vísa frá dvalargesti:

Hér er góður andi inni
örvast blóð er hlýnar þel.
Íslands þjóðin þarna finni
þrek og móð er dugar vel.

Höf.: K.Á.

Spennandi framtíðarsýn Heilsustofnunar

Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði fagnar 65 ára afmæli á þessu ári. Fram undan er mikil uppbygging með nýjum áskorunum. Forstjórinn segir stofnunina byggja á þverfaglegri endurhæfingu.

Þórir Haraldsson lögfræðingur tók við stöðu forstjóra Heilsustofnunar í Hveragerði um síðustu mánaðamót. Þórir hafði áður starfað hjá Íslenskri erfðagreiningu í nítján ár, meðal annars sem lögfræðingur og fjármálastjóri. Þórir var aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra 1995-2001 og hefur setið í ýmsum stjórnum og nefndum, þar á meðal í stjórn Heilsustofnunar um árabil, svo hann er vel kunnugur starfinu.

Þórir segir að ávallt sé mikið að gera í starfsemi Heilsustofnunar og þannig verði það áfram. „Það eru endalausar áskoranir í svona starfsemi, sérstaklega núna á tímum COVID-19. Við þurfum að halda starfseminni gangandi með tilheyrandi sóttvörnum og okkur hefur tekist að komast hjá smitum og halda uppi öflugri endurhæfingu innan þeirra marka sem sóttvarnareglur setja. Þá höfum við einnig boðið upp á endurhæfingu fyrir fólk sem veikst hefur af COVID. Umhverfið getur breyst hratt með nýjum þörfum," segir hann. „Heilsustofnun er með samning við Sjúkratryggingar að sinna endurhæfingarþjónustu og



Þórir Haraldsson er nýr forstjóri Heilsustofnunar í Hveragerði. Hann sér fyrir sér mikla uppbyggingu á svæðinu á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

það hefur verið mikil eftirspurn eftir endurhæfingu í Hveragerði," bætir hann við. „Undanfarin ár hafa verið stöðugar áskoranir í rekstri stofnunarinnar og rekstrarumhverfið er auðvitað þungt. Við höfum ítrekað bent á að við erum að veita mjög góða þjónustu og höfum aldrei fengið athugasemdir við þjónustuna sem við veitum, en fáum samt sem áður lægri greiðslur en aðrir. Ríkisendurskoðun staðfesti í skýrslu í febrúar 2018 að Sjúkratryggingar greiða Reykjalundi meira en tvöfalt hærri greiðslu en Heilsustofnun, fyrir sambærilega þjónustu. Þetta teljum við óeðlilegt og viljum að við sitjum við sama borð þegar um er að ræða greiðslu fyrir sambærilega þjónustu," segir hann.

Fagleg heilbrigðisþjónusta

„Okkar helsta markmið er að sinna þeim sjúklingum sem þurfa á öflugri endurhæfingu að halda. Daglega eru um 110 – 120 skjólstæðingar í endurhæfingu en heldur færri yfir sumartímann. Það er afar jákvætt og gefandi að heyra frá þakklátum gestum eftir dvöl hér. Þeir eru virkilega ánægðir með hversu endurhæfingin skilar góðum árangri. Á Heilsustofnun er rekin mjög fagleg heilbrigðisþjónusta með þverfaglegu teymi lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfurum, sálfræðingum, íþróttafræðingum, sjúkranuddurum og fleirum. Þá er lögð áhersla á gildi hreyfingar og heilsusamlegs mataræðis sem er auðvitað ein af grunnforsendum fyrir því að fólk beri ábyrgð á eigin heilsu. Hér eru rúmlega 100 starfsmenn og margir með langa starfsreynslu. Starfsfólk er ánægt í starfi og það skilar sér til skjólstæðinga," segir Þórir. Fólk sem kemur í endurhæfingu hjá Heilsustofnun kemur flest eftir tilvísun frá lækni, oft eftir skurðaðgerðir en einnig vegna verkja, síþreytu, streitu og kulnunar svo dæmi séu tekin um fjölbreytta meðferð."

Uppbygging á afmælisári

„Það þarf alltaf að vera uppbygging og endurnýjun. Elstu húsin hér eru orðin 65 ára gömul og í misjöfnu ástandi. Við höfum lagt mikla vinnu í að undirbúa uppbyggingu og settum af stað hugmyndasamkeppni arkitekta um uppbyggingu hér á svæðinu og úrslitin voru kynnt í júní. Fyrsta skrefið verður að byggja íbúðir fyrir fólk 55 ára og eldra, sem fær aðgang að ákveðinni aðstöðu og þjónustu á svæðinu. Með því erum við að búa til fleiri stoðir undir reksturinn. Við erum nú þegar með litla byggð á svæðinu og það hefur verið mikill áhugi hjá fólki á að fá íbúðir hér. Þá erum við að undirbúa byggingu á nýju meðferðarhúsi sem er brýn þörf á fyrir faglega starfsemi svo sem viðtöl, þjálfun og fræðslu fyrir dvalargesti. Framtíðarsýn okkar er að hér rísi heilsuþorp í kringum stofnunina," segir hann.

„Heilsustofnun hefur einnig á undanförnum áratugum boðið upp á fræðslu og námskeið sem eru mikilvæg í að ná því markmiði að hjálpa almenningi að ná betri tökum á eigin lífi," segir Þórir og bætir við að starfið sé gefandi og margt spennandi á döfinni í framtíðinni. „Fyrst og fremst veitum við góða og faglega þjónustu við íslenskt heilbrigðiskerfi."

Hollur matur úr nánasta umhverfi

Á Heilsustofnun hefur verið lífræn ræktun í nær hálfa öld. Halldór Steinsson er yfirmatreiðslumaður og hefur séð um eldhúsið í átta ár. Í matstofu Jónasar hefur alla tíð verið boðið upp á grænmetisfæði og veganrétti auk þess sem fiskur er tvo daga í viku. Lögð er áhersla á holla og góða rétti úr nærliggjandi umhverfi og Halldór segir að það sé bæði krefjandi og skemmtilegt að elda fjölbreytta rétti fyrir gesti á öllum aldri.

„Hér er gott að starfa," segir hann. „Ég starfaði áður á veitingahúsum í Reykjavík en mér hefur fundist mjög skemmtilegt að takast á við matargerðina hér og frábært að geta haft áhrif á hvaða grænmeti er ræktað fyrir okkur. Auk þess fæ ég flestar kryddjurtir héðan af svæðinu," segir hann. „Yfirleitt heyri ég bara þakklæti frá gestum. Sumir eru ekki vanir því að vera á grænmetisfæði og finnst það skrítið fyrst, en það venst og fólk fer ánægt héðan," segir hann. „Reyndar eru fiskidagarnir mjög vinsælir," segir hann.

„Á venjulegum tímum erum við með stórt salatborð, súpur, nýbakað brauð og fjölbreytta grænmetisrétti á borðum. Oft erum við að elda fyrir 200 manns í hádeginu,



Halldór Steinsson matreiðslumaður eldar fyrir dvalargesti á Heilsustofnuninni í Hveragerði og hefur gert í átta ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

en margir koma í mat þótt þeir dvelji ekki á Heilsustofnun. Núna er staðurinn lokaður fyrir utanaðkomandi og sóttvarnareglur í hávegum hafðar," segir hann. „Það eru forréttindi fyrir matreiðslumann að fá að vinna í þessu umhverfi auk þess sem það er frábært að vera í Hveragerði," segir Halldór, en á Heilsustofnun er boðið upp á morgunverð, hádegismat, miðdagshressingu, kvöldmat og kvöldhressingu.

Hollvinasamtök Heilsustofnunar

Hollvinasamtök Heilsustofnunar NLFÍ voru stofnuð á 50 ára afmæli Heilsustofnunar þann 24. júlí 2005 í húsakynnum stofnunarinnar. Helstu markmið Hollvinasamtaka Heilsustofnunar í Hveragerði eru eftirfarandi:

Hollvinasamtök Heilsustofnunar eru samtök sem hafa það að leiðarljósi að styrkja starfsemi stofnunarinnar eftir fremsta megni, fjárhagslega eða á annan hátt. Hollvinasamtökin eru öllum opin sem áhuga hafa á starfsemi Heilsustofnunar í Hveragerði og vilja standa vörð um framtíð stofnunarinnar. Markmið samtakanna er að efla samkennd um mikilvægi stofnunarinnar fyrir alla landsmenn.

Samtökin eru gríðarlega mikilvæg fyrir starfsemi Heilsustofnunar, yfir 1.000 manns eru Hollvinir og hafa samtökin stutt verulega við starfsemina hjá Heilsustofnun með kaupum á ýmsum tækjum og húsgögnum. Á síðustu misserum hafa samtökin meðal annars fjármagnað kaup á líkamsgreiningartæki, áreynsluprófstæki, þjálfunartæki í sjúkraþjálfun og einnig ýmis húsgögn, stóla og borðtennisborð.

Hægt er að gerast hollvinur á heimasíðunni heilsustofnun.is

Frumkvöðull í heilsueflingu

Margrét Jónasdóttir og Guðjón Ragnarsson vinna að heimildarmynd um Jónas Kristjánsson frumkvöðul.

Jónas Kristjánsson var langt á undan sinni samtíð en sögu hans verða gerð góð skil í heimildarmynd sem Margrét og Guðjón vinna nú að. „Myndin sem við í Sagafilm erum að framleiða, fjallar um Jónas og hans miklu arfleifð, sem lifir enn í starfinu á Heilsustofnun í Hveragerði. Hann var frumkvöðull í heilsueflingu og kom fram með hugmyndir sem á þeim tíma þóttu framandi en eru í fullu gildi enn þann dag í dag. Strax í upphafi tuttugustu aldarinnar talaði Jónas fyrir heilsueflingu og hvatti fólk til að hugsa vel um heilsuna, passa upp á mataræðið, bæta húsakost og fleira, en óhreinindi og léleg húsakynni ollu eða kyntu undir alls konar sjúkdómum. Hann formælti neyslu á sykri, hvítu hveiti og áfengi og talaði mikið um skaðsemi tóbaks. Jónas Kristjánsson vildi að fólk bæri ábyrgð á eigin heilsu, með því að lifa heilsusamlegu lífi og fyrirbyggja þannig ýmsa sjúkdóma," segir Margrét, sem er framleiðandi myndarinnar.

Saga Heilsustofnunar er samofin ævisögu Jónasar og er því í stóru hlutverki í myndinni. „Við segjum frá því þegar Heilsuhælið, eins og það hét í fyrstu, var stofnað árið 1955, og förum yfir hvernig starfsemin var og hefur verið frá upphafi. Einnig kemur fram hvers vegna það er staðsett í Hveragerði, en það er merkileg saga á bak við það. Jónas hafði lokið sinni starfsævi sem héraðslæknir, en hann var lengst af á Sauðárkróki, sem var stórt og víðfeðmt læknisumdæmi, þegar hann setti Heilsuhælið á laggirnar, áttatíu og fimm ára að aldri, sem er stórmerkilegt. Hann var yfirlæknir á hælinu þar til hann lést, árið 1960," segir Margrét og áhuginn á viðfangsefninu leynir sér ekki.

Hún talar sérstaklega um hversu vel arftökum hans hefur tekist



Margrét og Guðjón hjá Sagafilm vonast til að heimildamyndin verði frumsýnd öðru hvoru megin við áramótin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

að halda kenningum Jónasar um náttúrulækningar á lofti. „Þær hafa lifað af allar tískubylgjur, enda mikil vísindi á bak við þær. Hann byggði hugmyndir sínar um náttúrulækningar meðal annars á hugmyndafræði erlendra heilsuhæla, sem hann heimsótti á ferðum sínum um heiminn," upplýsir Margrét.

Hugsjónastarfið heillaði

Tilviljun réði því að Margrét tók að sér að gera heimildarmynd um Heilsustofnun og hún fékk Guðjón með sér í verkið, en hann leikstýrir myndinni. „Hann er ungur og upprennandi leikstjóri, sem er að vinna með mér að öðru verkefni. Heimildarmyndin kom þannig til að ég mælti mér mót við langafabarn Jónasar, sem var á Heilsustofnun. Ég hélt við ætluðum bara að spjalla saman yfir fjallagrasatei en þá kom í ljós að hann vildi að ég tæki að mér að gera þessa mynd. Ég hafði engan tíma til þess en svo hitti ég fólkið sem stýrir Heilsustofnun og heillaðist svo af þessu hugsjónastarfi að ég ákvað að finna tíma fyrir þetta spennandi verkefni," segir Margrét.

Hansína Benediktsdóttir var eiginkona Jónasar og segir Margrét að hún hafi átt stóran þátt í starfi hans. „Jónas átti frábæra konu sem stóð þétt við bakið á honum. Hann hefði aldrei áorkað svona miklu ef hún hefði ekki verið með honum í þessu starfi."

Miklar heimildir eru til um líf og starf Jónasar, sem hafa nýst vel í ferlinu. Þau Margrét og Guðjón fóru á slóðir Jónasar, bæði fyrir norðan og austan þar sem hann hóf starfsferilinn og var lengi læknir, en þau hjónin bjuggu að Brekku í Fljótsdal. Þau hafa komst yfir gamalt og nýtt myndefni, meðal annars frá Kvikmyndasafninu og Sjónvarpinu. „Það er haldið vel utan um þessa sögu á Heilsustofnun og afkomendur Jónasar brenna fyrir henni. Nokkrir hafa reynt við að gera mynd um hann, það var til dæmis búið að taka upp nokkur viðtöl við fólk sem tengist þessari sögu, svo búið var að vinna töluverða forvinnu. Jónasarstofa stendur líka óhreyfð á Heilsustofnun og þar eru upplýsingar, myndir og bækur sem við getum sótt í. Við erum ekki með nein viðtöl við Jónas sjálfan, og það væri gaman ef einhver lumar á gömlum myndum frá fyrstu árunum eða einhverju efni sem kæmi sér vel við þessa vinnu, þá má hafa samband við Inga Þór Jónsson hjá Heilsustofnun sem kemur þeim til okkar," segir Margrét vongóð.

Stefnt er að því að frumsýna heimildarmyndina öðru hvoru megin við áramótin en í ár er 150 ára ártíð Jónasar.

Stígðu inn í söguna með Storytel Reader lesbrettinu.



Pantaðu Storytel Reader á storytel.com – eins mánaðar áskrift fylgir með

Með Storytel Reader og Storytel áskrift færðu ótakmarkaðan aðgang að öllu bókasafni Storytel. Skiptu á milli lesturs og hlustunar, þráðlaust með Bluetooth.

18.900 kr.
Frí heimsending

storytel



Hér má sjá Björk á sviði á Cornucopia-tónleikaferðalaginu í desember í Stokkhólmi 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Í dag er hennar dagur

Afmælisbarn dagsins í dag er engin önnur en hin eina sanna Björk Guðmundsdóttir (f. 21. nóvember 1965). Þessi kona er og mun líklega alltaf vera ein sú allra besta landkynning sem Ísland hefur átt og alið af sér.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is



Þessi tónlistardrottning Íslands er 55 ára í dag. Björk hóf tónlistarferil sinn aðeins 12 ára gömul árið 1977 þegar út kom plata þar sem hún söng meðal annars þekkt íslensk barnalög. Snemma á ferli sínum var hún í nokkrum pönk- og djass-fusion hljómsveitum. Á meðal hljómsveita má nefna Jam '80, Exodus og Draumsýn og Tappa tíkarrass. Árið 1983 stofnaði hún ásamt fimm öðrum hljómsveitina Kukl, sem síðan þróaðist út í alternative rokk-hljómsveitina Sykurmolana. Með þeirri hljómsveit hlaut Björk fyrst heimsfrægð. En í tilefni dagsins má geta þess að singúllinn Birthday sem kom út með hljómsveitinni árið 1987 var ofarlega á hlustunarlistum á breskum og bandarískum indie útvarpsstöðvum og voru gagnrýnendur afar hrifnir af laginu. Íslenska útgáfan Ammæli kom út árið áður og fékk að fljóta með á B-hliðinni á alþjóðlegu útgáfunni.

Sólóferill Bjarkar

Þegar Sykurmolarnir hættu árið 1992 hóf hún sólóferil sinn og skín stjarna hennar enn í dag töluvert skærar en flestar stjörnur næturhiminsins. Fyrsta sólóplata Bjarkar er platan Debut sem kom út árið 1993. Í kjölfarið fylgdi Post (1995), Homogenic (1997), Selmasongs (2000), Vespertine (2001), Medúlla (2004), Drawing Restraint 9 (2005), Volta (2007), Biophilia (2011) og Vulnicura (2015).

Nýjustu plötu sinni Utopia (2017) fylgdi hún eftir á eftirminnilegan hátt með tónleikaferðalaginu Cornucopia. Á yfir fjörutíu ára ferli sínum hefur Björk þróað með sér einstakan tónlistarstíl þar sem áhrif koma frá elektróníski tónlist, poppi, tilraunakenndri tónlist, tripphopp, klassískri tónlist og framúrstefnulegri tónlist.

Hæfileikar Bjarkar einskorðast ekki við tónlistina en hún hlaut verðlaun sem besta leikkona í aðalhlutverki á Cannes-kvikmyndahátíðinni árið 2000 fyrir leik sinn í Lars von Trier kvikmyndinni Dancer in the Dark. Þá fékk hún einnig Óskarstilnefningu fyrir besta frumsamda lagið sem var I've seen it all.

Ætlast til að einhver illi...

Í íslenskum tímaritum kemur nafn Bjarkar Guðmundsdóttur fyrst fram í tímaritinu Æskunni 1983. Þar kemur hún ný inn á vinsældalista lesenda og er valin þar önnur vinsælasta söngkonan af lesendum tímaritsins Æskunnar, með 337 stig, eftir Röggu Gísla sem hlaut þá 413 stig. Í viðtali ári síðar í sama tímariti segir Björk, þá átján ára gömul: „Ég þarf að syngja, ég bara finn það. Það er eitthvað lífsnauðsynlegt fyrir mig. Ég fer og ég syng. Fólk getur bara ekki ætlast til meira af mér." En þarna söng hún með hljómsveitinni Kukl, eftir að hafa verið meðlimur í Tappa tíkarrassi.

Um plötuna sem þá var að koma út segir hún: „Við pældum rosalega í þessu með enskuna. Sko við erum íslensk – og þá syngjum við bara á íslensku. Svo förum við að pæla í því hvort þetta væri réttlátt – að ætlast til að einhver illi sem heyrir í okkur, að ætlast til að hann tali íslensku."





Björk á sviðinu í Eldborg 2016 á Iceland Airwaves. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Björk á tónleikum í Laugardalshöll árið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Bleiki kjóllinn sem Björk klæddist á frumsýningu Dancer in the Dark í Cannes var umtalaður. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Björk tók þátt í Ertu að verða náttúrulaus? – stórtónleikum gegn eyðileggingu hálendisins ásamt Múm, Damien Rice, Lisu Hannigan, Ghostigital, Damon Albarn, Egó, Möggu Stínu, Mugison, Sigur Rós, KK, Ham, Hjálmum og mörgum fleiri listamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Stofnendur Sykurmolanna voru Bragi Ólafsson, Björk Guðmundsdóttir, Einar Örn Benediktsson, Einar A. Melax, Friðrik Erlingsson og Sigtryggur Baldursson. Myndin er tekin í París 1991. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



VIÐ HÖFUM

OPNAÐ AFTUR

Við höfum opnað aftur með stærri og hátíðlegri matseðil. Hlökkum mikið til að taka á móti ykkur í salnum, en virðum fjöldatakmarkanir og biðjum ykkur því að panta borð fyrirfram í síma 454-0200.

Allt á matseðli er einnig í boði í take-away.

Sjáumst á No Concept, Hverfisgötu 6.

noconcept_iceland

Húsnæði

Húsnæði í boði

Mjög góð 2ja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi til leigu í Hafnarfirði - langtímaleiga -laus 1. des Uppl. 8940040.

Til leigu nýuppgerd 2-3 herb. íbúð í einbýli nálægt Mjóddinni. Sanngjörn leiga. S. 895 6160

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Einkamál



Finndu félagsskap fyrir framtíðina. 30 daga áskrift kostar aðeins 999 kr.



Vandaður íslenskur stefnumótavefur. Makaleit.is - aðeins 999 kr

Atvinna

Viðskiptatækifæri












FRÍ
HEIMSENDING
þegar verslað er fyrir 7.000kr
eða meira í vefverslun
FRÁBÆRT ÚRVAL
AF SPARIFATNAÐI!
Verið velkomin í jólastemninguna hjá okkur í Kringluna og á Glerártorgi
WWW.ZIKZAKVERSLUN.IS
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314
ZIKZAK
TÍSKUHÚS


Skyrta
5.990,-
st.38-48
Kjóll
8.990,-
st.38-48
Bolur
5.990,-
st.38-48
Bolur
8.990,-
st.38-48
Túnika
6.990,-
st.38-48


Bolur
5.990,-
st.38-48
Bolur
5.990,-
st.38-48
Túnika
8.990,-
st.38-48
Kjóll
9.990,-
st.38-48
Blússa
8.990,-
st.38-48


Kjóll
8.990,-
st.S-XXXL
Kjóll
7.990,-
st.S-XXXL
Kjóll
8.990,-
st.S-XXXL
Peysa
10.990,-
st.S-XXL
Kjóll
7.990,-
st.S-XXXL

Klassískt og móderníska í Hlíðunum

Tinna Gilberts býr ásamt fjölskyldu sinni í íbúð í Hlíðunum þar sem ægir saman klassískri hönnun í bland við bæði nýtt og gamalt og er útkoman módernísk klassík.

Arnar Gauti Sverrisson
arnargauti@sirarnargauti.is



Tinna starfar hjá Iceland Seafood en ástríða hennar er matargerð og er hún dugleg við að birta uppskriftir af guðdómlegum mat á Instagram-reikningi sínum @tinnagilberts.

Tinna og eiginmaður hennar, Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson, sem starfað hefur við tísku í Herragarðinum í um 20 ár, eru búin að koma sér upp ótrúlega fallegu heimili í Hlíðunum, þar sem þau búa ásamt börnum sínum.

Það kom ekki á óvart þegar ég heimsótti þau hjón hversu fallega heimilið er sett upp þar sem vel valin húsgögn og fylgihlutir eiga sinn stað enda ekki við öðru að búast þegar þessar tvær týpur koma saman; einstaklega smekkleg kona með ástríðu fyrir mat og karlinn með ástríðu fyrir fallegum fötum og hönnun.

Vel valin verk

Eitt einkenna heimilisins er vel valin listaverk sem blandast skemmtilega við minningar á veggjum heimilisins. Þar ægir saman ljósmyndum með minningum, listaverk eftir bróður Villa ásamt fallegum verkum sem þau hafa safnað með tímanum og allt flæðir þetta svo vel saman.

Eldhús þeirra hjóna er mjög fallega sett upp með hrikalega flottri gaseldavél þar sem Tinna nýtur sín við sína ástríðu, matargerð.

Heimilið í heild myndi ég flokka sem fallegt, móderníska heimili, þar sem klassík á borð við Svaninn eftir Arne Jacobsen og aðrar klassískar hönnunarvörur blandast saman við gamalt og nýtt.

Þegar Tinna er spurð út í þessa matarástríðu segir hún eldamennsku fyrir sér vera hugleiðslu og allir geti eldað sé áhugi fyrir hendi. Saman horfa þau hjón mikið á matreiðsluþætti og fá þaðan hugmyndir.



Svanurinn frá Arne Jacobsen nýtur sín vel í stofunni og vel valin listaverk allt í kring eins og annars staðar á heimilinu.



Fegurðin liggur mikið í smáatriðunum á þessu fallega heimili.



Tinna Gilberts er ástríðukokkur sem deilir reglulega girnilegum uppskriftum á Instagram-reikningi sínum @tinnagilberts. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Klassík í fatnaði og fylgihlutum.



String hilllurnar setja fallegan svip á stofuna enda smekklega raðað í þær af kostgæfni.



Íbúðin er björt og falleg og stofa og borðstofa tengjast á fallegan hátt.



Stíhreint og bjart eldhúsið skartar forláta gaseldavél sem kemur sér vel fyrir ástríðukokkinn.



Við forláta eldavélina stendur aarke sódavatnstækið.



Vel valin listaverk setja svip sinn á heimilið og skapa hlýleika.





BIOTHERM HERRA GJAFAASKJA

Þú færð glæsilega Biotherm herra gjafaöskju á næsta Biotherm útsölustað.
Aquapower rakakrem 75 ml,
Aquapower sturtusápa 75 ml,
Raksápa 50 ml, Biotherm herra snyrtitaska.

Algengt útsöluverð 6.780 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

21. NÓVEMBER 2020 LAUGARDAGUR

Merkisatburðir



1763 Dómkirkja er vígð á **Hólum í Hjaltadal** sem byggð var fyrir norskt og danskt gjafafé.

1772 Tveir bæir á Látraströnd, við austanverðan Eyjafjörð, verða fyrir snjóflóði.

1815 Annar Parísarsáttmálinn bindur endi á Napóleonsstyrjaldirnar.

1945 Nürnberg-réttarhöldin hefjast í Þýskalandi.

1947 Elísabet krónprinsessa af Bretlandi giftist Filippusi, prins af Grikklandi.



1959 Samsteypustjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks, kölluð Viðreisnarstjórn, tekur við völdum á Íslandi undir forystu **Ólafs Thors**.

1985 Stýrikerfið Windows 1.0 kemur út.

1992 Eldur kemur upp í Windsor-kastala og veldur miklu tjóni.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Kristín Ingólfsdóttir


Sverrir Einarsson


Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

HjartaHeill
Minningarkort á hjartaheill.is
eða í síma 552 5744


ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .



Hluti hópsins sem að útgáfu Höfrungastúlkunnar kemur: Magnús Þór, höfundur, gítarleikari og söngvari, Einar Scheving slagverksleikari, Ari Bragi Kárason hornleikari og Ragnar Ólafsson, tónlistarmaður og upptökustjóri. MYND/AÐSEND

Höfrungurinn leitar heim

Söngvaskáldið Magnús Þór Sigmundsson snertir við fólki með tónum og textum. Lagið Höfrungastúlkan sem er nýkomið út á Spotify og YouTube segir sterka sögu.

Stúlkan sem ég er að minnast í þessu nýútkomna lagi mínu hét Anna Benný. Hún kom valhoppandi og veifandi höndum á móti mér þegar ég hóf störf á geðdeild Landspítalans 6. september 1981 og spurði hvort ég væri engillinn sinn. Þessi dagur er versti dagur lífs míns því Rósa, þáverandi konan mín, hafði lent í alvarlegu slysi og lést þremur dögum síðar.“ Þannig byrjar Magnús Þór Sigmundsson tónlistarmaður að lýsa sögunni á bak við lagið Höfrungastúlkan sem er nýkomið á veiturnar Spotify og YouTube og hann er höfundur að. Heldur svo áfram frásögninni.

„Anna Benný var sjúklingur, ung og falleg stúlka, og við fundum strax sterka tengingu. Ég var síðar settur sem aðgæslumaður hennar á deildinni. Hún varð mikil vinkona mín, við pössuðum svolítið hvort upp á annað. Ég fann til með henni því henni leið oft illa – þá sagðist hún vera höfrungur sem synti um.

> **Ég fattaði ekkert að hún væri að kveðja fyrir fullt og allt en síðar frétti ég að þann dag hefði hún gengið í sjóinn. Höfrungurinn leitaði heim.**

Mörgum árum seinna hringdi hún í mig, mjög yfirveguð og þakkaði mér þá vináttu sem ég hefði sýnt henni þegar hún var á deildinni. Tók fram að hún liti öðruvísi út núna, hún væri orðin feit af lyfjum. Ég fattaði ekkert að hún væri að kveðja fyrir fullt og allt en síðar frétti ég að þann dag hefði hún gengið í sjóinn. Höfrungurinn leitar heim.

Magnús kveðst hafa samið bæði lag og texta sem hann tileinkaði þessari stúlku árið 2017. Hann hafi leyft vini sínum Ragnari Ólafssyni tónlistarmanni að heyra það fyrir tveimur árum, það hafi setið í honum og nú í sumar hafi Ragnar vakið máls á því að vinna þetta efni og gefa það út. „Já, alveg endilega, svaraði ég, og við gerðum nokkrar upptökur en það var ekki fyrr en Einar Scheving trommuleikari slóst í hópinn sem lagið lagðist rétt. Hann er snillingur,“ lýsir Magnús. „Svo fékk ég fleiri hljóðfæraleikara, Matthías H. Mogensen bassaleikara, Ara Braga á Flugel-horn og minn góða vin Jóhann Helgason og dóttur mína Þórunni Antoníu í bakraddir.“

Allt er að mestu búið til og hljóðritað heima hjá Magnúsi og Jennýju, konu hans, í Hveragerði, að hans sögn. „Ég hef verið að fjárfesta í upptökutækjum og er sjálfbjarga hvað það varðar, svo framarlega sem ég finn tæknimann,“ segir Magnús. „...og nú syndir Höfrungastúlkan um frjáls á Spotify.“

gun@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Birte Dürke Hansen

lést í faðmi fjölskyldunnar þriðjudaginn 17. nóvember á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi.

Ragnar D. Hansen
Richard Hansen — **Sigríður Rósa Magnúsdóttir**
Solvej Dürke Bloch
Michael D. Hansen — **Annemarie V. Hansen**
Anita Roland — **Brian Roland**
Rolf D. Hansen — **Manuel Parra Recuero**
John D. Hansen

barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Þyri Dóra Sveinsdóttir

snyrtisérfræðingur,

sem lést á heimili sínu 11. nóvember, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 24. nóvember kl. 15, að viðstöddum nánustu ættingjum. Streymt verður frá athöfninni á slóð: youtu.be/PZhTKEoui7E

Kjartan W. Ágústsson
Kristinn Tómasson — **Herdís Sigurðardóttir**
Dóra K. Welding — **Hinrik Þráinsson**
Sveinn Helgi Kjartansson

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Hrafn Jóhannsson

byggingatæknifræðingur og skógarbóndi,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans mánudaginn 16. nóvember. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 25. nóvember klukkan 11. Í ljósi aðstæðna verða einungis nánustu aðstandendur viðstaddir athöfnina. Streymt verður frá athöfninni á vef Digraneskirkju.

Arndís Finnsson
Sveinbjörn Hrafnsson — **Anna Maria Moestrup**
Marta Hrafnsdóttir — **Maxime Poncet**
Guðlaug Hrafnsdóttir — **Jan de Zwaan**
Kristín Inga Hrafnsdóttir — **Þröstur Jónasson**
Olga Hrafnsdóttir
og barnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sverrir Ingi Axelsson

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 25. nóvember kl. 13. Streymt verður frá athöfninni á beint.is/streymi/sverriraxelsson

Þeim sem vilja minnast hans er bent á sumarbúðir KFUM og KFUK í Vatnaskógi, kt. 521182-0169, reikn. 0117-05-189120.

Kristín Sverrisdóttir
Ragnheiður Sverrisdóttir — **Hjalti Hugason**
Þorsteinn Sverrisson — **Magnea Einarsdóttir**
Ólafur Sverrisson — **Ellen Símonardóttir**
Sverrir, Hugrún, Markús, Auður Inga, Hildur Inga, Ása Inga, Gríma Katrín, Dagur Adam, Mirra Kristín og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Heiðar Guðmundsson

jarðvinnuverktaki,

lést á Líknardeild Landspítalans Kópavogi 12. nóvember. Útförinni verður streymt í gegnum Facebook-hópinn „Jarðarför Guðmundar Heiðars“, þriðjudaginn 24. nóvember klukkan 13.

Kristín Lára Magnúsdóttir
Kolfinna Guðmundsdóttir — **Guðmundur Bjarnason**
Sigrún Guðmundsdóttir — **Tómas Kristjánsson**
Sólveig Guðmundsdóttir — **Hilmar Ingi Ómarsson**
Þórir Guðmundsson — **Ragnhildur Bergþórsdóttir**
og fjölskyldur.



Ástkær eiginmaður minn , faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Helgi Kristmann Haraldsson

lést 18. nóvember á Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 27. nóvember kl. 13. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu munu einungis nánustu aðstandendur verða viðstaddir. Útförinni verður streymt á vef Akraneskirkju, www.akraneskirkja.is. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Dvalarheimilisins Höfða fyrir góða umönnun.

Ásthildur Einarsdóttir
Haraldur Helgason
Einar Baldvin Helgason — **Sigríður Ása Bjarnadóttir**
Gerður Helga Helgadóttir — **Sævar Jónsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæra,elskulega móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórey Erla Ragnarsdóttir

Prestastíg 6, Reykjavík,

andaðist á Landspítala við Hringbraut 8. nóvember sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Sólrún E. Rögnvaldsdóttir — **Sigurður Ingason**
Ragnar Rögnvaldsson
Rögnvaldur Rögnvaldsson — **Rakel Sigurðardóttir**
Alda Jenný Rögnvaldsdóttir — **Arne Sólmundsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartkær móðir okkar og móðursystir,

Bryndís Gunnarsdóttir Rondeau

áður til heimilis að Borgarvegi 19 í Njarðvík,

lést í heimabæ sínum, Holyoke í Massachusetts, miðvikudaginn 11. nóvember. Útför hennar var gerð 17. nóvember sl. Hún hvílir við hlið manns síns Richard Rondeau í Massachusetts Veterans Memorial-kirkjugarðinum í Agawam.

F.h. annarra aðstandenda,
Bjarney Anna Rondeau
Harvey Kjartan Rondeau
Richard Gunnar Rondeau
Dórothea Herdís Jóhannsdóttir
Oddný Halldórsdóttir



Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jónatan Klausen

rafeindavirkjameistari,

lést á Melgerði, hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð, sunnudaginn 15. nóvember. Starfsfólki heimilisins er þökkuð ástúðleg umönnun. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 26. nóvember kl. 13.30. Vegna aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni á Facebook-síðunni Jarðarfarir í Akureyrarkirkju.

Hanna S. Sigurðardóttir
Sigurður Klausen — **Ingibjörg Haraldsdóttir**
Sveinn Klausen — **Ásdís H. Hafstað**
Herdís Klausen — **Árni Stefánsson**
Jóhann Friðrik Klausen — **Guðbjörg Andrea Jónsdóttir**
Ingólfur Klausen — **Anna Hermannsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Þökkum samúð og hlýhug við andlát frænda okkar og vinar,

Stefáns G. Stefánssonar

frá Kalastöðum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis fyrir góða og kærleiksríka umönnun.

Aðstandendur.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Ingvaldur Rögnvaldsson

Ásbraut 21, Kópavogi,

lést þriðjudaginn 17. nóvember á Landakoti. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Fjölskyldan vill þakka starfsfólki Landspítalans fyrir góða umönnun.

Hafdís Gústafsdóttir
Þóra Ingvaldsdóttir — **Pétur Kristjánsson**
Haukur Ingvaldsson — **Henny Kartika Sary**
Sigrún Hallsdóttir
Barði Ingvaldsson — **Valgerður Ragnarsdóttir**
Sigurður Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Lóa Marinósdóttir

Holtsbúð 22, Garðabæ,

sem lést á heimili sínu umvafin fjölskyldu sinni föstudaginn 13. nóvember, verður jarðsungin frá Vídalínskirkju þriðjudaginn 24. nóvember klukkan 13. Vegna aðstæðna verða einungis nánustu ættingjar viðstaddir. Útförinni verður streymt á vefslóðinni youtu.be/cYsNrg2T55o. Einnig verður hægt að nálgast útsendingu á mbl.is/andlat. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktar- og líknarsjóð Oddfellow. Fjölskylda Önnu Lóu vill koma á framfæri miklu þakklæti til alls starfsfólks Kvennadeildar Landspítala 21A.

Pálmi Sigurðsson
Marinó Pálmason — **Guðbjörg Erlingsdóttir**
Steinar Pálmason — **Sigríður Birgisdóttir**
Sigurður Pálmason — **Valdís Harrysdóttir**
Lovísa Anna Pálmadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Áróra Helgadóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð fimmtudaginn 12. nóvember. Hún verður jarðsungin frá Digraneskirkju föstudaginn 27. nóvember kl. 13.00. Vegna aðstæðna verða einungis nánustu ættingjar viðstaddir. Útförinni verður streymt og verður hún aðgengileg á mbl.is/andlat

Árni Jóhannesson — **Laufey Valdimarsdóttir**
Sólveig Jóhannesdóttir — **Gunnar Árnason**
Sigurlaug Margrét Guðmundsdóttir — **Pétur Hjaltested**
Jóhannes Kristberg Árnason
Helga Árnadóttir
Árni Kristinn Gunnarsson — **Regína Diljá Jónsdóttir**
Hörður Gunnarsson — **Ólöf Önundardóttir**
Gunnar Snær Gunnarsson
og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

Steinþóra Jóhannesdóttir

lést að Hrafnistu í Reykjavík 10. nóvember 2020. Útför hennar fer fram þriðjudaginn 24. nóvember í Bústaðakirkju kl. 13.00. Í ljósi aðstæðna verða einungis nánustu aðstandendur viðstaddir athöfnina. Streymi frá jarðarförinni verður aðgengilegt samdægurs á mbl.is/andlat youtu.be/VsAx3EQka

Erla Gunnarsdóttir
Petrína Ólafsdóttir — **Finnur Guðmundsson**
Jón Steinar Ólafsson — **Praiya Kanisarn**
Salómon Þórarinsson — **Jóna Björg Kristinsdóttir**
Sigurlaug Þórarinsdóttir — **Leifur Þór Ingólfsson**
Jóhannes Bergþór Þórarinsson — **Sigríður Elín Júlíusdóttir**
Sigrún Guðný Jóhannesdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Ólöf Guðríður Sigursteinsdóttir

lést á Dvalarheimilinu Höfða á Akranesi 15. nóvember 2020. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 24. nóvember kl. 13. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu munu einungis nánustu aðstandendur verða viðstaddir. Útförinni verður streymt á vef Akraneskirkju www.akraneskirkja.is

Jón Sigurðsson — **Brynhildur Magnúsdóttir**
Jakob Sævar Sigurðsson
Magnús H. Sigurðsson — **Sesselja Salóme Tómasdóttir**
og barnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Vilhjálmur Þórhallsson

fv. hæstaréttarlögmaður,

lést 15. nóvember á Hrafnistu, Nesvöllum í Reykjanesbæ. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 1. desember nk. kl. 13.00. Vegna aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir. Athöfninni verður streymt á www.facebook.com/groups/utforvilhjalms

Þórhallur Vilhjálmsson — **Sólveig Bjarnadóttir**
Guðrún Vilhjálmsdóttir
Ólafía Sigríður Vilhjálmsdóttir — **Nathan Balo**
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Jóhannsson

Hraunvangi 1, Hafnarfirði,

lést 17. nóvember á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir fær heilbrigðisstarfsfólk fyrir umönnun og hlýju.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðrún Ingólfsdóttir

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

FARSÓTTARHÚS

H	U	N	D	A	F	Ó	Đ	R	I			B		Á		Ó		Ö		
Ú		I				R		I		Ú	T	L	A	G	A	B	Æ	L	I	
S	Ó	Đ	A	K	J	A	F	T	U	R		E		E		R		D		
A		U		L		U		A		H	Á	K	Ö	R	L	U	N	U	M	
V	O	R	F	A	G	N	A	Đ	U	R		B		Đ		N		O		
Í		L		K		S		A		A	F	Æ	T	U	R	N	A	R		
K	V	Æ	Đ	A	S	Ö	F	N		K		N		S		A		K		
U		G		S		N			V	I	N	D	S	T	O	R	M	A	R	
R	Á	Đ	S	K	O	N	U	N	A			U			F		A		Ú	
		U		E			M		R	O	M	M	K	Ú	T	U	N	U	M	
H	A	M	S	L	E	Y	S	I	Đ		Á		L		R		N		L	
	F		Æ		E		K		H	Ó	L	M	A	R	A		Á		Í	
S	T	Í	L	H	R	E	I	N	U		G		S		U	M	R	Ó	T	
	U		U		N		P		N	A	L	L	A	N	S		U		I	
F	R	É	T	T	A	F	U	N	D		Ö		N	Á	T	T	M	Á	L	
	F		Ó		H		Đ		U	P	P	L	A	G		R		O		
M	A	G	N	O	L	Í	U	T	R	É		E		U		E		R		
	R		I		Í			U		T	O	P	P	S	T	Y	K	K	I	
B	A	R	N	A	F	Ó	L	K		U		J		T		S		A		
	R		N		A			T	U	R	N	A	Đ	I	S	T		N			

LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist vetraríþrótt. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 26. nóvember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „21. nóvember“.





FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Eplamaðurinn,** höfundur **Anne Mette Hancock,** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ingibjörg Ingimarsdóttir, Borgarnesi.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Rústaði borði í FSU (9)
7 Vakti snemma máls á mikilvægi tímasetningar (6)
10 Stunda vinnu í törnum og sinni blíðulátum á milli (7)
11 Laga dúkana áður en lýsið og kalkið koma (9)
12 Slæm tónlistarstefna getur verið góð skáldsaga (6)
13 Vil lengdan frest og vel festan (7)
14 Hvað skyldu lítil hjón og ekki stöndug standa við? (7)
15 Leita frétta af þeim sem leita frétta svo lítið ber á (6)
16 Er jörð okkar þá sál sem mælir æ og sí? (7)
17 Trönutrýni einkennir þessa kjaftagelgju (9)
18 Tilgreinið hvern einstakling og hvern afkomanda hans (6)
20 Vík að vík utan undir keldu (8)
22 Kalksigti komin í hús, en hvar er merkið sem tollir? (9)
25 Gera allt sem þessi góða kona býður (5)
28 Ormur Orms bætir máðan akur (9)
31 Fara á sjó í röðum út af logunum litlu (8)
33 Fuglinn fló í stó (5)
34 Þessi heillar jafnvel dauðar drósir (7)
35 Fljót að gera vesen ef það sem mamma segir bregst (8)
37 Úr leik á bomsum sem ekki eru í húsum hæfar (7)
41 Sögur af sjóþró sem nýtist sem viðmið (9)
42 Skömmustulegur eftir svipul mistökin (12)
43 Stígur Njáls er mættur í miðbæinn (9)
45 Flaugar flytja tóma riffla (13)
48 Þessi kverúlant er að fjórðungi fugl (8)
49 Finn op í krikunum við hvoftinn (11)
50 Losa óhreinindi í frárennslið fyrir ákveðna tilraun (9)

LÓÐRÉTT

1 Vil að ókát snúi látlausum stöðum (13)
2 Leysum hratt úr fínum svikaþráðum (9)
3 Stikna með Báru á áramótagleðinni (9)
4 Leita uppi tindasund fyrir furðuveruna (10)
5 Fer með loga handa Loga (10)
6 Námskonur læra um túndruís (8)
7 Er upprifjun ætlað að vera refsing? (8)
8 Umræðubás kallar á skilaboðaskjóðu (7)
9 Drýp sem draugurinn ef veikin berst í mig (9)
19 Ekki voru þeir ástleitnir er þú varst þarna á þvælingi (8)
21 Stækka við sig fyrir ferðasængur (7)
23 Dæmdi fyrripart út frá máltíð (9)
24 Leita upptökuaðferða til að forðast kulnun í læri (9)
26 Þerna semur um frið við fótboltafélag (6)
27 Sá sem finnur allt fær hættulega pest (6)
29 Afl eitla ruglar þrýstna sveina (8)
30 Innantóm er tilvist karls sem Krösusar (8)
32 Tóku þessar lærdómslistir eitthvað á nýtingu auðlinda? (10)
36 Bón er beinn ávinningur (8)
38 Biðja kóng að finna smá skák fyrir riddara sinn (8)
39 Mæti í mörk um miðja nótt, í við vöxnu landi (8)
40 Guðdómlegt verk um artí óróa (8)
44 Hraustir menn njóta betri kjara en aðrir (5)
46 Á heilt haf af sóda sem ég leigi út (4)
47 Ræski mig og humma að fornum sið (4)

LÉTT

				6				
9	4		7	2			3	
7	5	1	9		4			
		9			6			2
4	7		2			1	9	
	8		1	7		3		5
				4		8		7
8		4				2		9
1								

MIÐLUNGS

	9		8	1		3		
		8	9					
3				7	5			1
5	7	4		8	2			
					4		1	
	2							8
6				2	9			
9	3	1	5				7	
				3		5	6	

ÞUNG

		5						
	4				3		1	
1		7	8					
9			1		4	8		6
		6		5				3
					8			
6	5	4		8			9	
2			5		9	4		
					1		8	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

7	8	3	4	9	5	2	1	6
6	9	2	7	3	1	5	8	4
1	4	5	2	6	8	3	7	9
2	6	8	5	1	9	4	3	7
3	7	1	6	2	4	8	9	5
4	5	9	3	8	7	1	6	2
8	3	4	9	7	2	6	5	1
5	1	7	8	4	6	9	2	3
9	2	6	1	5	3	7	4	8

7	1	5	8	2	9	6	4	3
8	4	6	5	7	3	2	9	1
3	2	9	4	6	1	5	7	8
1	9	7	3	4	5	8	2	6
2	3	8	9	1	6	7	5	4
5	6	4	7	8	2	1	3	9
6	5	2	1	3	4	9	8	7
9	7	3	6	5	8	4	1	2
4	8	1	2	9	7	3	6	5

9	7	5	1	3	4	6	8	2
6	8	3	5	2	9	7	1	4
2	1	4	6	7	8	9	3	5
5	4	8	7	6	1	3	2	9
1	6	2	8	9	3	4	5	7
7	3	9	2	4	5	8	6	1
8	2	7	4	5	6	1	9	3
4	9	1	3	8	2	5	7	6
3	5	6	9	1	7	2	4	8

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Saunina átti leik Cehova í Sotsí árið 1980.

1. Hxe4! Dxe4 2. Rg5 Dg6 3. Dxh7+! Dxh7 4. Rxf7# 1-0.
Í dag fer fram fjögurra landa keppni ungmenna í netskák. Bein útsending verður á netinu. Á morgun hefst svo Skilling Open á Chess24. Fyrsta mótið í nýrri mótasyrpu Magnúsar Carlsen.

www.skak.is: Fjögurra landa keppnin.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

HÆTTULEG STAÐA

Nánast ekkert er um bridge spilamennsku í spilaklúbbum landsins þessa dagana, enda slæmt faraldursástand og gert er ráð fyrir litlum samskiptum fólks. Áhugamenn um bridge eru samt duglegir að spila á netinu þar sem nóg af tækifærum eru fyrir hendi. Eitt slíkt var sveitakeppnismót sem spilað var á netinu í sameiginlegri félagaspilamennsku Bridgefélaga Kópavogs og Hafnarfjarðar, 12. nóvember sl. Sveit SFG (Sölufélag Garðyrkjumanna) vann þar sigur og skoraði 32 impa í plús. Spilarar í sveit SFG voru Gunnlaugur Karlsson, Stefán Jónsson, Hjördís Sigurjónsdóttir og Kristján Blöndal. Sveit þeirra græddi vel á þessu spili í keppninni. Austur var gjafari og NS á hættu.

Norður
♠ ÁK103
♥ Á73
♦ K9
♣ ÁK102

Vestur
♠ DG984
♥ K9652
♦ 6
♣ G9

Austur
♠ 72
♥ 1084
♦ ÁG10
♣ D8764

Suður
♠ 65
♥ DG
♦ D875432
♣ 53

Þar sem Hjördís og Kristján sátu AV opnaði vestur á gervisögninni 2 gröndum, sem gat innihaldið hindrun í báðum hálitum. NS réðu illa við þá opnun og sagnir enduðu á 6 ♦ sem að sjálfsögðu unnust ekki. Þar sem Gunnlaugur og Stefán sátu NS, ákvað norður (eftir tvö pöss) að opna einn spaða. Norður doblaði, suður sagði rólega tvo tígla og vestur tvö hjörtu. Þá stökk norður í þrjú grönd og austur doblaði til refsingar, enda taldi hann að opnunin væri af venjulegum styrk. Hættulegt fyrir vestur að segja eins og hann hafi átt venjulega opnun. Suður sagði 4 ♦ og austur doblaði aftur til refsingar. Hann fékk hins vegar aðeins 2 slagi á tromp og samningurinn vannst með yfirslag og 14 impar græddir. Þrjú grönd vinnast að sjálfsögðu einnig því laufadrottningin er innkoma.

austurhofn.is

AUSTURHÖFN

HEIMSBORG VIÐ HÖFNINA









AUSTURHÖFN

101 REYKJAVÍK

Austurhöfn er **glæsileg bygging** með metnaðarfullri hönnun **á einstökum stað** á lifandi hafnarbakkanum við tónlistarhúsið Hörpu, í hjarta miðborgar Reykjavíkur. Allt það besta við borgarlífið er aðeins steinsnar í burtu. **Útsýnið er óviðjafnanlegt**, ýmist á fjallahringinn eða út á hafið með öllum sínum sviðbrigðum, höfnina eða nálægar borgargötur. Allar íbúðirnar eiga það sameiginlegt að **ekkert hefur verið til sparað** í efnisvali, sérsmíðuðum innréttingum, lýsingu, heimilistækjum og almenns frágangs að innan sem utan. Húsinu fylgir sérlega **fallegur inngarður** sem allir íbúar hússins hafa aðgang að. **Bílastæði fylgja flestum** íbúðum.

Allar íbúðir eru **búnar snjallheimiliskerfi** sem býður upp á ótalmargar leiðir til að laga heimilið að þörfum íbúa með stýringu ljósa, hitastigi, gluggatjöldum, sjónvarpi o.fl.

Íbúðir eru fáanlegar allt **frá 2ja herbergja íbúðum og stærri**. Hér eru nokkur dæmi.



Við Reykjastræti og inngarð Austurhafnar 130 fm

Stórar og einstakar 2ja herbergja íbúðir og einstaklega vel skipulagðar. Stofan er opin og stór og baðherbergið rúmgott með fataherbergi og stóru baðherbergi. Tvennar svalir opna íbúðina í tvær áttir og gefa góða birtu.

Fáanlegar frá 2. hæð upp að 5. hæð.

Verð frá **120 millj.**

Með útsýni að Hörpunni 103 fm

Íbúðirnar liggja meðfram göngugötu er leiðir að Hörpu. Stofan er opin og stór og baðherbergið rúmgott með fataherbergi og stóru baðherbergi. Tvennar svalir opna íbúðina í tvær áttir og gefa góða birtu.

Ótrúlega notalegar íbúðir fáanlegar frá annari hæð upp að fimmtu.

Verð frá **95 millj.**





Við Reykjastræti og inngarð Austurhafnar 72-75 fm

Bjartar og fallegar íbúðir sem eru vel skipulagðar, með útsýni yfir inngarð hússins sem veitir gott næði.

Fáanlegar á annarri, þriðju og fjórðu hæð

Verð frá **73,5 millj.**

Við Geirsgötu 50 fm

Úr forstofunni er gengið beint inn í bjarta stofu og eldhús. Svalirnar vísa í átt að iðandi miðbænum og veita jafnframt birtu inn í svefnherbergið.

Tvær íbúðir í boði.

Verð frá **59 millj.**





Við inngarð Austurhafnar 81 fm

Úr forstofunni er gengið beint inn í bjarta og stóra stofu. Úr svefnherberginu er gengt út á stórar svalir sem ná yfir allan endavegginn og snúa að líflegum miðbænum.

Fáanlegar á annarri, þriðju og fjórðu hæð

Verð frá **80,5 millj.**

Hafðu samband og bókaðu skoðun

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG

Sími 569 7000 | miklaborg.is

Ótrúlegt úrval af seríum

Skreyttu heimilið fyrir jólin



5.990 kr

Ljósahringur
200 LED,. 5 metrar frá hring að kló,IP44 hægt að nota úti og inni. 2703525



7.590 kr
60 cm, hlýtt hvítt. 2703544



2.290 kr
Inni- og útiseríur
40 LED, 80 LED, 120 LED eða 200 LED, margir litir. **14500340-14500351**



1.990 kr
Jólastjarna
Stór og flott.



11.790 kr
Klasasería, samtengjanleg
200 LED ljós, 5 m samtengjanlegar, hægt að tengja allta að 10 seríur, margir litir. **14500304-14500307**



1.990 kr 28%
~~2.790 kr~~
Aðventuljós
7 ljósa. **14500401-2**



2.990 kr
Aðventuljós
Hvítt hlýtt, 33 LED ljós. **10241192**

Jólagjafahugmyndir

Skoðaðu allt úrvalið á **husa.is**



5.995 kr 30%
~~8.595 kr~~
Skrúfjárn WX240
Rafhlaða 1.5Ah, USB hleðsla, kemur með 26 fylgihlum. **5170810**



21.745 kr
~~28.995 kr~~
Höggborvél 18V + 80 fylgihlutir
2 stk., 1.5Ah rafhlöður, hersla 40Nm, höggborvél, 2ja gíra, sn./mín., 0-360/1400, LED ljós. **5245564**

AEG
SPRENGIVERÐ
79.990 kr
~~89.990 kr~~
Þvottavél AEG 8 kg, 1400 sn. L6FBI48S
AEG þvottavél með kolalausum mótor. Prosense tæknin vigtar sjálfkrafa þyngd þvottar, velur ákjósanlegan þvottatíma, styttir þannig bæði tíma, vatn og orku. **1860502**





3.995 kr
~~5.995 kr~~
Bita- og borasett
100 stk. **5246112**



12.990 kr
Örbylgjuofn
BERK, 20 ltr., 700W. 5 styrkleikastillingar. 25,5 cm diskur, tímastillir, Smart Clean og Defrost stillingar. 25,7x 44,2x35,8 cm. **1860504**



3.699 kr
~~4.935 kr~~
Hnífasett ROSEWOOD
Hnífasett á segulstandi, 6 hnífar. **2002942**



9.229 kr
~~13.185 kr~~
Matvinnsluvél
Silfruð. **1841185**





3.839 kr
~~5.490 kr~~
Mínútugrill
Tristar. **1841219**

SAMSUNG 75" SPRENGIVERÐ



Aðeins
15 stk í boði

199.990 kr
Sjónvarp 4K
Vandað 75 tommu, 4K UHD sjónvarp með Crystal Display skjá, upplausn 3,840 x 2,160. **1860810**

Fæst í Skútuvogi og vefverslun

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

blómaval HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

Lengri helgaropnun
Selfoss, Akureyri og Reykjanesbær
Sjá husa.is

Opið til kl. 20:00 í Skútuvogi alla daga

JÓLASKRAUT

Eitt mesta úrval landsins

Jólablaðið er á husa.is



KRAKKAR



Konráð og félagar á ferð og flugi

430

„Jæja,“ sagði Kata og glotti. „Við verðum of sein!“ bætti hún við og hermdi eftir áhyggjurödd Konráðs sem óttaðist fátt meira en að vera of seinn. „Ég er búin að heyra þetta of oft og nenni ekki að heyra það einu sinni í viðbót.“ Konráð byrjaði að malda í móinn en hætti svo við. „Það gerir ekkert til að vera aðeins of sein,“ sagði Kata. „Það er aftur á móti gaman að glíma við að finna rétta leið í gegnum völundarhús.“ Hún bretti upp ermarnar. „Koma nú, inn með ykkur, ég finn réttu leiðina og sannið þið til, við verðum ekkert of sein,“ sagði Kata roggin um leið og hún arkaði inn í dimm göng völundarhússins.



Getur þú fundið leiðina í gegnum völundarhúsið?

Skrýtlur

Í gæludýrabúðinni:
Stelpa: „Ég ætla að fá fuglafræ.“
Afgreiðslukonan: „Hvað áttu marga fugla?“
Stelpan: „Enga enn, en ég ætla að sá fyrir nokkrum.“

Einu sinni voru tveir vitlausir karlar að hjálpast að við að þvo bíl. – Annar hélt á tuskunni og hinn keyrði bílinn fram og til baka.

Í skólanum:
Nemandi: Fyrst maður skrifar ýsa með ufsiloni, skrifar maður þá ufsi með ýsuloni?
Kennarinn: Hmm...

Tvær slöngur voru eitt sinn saman úti að skríða þegar önnur þeirra spurði - vandræðaleg:
„Erum við eiturslöngur?“
„Já, hvers vegna spyrðu?“ sagði sú sem var með henni.
„Æ, ég beit óvart í tunguna á mér.“

Listaverkið



Lundinn sæti, nefnist þessi mynd sem Hera Rut Árnadóttir, sex ára, teiknaði fríhendis. Ferðalag um landið í sumar veitti henni innblástur.



„Ég hef stundum hugsað um að verða flugmaður, kannski læri ég það,“ segir Karl Noah Machalle Bondalo. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Finnst fallegt fallegasta íslenska orðið

Karl Noah Machalle Bondalo er einn þeirra 70 reykvísku skólabarna sem fengu íslenskuverðlaun unga fólksins 16. nóvember. Hann er nemandi í Landakotsskóla.

Hvaðan ert þú upprunninn, Karl Noah? Frá Filippseyjum.

Vildir þú stundum óska að þú ættir heima þar? Nei, ég er ánægður á Íslandi.

Hversu lengi hefur þú átt heima á Íslandi? Ég fæddist hér og hef búið í Reykjavík allt mitt líf.

Hversu mörg tungumál kannt þú? Íslensku, ensku, smá frönsku, smá filippseysku, smá japönsku, smá dönsku. Mamma er filippseysk og við tölum saman á ensku, en ég tala íslensku við vini mína þó að þeir kunni líka ensku.

Hvert finnst þér vera fallegasta íslenska orðið? Mér finnst fallegt vera fallegasta orðið.

Hvernig væri það á þínu móðurmáli? Maganda.

Hvað finnst þér um veðrið á Íslandi? Það er ekki alltaf gott en mér finnst það samt þægilegt.

Hefur þú heimsótt Filippseyjar? Já, átta sinnum.

Er alltaf hlýtt og gott veður þar? Já, það er alltaf sól.

Hefur þú farið þangað þegar vetur er hér? Ég held ekki. Ég hef aldrei misst úr skóla þess vegna.

Mér finnst gaman að gera allt - vera með vinum, spila körfubolta, ég æfi með Val. Svo finnst mér líka gaman að vera heima með fjölskyldunni minni.

Hafið þið mamma þín ferðast um Ísland? Já, við förum einu sinni fyrst um Suðurland og svo norður.

Hvar fannst þér fallegast? Á Egilsstöðum, samt var smá rigning þegar við vorum þar.

Hvert er uppáhaldsfagið þitt í skólanum? Íþróttir, því að mér finnst rosalega gaman í leikjum og hreyfingu.

En leiðinlegasta? Mér finnst ekkert leiðinlegt, mér finnst bara gaman í skólanum.

Hver eru helstu áhugamálin þín? Mér finnst gaman að gera allt – vera með vinum, spila körfubolta, ég æfi með Val. Svo finnst mér líka gaman að vera heima með fjölskyldunni minni.

Hvað í heiminum langar þig mest að heimsækja? Norðurpólinn.

En hvað langar þig að verða þegar þú verður stór? Ég veit það ekki alveg, ég hef stundum hugsað um að verða flugmaður, kannski læri ég það.

BÓK OG HUGGULEGHEIT UM JÓLIN



Vonir, þrár og hversdagsleiki ólíks fólks fléttast saman með látlausum en áhrifamiklum hætti í fyrstu skáldsögu Ásdísar Höllu Bragadóttur.

Ein er djúp, sár og spennandi saga sem situr lengi í höfði lesandans.

4.689 kr.



Huldugáttin er 2. bókin í bálki Bobbie Peers um William Wenton og er æsispennandi, hugmyndarík og skemmtileg saga, sem lesendur, ungir sem aldnir, munu vart geta látið frá sér.

Ingunn Snædal þýddi.

3.399 kr.



Eva Björg Ægisdóttir sló eftirminnilega í gegn með fyrstu bók sinni Marrið í stiganum en fyrir hana hlaut hún glæpasagnaverðlaunin Svartfuglinn árið 2018. Útgáfurétturinn á bókinni hefur verið seldur víða um heim. Hún hefur nú þegar komið út í Bretlandi og hlotið frábæra dóma.

4.759 kr.



Háspenna, lífshætta á Spáni er sjálfstætt framhald metsölubókarinnar Friðbergur forseti eftir Árna Árnason sem hlaut frábæra dóma. Árni sýnir hér svo ekki fer á milli mála að hann er barnabókahöfundur í fremstu röð sem kann að flétta saman æsispennandi atburðarás við knýjandi mál samtímans.

3.399 kr.



Einar Þór Jónsson vakti á sínum tíma þjóðarathygli fyrir skýra en hógværa framgöngu þegar hann steig fram sem talsmaður Geðhjálpar. Fáa grunaði þó að þessi látlausi og geðþekki maður ætti sér magnaða lífssögu að baki og háði á köflum sannkallaða baráttu fyrir lífi sínu.

5.099 kr.



Herra Hnetusmjör – Árni Páll Árnason – hefur verið eins og hvirfilbylur í íslensku tónlistarlífi á undanförnum árum. Lögum hans er streymt í milljónum skipta á tónlistarveitum og framganga hans á tónleikum hefur vakið mikla athygli og aðdáun.

Sóli Hólm skrifar Herra Hnetusmjör – hingað til.

4.689 kr.



Katrín Júlíusdóttir, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, sýnir hér á sér óvænta hlið. Hún hlaut glæpasagnaverðlaunin Svartfuglinn fyrir þessa mögnuðu sögu sem rígheldur lesandanum allt til óvæntra endalokanna.

4.759 kr.



Steinar J. Lúðvíksson er manna fróðastur um sjóslysasögu Íslands og er höfundur stórvirkisins Þrautgóðir á raunastund sem kom út í nítján bindum og naut mikilla vinsælda.

4.759 kr.



Glæsileg, myndskreytt útgáfa af Harry Potter og leyniklefinn í stóru broti og takmörkuðu upplagi. Jim Kay myndskreytir þetta fallega ævintýri. Áður kom Harry Potter og viskusteinninn í sömu seríu með myndum hans.

6.799 kr.



Manngerð eiturefni af ýmsu tagi eru orðin hluti af daglegu lífi okkar. Stundum vitum við af þeim en oftar eru þau ósýnileg í vörum sem við höldum að séu skaðlausar. Og þau eru úti um allt; í matvælum, drykkjarvatni, leikföngum, húsgögnum, snyrtivörum og fatnaði, svo eitthvað sé nefnt.

3.739 kr.



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

netto
Lægra verð – léttari innkaup

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
3 °C | 3 ↓	3 °C | 10 ↙	2 °C | 8 ↘
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
3 °C | 3 ↘	3 °C | 8 ↘	-2 °C | 6 ↓

Minnkandi norðlæg átt og áfram rigning eða snjókoma um landið norðanvert í dag, en þurrt að kalla sunnan heiða. Norðan 5-13 og úrkomuminna síðdegis. Hiti -2 til +3 gráður.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík	2 °C | 1 ↖	-2 °C | 2 ↙	-1 °C | 2 ↙	-2 °C | 4 ↖	4 °C | 7 ↑
Ísafjörður	-2 °C | 3 ↑	-1 °C | 1 ↑	2 °C | 3 ↙	-3 °C | 2 ↑	4 °C | 4 ↖
Akureyri	-2 °C | 2 ↑	-10 °C | 1 ↑	1 °C | 1 ↘	-6 °C | 2 ↑	2 °C | 1 ↖
Egilsstaðir	-2 °C | 1 ↑	0 °C | 1 ↓	1 °C | 6 ↓	-5 °C | 3 ↘	3 °C | 5 ↖
Kirkjubæjarklaustur	2 °C | 3 ↙	1 °C | 3 ↘	1 °C | 3 ↘	-5 °C | 4 ↘	3 °C | 5 ↑
Hveravellir	-5 °C | 4 ↘	-7 °C | 6 ↓	-5 °C | 7 ↓	-12 °C | 3 ↗	0 °C | 9 ↑

★★★★

„Spennandi og vel skrifuð barnabók sem sver sig í ætt við skandinavísku hefðina og hefur alla burði til að verða sígild.“

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★

„Bókin er ævintýralega skemmtileg og húmorinn skín í gegn á hverri síðu.“

KATRÍN LILJA JÓNSDÓTTIR / LESTRARKLEFINN



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is

Ábendingahnappinn má finna á

Barnaheill.is



INHOPE insafe SAFT

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



RAFMAGNAÐ ÆVINTÝRI MEÐ ALVÖRU 4X4

Við stöndum við forsöluverðin til áramóta þrátt fyrir gengisveikingu.*
Frumsýning í nóvember. Opið sunnudaga 12-16. Miðvikudag og fimmtudag til 20**



4xe

JEEP RENEGADE PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.499.000 KR.*
Verður 6.192.000 kr. eftir áramót miðað við gengi í dag og hækkun VSK 1. jan.



4xe

JEEP COMPASS PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.999.000 KR.*
Verður 6.723.000 kr. eftir áramót miðað við gengi í dag og hækkun VSK 1. jan.

Einu rafknúnu Plug-In Hybrid jepparnir í sínum stærðarflokki með lágt drif.
Ótrúlegt verð á bílum hlöðnum lúxusbúnaði.

**Vegna samkomutakmarkana er lengri opnunartími til 20:00 miðvikudaga og fimmtudaga og 12-16 laugardaga og sunnudaga. Hægt er að panta reynsluakstur utan opnunartíma á reynsluakstur@isband.is

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

*Gildir meðan birgðir endast, hvítur Renegade, svartur Compass Limited. Gengi á tilboðsverði USD 132.

Betri saga en hægt var að skálda

Davíð Logi Sigurðsson segir hádramatíska sögu í bók sinni Þegar heimurinn lokaðist. Hann ætlaði fyrst að skrifa skáldsögu um mjög spennandi efni, en í staðinn varð til sönn saga fyrir venjulegt bókafólk.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Þegar heimurinn lokaðist. Petsamo-ferð Íslendinga 1940, er ný bók eftir Davíð Loga Sigurðsson. Þegar ferðir milli Íslands og Evrópu lögðust af vegna styrjaldarinnar voru víða um lönd Íslendingar sem þráðu að komast heim. Þjóðverjar og Bretar samþykktu að senda mætti Esjuna, til að sækja fólkið í einni ferð. Davíð Logi segir sanna sögu af þrjúhundruð Íslendingum, sem lögðu í sögulega hættuför frá Norðurlöndum og meginlandi Evrópu til Petsamo við Norður-Íshafið.

Dramatískur efniviður

„Þegar ég byrjaði að skrifa hafði ég fullan hug á því að þetta yrði skáldsaga. Ég var með nokkrar raunverulegar persónur í huga sem mig langaði til að nota sem fyrirmyndir, byggja við og fylla inn í eyður. Efniviðurinn er sannarlega nægilega dramatískur," segir Davíð Logi. „Við höfum um borð í Esjunni á leið heim frá Petsamo ungan Íslending sem er orðinn stuðningsmaður nasistanna og siglir heim með vafasöm áform.

Við erum með fátæka grasekkju, Elínu Söebech, sem mætt hafði einstökum áskorunum í persónulega lífinu en gerðist síðar ljóðskáld og gaf út þrjár bækur án þess að hennar merki hafi verið haldið á lofti. Við höfum líka fyrstu íslensku blaðakonuna, Þórunni Hafstein, sem festist inni í Kaupmannahöfn um vorið.

Við höfum gamla skipstjórann á Gullfossi, Sigurð Pétursson, sem naut á sinni tíð meiri virðingar á Íslandi en flestir aðrir menn; inn í huga hans vildi ég rýna þar sem hann sat fastur á skipi sínu og fékk hvergi að fara, ekki frekar en aðrir úr áhöfn skipsins. Varð svo að skilja skipið sitt eftir, sem hann var bundinn tryggðaböndum, og sá aldrei aftur.

Við erum með Gísla Jónsson, síðar alþingismann, bróður Guðmundar Kamban skálds, sem varð svo óþreyjufullur þegar biðin eftir ferðinni heim, eftir Petsamo-ferðinni, dróst á langinn, að hann riggaði upp eigin fararkosti, litlum vélbát, Frekjunni, og sigldi heim ásamt sex öðrum.

Við erum líka með Lárus Pálsson leikara sem hafði verið að gera það gott á leiksviðinu í Kaupmannahöfn en aðhylltist kommúnisma og sá sína sæng upp reidda þegar Þjóðverjar voru komnir til Danmerkur. Pétur Pétursson hafði verið í gleriðnaðarnámi í Antwerpen í Belgíu en flúði þegar leiftursókn Þjóðverja hófst inn Niðurlöndin og Frakkland um vorið, fór til Dunkirk meðal annars, en komst lífs af og hélt heim um haustið um Petsamo. Og Leif Muller höfum við í Osló sem líka leiddist biðin, en kaus að fara á endanum hvergi þegar færið loksins gafst – og fékk að súpa seyðið af því, endaði í fangabúðum nasista. Við höfum líka Georgíu sendiherrafrú og síðar húsfreyju á Bessastöðum – og Tryggva „svörfuð" Sveinbjörnsson sem var nýbúinn að þurfa að una því að meistari Þórbergur gerði hann að kómískri persónu í sinni bók, Íslenskum aðli. Tryggvi og Jón Krabbe léku lykilhlutverk í því að Petsamo-ferðin komst í kring, með störfum sínum í sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn."

> KARAKTERARNIR ERU ÞARNA OG ÚTILOKAÐ FYRIR MIG AÐ BETRUMBÆTA NOKKURN SKAPAÐAN HLUT.

Fyrir venjulegt bókafólk

Davíð Logi hætti við að skrifa skáldsögu. Spurður um ástæðuna segir hann: „Sannleikurinn var eiginlega betri saga en hægt var að skálda eða sem ég að minnsta kosti treysti mér til að skrifa. Mér fannst líka hæpið að skálda allt of mikið í eyðurnar, nema með því að breyta nöfnum fólks. Og þá hefði svo margt glatast. Karakterarnir eru þarna og útilokað fyrir mig að betrumbæta nokkurn skapaðan hlut."

Davíð segir að bókin hafi fæðst í allra upprunalegasta formi sínu sem eins konar útdráttur að leikinni sjónvarpsþáttaröð. „Ég hafði heyrt Skarphéðin Guðmundsson, dagskrárstjóra í Sjónvarpinu, tala um að norrænu ríkissjónvarpsstöðvarnar væru að leita að heppilegum verkefnum sem þær gætu framleitt saman. Og ég hugsaði með mér að það væri varla til heppilegra verkefni en einmitt Petsamo-ferðin – saga sem í reynd gerist í öllum Norðurlöndunum fimm; í Danmörku og Noregi þegar Þjóðverjar hernema löndin 9. apríl 1940, með áherslu á Kaupmannahöfn, enda Íslendingar flestir þar af borgum Norðurlandanna. Í Svíþjóð – því að þangað lá leið Íslendinganna þegar loks var hægt að koma ferðinni í kring – og í Finnlandi, frá suðri til norðurs, alla leið til íshafshafnarinnar í Petsamo. Og auðvitað að síðustu á Íslandi, með viðkomu á Orkneyjum.

Ég hef alltaf verið áhugamaður um kvikmyndir og sjónvarpsefni og finnst þetta enn þá alveg frábær hugmynd að leiknu efni, alveg burtséð frá því hver myndi vinna það. Sem að vísu yrði gríðarlega kostnaðarsamt og flókið.

Þegar til kom hófst ég því handa við að skrifa þessa bók. Þegar aðrir eru ekki að grípa hugmyndirnar á lofti verður maður bara að gera hlutina sjálfur – í þessu formi, fyrst annað er ekki á boðstólum.

Hins vegar gerði ég mitt besta til að skrifa þessa bók nánast sem reyfara. Hafði kaflana stutta og með afmarkaðan fókus, hvern og einn, gerði mitt besta til að gera þetta eins lesvænt og hægt var. Fyrir venjulegt bókafólk, ekki sagnfræðinörda."



Efniviðurinn er sannarlega nægilega dramatískur, segir Davíð Logi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrirlestur um Vísnabókina

Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir, lektor verður með hádegisfyrirlestur í opnu streymi í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands þriðjudaginn 24. nóvember þar sem hún fjallar um sögu og gildi Vísnabókarinnar. Bókin hefur sérstöðu meðal íslenskra barnabóka og Anna Þorbjörg veltir upp spurningum um framtíð hennar í þeim ríka myndheimi sem nútímabörn alast upp við.

Allt frá því að Vísnabókin kom fyrst út árið 1946, eða í nærri sjötíu og fimm ár, hefur hún notið mikilla vinsælda og hefur margsinnis verið endurútgefin, nú síðast á þessu ári. Myndir teiknarans Halldórs Péturssonar (1916 – 1977) eiga ríkan þátt í vinsældum bókarinnar.

Anna Þorbjörg þekkir Vísnabókina eins og lófann á sér. Hún er lektor í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands þar sem hún kennir verðandi leik- og grunnskólakennurum meðal annars barnabókmenntir.

Fyrirlesturinn verður í opnu streymi fyrir alla að njóta. Hann verður fluttur í gegnum Teams livestream og nánari upplýsingar eru á heimasíðu safnsins.

Myndin sem sést hér til hægri er viðfræg mynd Halldórs Péturssonar af Grýlu með pokann sinn.



GLÆSILEGAR NÝJAR ÍBÚÐIR



LIND FASTEIGNASALA KYNNIR NÝJAR OG GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR VIÐ SKÓGARVEG 6-8 Í FOSSVOGSDALNUM Í REYKJAVÍK







- Vandaðar innréttingar, myndavéladyrasími, gólfhiti. Sér þvottahús í flestum íbúðum. Öll hjónaherbergi með fataherbergi.
- Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna en flísar verða á votrýmum.
- Húsið er steinsteypt, einangrað að utan og klætt með álklæðningu. Timbur-álgluggar.
- Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu.

Stærð: **73,7-144,4 fm**
Herbergi: **2-4**
Verð frá: **44.900.000 kr.**

Afhending er áætluð í lok árs 2021 og vor 2022.

Byggingaraðili: Dverghamrar ehf. Stofnað 1986 · Byggingarfyrirtæki

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR



Lára Þyri Eggertsdóttir
Lögg. fasteignasali
B.A. í lögfræði
899 3335
lara@fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 - Sími: 510 7900 - www.fastlind.is

(M)Einsemd farsóttarinnar

BÆKUR

Ein

★★½☆☆

Ásdís Halla Bragadóttir

Útgefandi: Veröld
Fjöldi síðna: 225

Skáldsagan Ein eftir Ásdísi Höllu Bragadóttur er hluti af jólabókaflóðinu í ár. Um er að ræða fyrstu skáldsögu Ásdísar Höllu sem áður hefur gefið frá sér minningabækurnar Tvísaga og Hornauga.

Þessi fyrsta skáldsaga Ásdísar er samtímasaga sem fjallar um einmanaleikann á tímum veiru og volæðis, eitthvað sem þetta ár hefur svo sannarlega boðið upp á. Lesandi fær að kynnast þremur ólíkum sögupersónum sem tengjast á sinn hátt. Í miðju sögulínunnar er Sólrún, ungur stjórnmálafræðinemi frá Ísafirði sem starfar í heimaþjónustu fyrir eldri borgara. Þegar sagan hefst hefur Sólrún fundið einn af skjólstæðingum sínum látinn í baðkarinu heima hjá sér. Stjórnmálafræðineminn áttar sig fljótt á að eitthvað gruggugt er við dauða Elísu, eða sendiherrafrúarinnar eins og hún er gjarnan kölluð, en Sólrún er óviss hvernig bregðast skal við.



Á sama tíma glímir Klara, ungur læknir og einkadóttir Elísu við afleiðingar COVID-19 faraldursins í New York. Lesandi fær að skyggnast í fortíð Klöru og fjölskyldu hennar sem er nokkuð skrautleg. Síðast en ekki síst fær lesandi að skyggnast inn í hugarheim Friðriks, annars skjólstæðings Sólrúnar og baráttu hans við minningarnar. Fljótlega kemur í ljós að ekki er allt sem sýnist hjá söguhetjunum þremur og það sem lesandi telur í upphafi er ekki endanleg niðurstaða verksins.

Sem fyrr segir staðsetur Ásdís Halla skáldsöguna vel í tíma og rúmi. Þetta verður því líklega með fyrstu skáldsögum sem lesendur lesa sem tæklar COVID faraldurinn, afleiðingar hans og hugarástand landsmanna nær og fjær. Lesturinn verður fyrir vikið nokkuð ljúfsár, enda gæti sagan verið að eiga sér stað akkúrat núna. Framvinda verksins er vel skrifuð og fléttan nokkuð spennandi án þess að fara of geyst þar sem lesandi fær að skipta inn í hugarheim söguhetjanna til skiptis.

Einmanaleiki er helsta þema verksins því allir einstaklingarnir þrír glíma við einmanaleika á sinn hátt. Sögulínan sjálf, frá upphafi til enda er í raun ekki nema kannski klukkutími þrátt fyrir að lesandi fái að ferðast fram og til baka í hugarheimi höfuðpersónanna. Í upphafi Ein býður Ásdís upp á öll helstu einkennismerki glæpasögunnar, lík á floti, einhver virðist vera með óhreint mjöl í pokahorninu og forvitnileg fortíð. Þegar líða fer á verkið kemur hins vegar í ljós að sagan mun að öllum líkindum ekki bjóða upp á þá hröðu framvindu sem glæpasögur gera gjarnan. Sem gæti verið ágætis tilbreyting fyrir suma. Hins vegar eru persónurnar ekkert gífurlega spennandi og ekki verið að finna upp hjólið hér með neinu. Það sem kannski helst situr eftir er einmanaleikinn sem að hefur verið í deiglunni á COVID-tímum og lesandi situr eftir og vill hringja í mömmu sína.

Bryndís Silja Pálmadóttir

NIÐURSTAÐA: Spennusaga um einmanaleika á COVID-tímum sem fær lesanda til að vilja hringja í foreldra sína.

Fundin efni og hversdagsleiki

Ólöf Helga Helgadóttir sýnir verk sín í Gerðarsafni. Yfirskriftin er Hrist ryk á steini. Listaverkin á sýningunni eru þrjú og listakonan segir að þau eigi að spila saman og skapa heild.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Hrist ryk á steini er yfirskrift sýningar Ólafar Helgu Helgadóttur sem stendur yfir í Gerðarsafni. Titillinn hripaði Ólöf á blað þegar hún hristist um holótta vegi landsins í aftursætinu: Hrist ryk á steini.

Í sýningarskrá segir: „Húmor og dægurmenning einkenna verk Ólafar og við sjáum vísanir í listasöguna í mínímalískum en glettnum skúlptúrum hennar þar sem fundin efni og hversdagsleiki fá nýja vídd í sýningarsalnum.“ Einnig segir: „Í verkum sínum ýtir Ólöf hversdagslegu efni út fyrir sitt hefðbundna hlutverk og varpar þannig óvæntu ljósi á kunnugleg sjónarhorn. Efnið sem hún notar hefur auk þess oft sögulega merkingu sem er mjög persónuleg.“

Þrjú verk eru á sýningunni. Þegar gestir koma inn í salinn blasa við þeim stórglæsilegar rauðar gardínur. „Þessar gardínur héngu uppi á æskuheimili mínu í Grindavík um 1980. Ég man að þegar sólin skein varð birtan í húsinu rauðleit. Þegar mamma ætlaði svo að henda þeim tók ég þær,“ segir Ólöf. „Það var eitthvað við þær sem heillaði mig. Ég vissi ekki nákvæmlega hvað ég ætlaði að gera við þær, en hugsaði með mér að tíminn myndi leiða það í ljós. Núna eru þær hér á sýningunni nálægt gluggum og þegar sólin skín skapast rauðleit birta.“

Annað verk á sýningunni heitir Skúlptúr étur skúlptúr. „Það er samansett af tveimur eldri verkum sem ég sýndi á samsýningu í Listasafni Árnesinga árið 2015. Um er að ræða plasthólk utan af teiknirúllu og inni í verkinu er pappír sem ég eignaðist þegar ég var að vinna á Landspítalanum. Þetta voru tveir sjálfstæðir skúlptúrar sem hafa nú sameinast.“

Þriðja verkið er myndbandsverk þar sem lottókúlur og þvottavél koma meðal annars við sögu. Hljóðrás myndbandsins er unnin af raflistakonunni Plasmabell.



Ólöf við gluggatjöldin sem héngu á æskuheimili hennar. MYND/STEFÁN

„ÉG VILDI HAFA FÆRRI VERK EN FLEIRI OG NÝTI EINUNGIS GÓLFRÝMIÐ, NOTA EKKI VEGGINA.

„Maður fær ekki oft tækifæri til að sýna í svona stórum sal. Öll verkin spila saman og eiga að skapa heildstæða sýningu. Ég vildi hafa færri verk en fleiri og nýti einungis gólfrýmið, nota ekki veggina,“ segir listakonan.

Ólöf Helga útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2005 og lauk mastersnámi í myndlist frá Slade School of Fine Art í London árið 2010. Árið 2001 stundaði hún örnám við Kvikmyndaskóla Íslands. Hún býr og starfar á Siglufirði.

Sýningin er hluti af sýningaröð Gerðasafns, Skúlptúr/Skúlptúr.

Skúlptúr / Skúlptúr

Með sýningunni Skúlptúr skúlptúr skúlptúr á Kjarvalsstöðum árið 1994 var leitast við að svara áleitnum spurningum um hvar íslensk höggmyndalist væri stödd eftir miklar sviptingar á því sviði árin áður. Sýningaröð Gerðarsafns sem með yfirskriftinni Skúlptúr / Skúlptúr vísar til þessarar tímamótasýningar og reynir að velta upp þessari spurningu aftur og aftur: Hvar er íslensk höggmyndalist stödd og í hvaða átt stefnir hún? Listamennirnir sem sýna verk sín leggja til að svarað sé með framúrstefnulegri tilraunamennsku í hversdagsleg efni og óþrjótandi leik- og sköpunargleði. Gestum sýninganna er því boðið til skúlptúrskemmtunar í Gerðarsafni.



Vatnslitamynd á sýningunni.

Andstæður á sýningu

Mánudaginn 23. nóvember næstkomandi opnar Vatnslitafélag Íslands sýningu í Listasal Mosfellsbæjar. Sýningin heitir Andstæður og það er jafnframt þema hennar. Vatnslitafélag Íslands er nýstofnað félag um 200 vatnslitamálara. Félagsmönnum var boðið að senda inn verk og valdi sjálfstæð dómnefnd erlendra listamanna þau verk sem til sýnis verða á Andstæðum. Sýnd verða 64 verk eftir 47 listamenn.

Listasalur Mosfellsbæjar er staðsettur inn af Bókasafni Mosfellsbæjar og er opinn á afgreiðslutíma þess, kl. 12-18 á virkum dögum og kl. 12-16 á laugardögum. Síðasti sýningardagur er 20. desember.

Brot úr örlögum

BÆKUR

Fjarvera þín er myrkur

★★★½☆

Jón Kalman Stefánsson

Útgefandi: Benedikt
Fjöldi síðna: 491

Hver ritar fortíð okkar og framtíð? Hvað stýrir örlögum okkar?

Í nýjustu skáldsögu Jóns Kalmans Stefánssonar, Fjarvera þín er myrkur, má heyra kunnugleg stef úr fyrri verkum höfundar. Hér er á ferð saga um minningar og gleymsku, og hvernig augnablik fortíðar búa í beinum okkar, löngu eftir að þau eiga sér stað. Margvíslegar persónur stíga fram og teygir persónugalleríið sig tæpar tvær aldir aftur í tímann, kynslóð fram af kynslóð. Við fáum að kynnast manneskjum sem hafa skapað sér líf á Ströndum fyrir vestan, rétt við Hólmavík. Í upphafi sögunnar hittum við fyrir sögumanninn ónefnda sem staddur er í gamalli sveitakirkju og virðist hann hafa tapað öllum minningum sínum. Á bekk fyrir aftan hann situr annar ókunnur maður sem á eftir að fylgja okkur í gegnum bókina og hefur órætt hlutverk innan frásagnarinnar. Hægt og rólega bætist í persónuflóruna eftir því sem minningarnar safnast saman hjá sögumanninum dularfulla og við blasir heildstæð saga af margbrotnum manneskjum sem hver á sinn minningabanka.

Jón Kalman er þekktur fyrir leik sinn með stöðu sögumannsins í skáldsögum sínum og á það einnig við hér og leiðir hann okkur um frásögnina í skipulagðri óreiðu. Þemu sem birtast ítrekað í verkum Jóns Kalmans; stærð heimsins, ómur fortíðar og titrandi ástin og treginn sem yfirtekur allt, eru svo sannarlega allsráðandi hér og mynda brú á milli bóka hans. Textinn er áferðarfagur og verða aðdáendur höfundarins ekki sviknir af þessu nýjasta útspili hans.

Tónlist er áberandi í sögunni og smám saman safnast í ágætis lagalista eftir því sem líður á bókina, „lagalista dauðans“, sem tekinn er svo saman á síðustu blaðsíðum bókarinnar. Ýmsir tónlistarmenn koma þar saman hvaðanæva að úr tónlistarsögunni; Bob Dylan, GDRN, David Bowie, Regina Spektor, Kanye West og Olga Guðrún svo dæmi séu tekin. Það er því ekki vitlaus hugmynd að hafa Spotify við höndina við lesturinn og fylgja persónunum hægt og rólega í gegnum listann.

Það er síðan blessuð kynhvötin sem virðist stýra persónunum umfram allt, svo sterkt að sumum þætti nóg um. Setningar Jóns Kalmans eru oft og tíðum eins og þær innihaldi ákveðinn töframátt, þótt orðskrúðinu og tilfinningaflóðinu sé á köflum heldur ofaukið. Að því leyti eru sögupersónurnar ekki beint trúverðugar, en lífið er ef til vill skemmtilegra ef við trúum því að innra með ruddalegasta kotbónda búi tilfinningasemi á stærð við alheiminn.

Guðrún Baldvinsdóttir

NIÐURSTAÐA: Fjarvera þín er myrkur er falleg saga af fjölbreyttum og djúpum persónum.



★★★★★

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„... heillandi, átakanleg og áhrifamikil glæpaskáldsaga af bestu gerð [...] Arnaldur í essinu sínu.“

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Hann er fagmaður, hann kann þetta.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN



Margslungin og spennandi glæpasaga um ofbeldi og varnarleysi, stórar fórnir og afdrifaríkar misgjörðir.

Innbundin | Rafbók | Hljóðbók

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10 – 19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**

bauhaus.is

BAUHAUS®



Nú getur þú hringt og pantað vörurnar sem þig vantar í BAUHAUS í síma **515-0800**



A hólf

Timbursala
Hellur
Múrefni
Einangrun
Pallaefni
Plötur

B hólf

Parket
Gluggar og hurðir
Flísar
Baðland
Upplýsingaborð
Salerni

C hólf

Vélar og verkfæri
Háþrýstidælur
Plastkassar
Hillur og hilluefni
Hreinsiefni
Bílavörur

D hólf

Ljós
Ljósaperur
Rafmagnsefni
Málningarvörur
Filmur og veggfóður
Teppi

E hólf

Jólaljós
Jólavörur
Grill og fylgihlutir
Garðaland
Garðverkfæri
Silkiblóm

Opið virka daga frá kl.08.00-19.00 og um helgar frá kl.10.00-18.00.

Í ljósi aðstæðna með hámarksfjölda viðskiptavina höfum við þurft að loka af verslun okkar til að geta þjónustað fleiri. Athugaðu að nú eru inngangarnir fleiri og mismunandi vörur í hverju hólfi. Ekki er innangengt á milli hólfa og ef versla á vörur sem ekki eru í sama hólfi þarf að greiða fyrst fyrir vörur í einu hólfi og fara svo út til að færa sig yfir í næsta hólf. Vertu búinn að kynna þér hvert þú átt að fara áður en þú kemur til að heimsóknin verði sem styst.

